

RÍKISREIKNINGUR 2015

HEILDARYFIRLIT

fjs Fjársýsla
ríkisins



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTI

RÍKISREIKNINGUR
2015

fjs



HEILDARYFIRLIT

Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert
- O talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... niðurstaða ekki marktæk
- , komma aðskilur heila tölu og aukastafi

Stytting fjárhæða

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölu vegna styttingar talna. Fjárhæðir eru stytta vélrænt. Heildarsamtölur eru stytta sérstaklega.

ISSN 2251-5119

Útlit: Hið Opinbera!



Umbrot og prentvinnsla: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangsorð fjármála- og efnahagsráðherra	5
Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2015	7
Áritun fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra	19
Áritun ríkisendurskoðanda	21
Yfirlitsreikningur A-hluta ríkissjóðs	23
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymi	26
Skýringar með reikningi A-hluta ríkissjóðs	27
1. Ríkisreikningur og reikningskilareglur ríkisaðila	29
2. Tekjujöfnuður og lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs	32
3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs	33
4. Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	36
5. Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	37
6. Skattur á fjármagnstekjur	38
7. Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	39
8. Eignarskattar	39
9. Virðisaukaskattur	41
10. Vörugjöld	42
11. Sértekir þjónustuskattar	43
12. Neyslu- og leyfisskattar	44
13. Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	45
14. Aðrir skattar	46
15. Tryggingagjöld	47
16. Fjárframlög	48
17. Vaxtatekjur	48
18. Arðgreiðslur	49
19. Ýmsar eignatekjur	50
20. Neyslu- og leyfisgjöld	51
21. Sektir og skaðabætur	52
22. Ýmsar tekjur	53
23. Sala efnislegra eigna	54
24. Tekjur af peningalegum eignum	54
25. Gjöld A-hluta ríkissjóðs	55
26. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins	63
27. Gjöld forsætisráðuneytis	64
28. Gjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis	65
29. Gjöld utanríkisráðuneytis	66
30. Gjöld atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis	67
31. Gjöld innanríkisráðuneytis	68
32. Gjöld velferðarráðuneytis	70
33. Gjöld fjármála- og efnahagsráðuneytis	73

34. Gjöld umhverfis- og auðlindaráðuneytis	76
35. Fjármagnskostnaður	77
36. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum	78
37. Erlent stofnfé	81
38. Veitt löng lán	82
39. Vöru- og efnisbirgðir	83
40. Óinnheimtar ríkistekjur	84
41. Veitt stutt lán og aðrar skammtímakröfur	85
42. Handbært fé, nettó	86
43. Eigið fé	87
44. Lífeyrisskuldbindingar	91
45. Tekin löng lán	94
46. Krafa á ríkistekjur	96
47. Ógreidd gjöld (án vaxta)	97
48. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir	98
49. Tekin stutt lán	98
50. Aðrar skammtímaskuldir	99

Séryfirlit A-hluta ríkissjóðs 101

1. Tekjur ríkissjóðs — sundurliðun	103
2. Gjöld ráðuneyta og stofnana	108
3. Útkoma ráðuneyta og stofnana gagnvart fjárheimildum	118
4. Tekjur ráðuneyta og stofnana	129
5. Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum	136
6. Millifærslur fjárheimilda innan A-hluta	145
7. Skattastyrkir eftir skatttegundum	158
8. Skattastyrkir eftir málaflokkum	159
9. Markaðar tekjur rétthafa	160
10. Sala efnislegra eigna	163
11. Veitt og tekin lán A-hluta	164
12. Ríkisbréf, verðtryggð	166
13. Ríkisbréf, óverðtryggð	167
14. Lánaendurgreiðslur út lánstímann	168
15. Eignaskrá ríkisins	169
16. Skuldbindandi langtímasamningar	170

Lykiltölur úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta 181

Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs	182
B-hluti. Ríkisfyrirtæki	183
C-hluti. Lánastofnanir ríkisins	184
D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins	185
E-hluti. Hlutafélög og sameignarfélög að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs	186

INNGANGSORÐ FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA

Stöðugleiki í efnahagsumhverfinu, öflugur hagvöxtur og aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa á undanförunum misserum stutt mjög við kaupmáttaraukningu almennings og bætt afkomu ríkissjóðs. Í samræmi við ábyrga stjórn ríkisfjármála var stefnt að jákvæðum heildarjöfnuði ríkissjóðs á árinu 2015 og endurspeglaði sú stefna að tekist hafði með markvissum aðgerðum að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Sjálfvirk skuldasöfnun ríkissjóðs hafði verið stöðvuð árið áður, en fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014 var fyrsta hallalausla frumvarpið frá árinu 2007.

Ríkisreikningur fyrir árið 2015 liggur nú fyrir og eru helstu niðurstöður hans að tekjujöfnuður ársins var jákvæður um 20 ma.kr. sem er í samræmi við áætlanir. Til samanburðar var tekjujöfnuður ársins 2014 jákvæður um 46,4 ma.kr. Tekjurnar árið 2015 voru nokkuð umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Það skýrist af arðgreiðslum fjármálafyrirtækja og styrkari skattstofnum vegna aukinna umsvifa í þjóðfélaginu og var tekið tillit til þessarar aukningar í fjárukalögum. Gjöldin voru nokkuð umfram heimildir fjárlaga en auknar heimildir voru samþykktar með fjárukalögum ársins til að mæta m.a. auknum útgjöldum vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna og gerðardóms, fjármagnsskattgreiðslum ríkissjóðs og öðrum þáttum. Frumjöfnuður ríkissjóðs var jákvæður um 3,8% af landsframleiðslu á árinu á móti 5,3% árið áður. Á árinu 2015 var ríkissjóður með hreinan lánsfjárafgang sem nam um 1,9% af landsframleiðslu, samanborið við 3,9% lánsfjárafgang árið áður. Þetta er svipuð niðurstaða og gert hafði verið ráð fyrir. Í fjárlögum var hreinn lánsfjárafgangur áætlaður 1,1% af vergri landsframleiðslu en 1,9% með breytingu í fjárukalögum.

Mikilvægt er að áfram verði unnið að niðurgreiðslu skulda og þar með lægri vaxtabyrði ríkissjóðs til að skapa svigrúm til að takast á við ýmis aðkallandi verkefni og skuldbindingar. Slíkt skilar íslensku samfélagi miklum ábata þegar fram í sækir. Verkefnið fram undan er að tryggja áframhaldandi árangur í ríkisfjármálum. Fjármálastefna og fjármálaáætlun eiga að byggja undir jafnvægi í efnahagslífi og stöðugleika fyrir fyrirtæki og heimili sem og hið opinbera. Þannig skapast svigrúm til umbóta og úrbóta í þjónustu fyrir almenning og styrkari stoðum er skotið undir efnahagsbatann og batnandi lífskjör fólks í landinu.



UPPGJÖR OG AFKOMA RÍKISSJÓÐS 2015

Ríkisreikningur er settur fram í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Í ríkisreikningi hverju sinni skal birta upplýsingar úr ársreikningum allra ríkisaðila. Uppbygging reikningsins tekur að miklu leyti mið af framsetningu ársreikninga fyrirtækja eftir því sem við á og innan marka laga um fjárreiður ríkisins. Ný lög um opinber fjármál tóku gildi í ársbyrjun 2016 en í bráðabirgðaákvæði l í lögnum er áhrifum þeirra á uppgjör ríkisreiknings frestað þar til árið 2017 og gilda því ákvæði fjárreiðulaganna fyrir reikninga árunna 2015 og 2016. Ríkisreikningurinn nú er því í samræmi við eldri lög og það hvernig hann hefur verið unninn undanfarin ár. Breytingar sem fylgja nýjum lögum verða síðan verulegar og verða skýrðar frekar út síðar.

Reikningurinn fyrir árið 2015 er settur fram í tveimur hlutum.

- a) *Ríkisreikningur 2015 – Heildaryfirlit* þar sem sýnd er afkoma allra ríkisaðila. Þar kemur fram vísir að samstæðureikningi fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild og samanburður á útkomu við fjárheimildir hjá einstökum liðum. Innbyrðis viðskiptum milli sviða og deilda innan stofnunar er eytt út en ekki á milli aðila innan A-hluta. Jafnframt eru í ríkisreikningi sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ.e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga í E-hluta.
- b) *Ríkisreikningur 2015 – Ársreikningar ríkisaðila* sýnir reikninga einstakra A-hluta aðila og helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

Afkoma ríkissjóðs

Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem endurskoðuð var í lok febrúar 2016 er hagvöxtur hér á landi áætlaður um 4,0% fyrir árið 2015.

Er það fimmta árið í röð því landsframleiðslan jókst um 2,0% árið 2014, 4,4% árið 2013, 1,2% árið 2012 og 2,0% árið 2011. Umsvifin í hagkerfinu voru því mikil en þrátt fyrir það var afgangur af viðskiptum við útlönd sjöunda árið í röð og nam afgangur þjónustu- og vöruviðskipta 7,0% af landsframleiðslu samanborið við 6,2% afgang árið á undan. Þessa stöðu má að mestu leyti rekja til mikils bata í viðskiptakjörum og vaxtar í ferðaþjónustu þrátt fyrir talsverða aukningu innflutnings.

Innlend eftirspurn jókst á öllum sviðum á árinu 2015. Talið er að einkaneysla hafi aukist um 4,8%, samneysla um 1,1% og fjárfesting í heild um 18,6%. Fjárfesting hins opinbera jókst um 1,1%, fjárfesting í íbúðarhúsnæði lækkaði um 3,1% og hjá atvinnuvegum jókst fjárfesting um 29,5%. Heildarútflytningur jókst um 3,1% en á móti jókst innflutningur um 9,9%.

Aukinn hagvöxtur, innlend eftirspurn og tekjumyndun í efnahagslífinu endurspeglast í bættri afkomu ríkissjóðs. Áframhaldandi bati er á afkomunni sem er jákvæð annað árið í röð og nam tekjuafgangurinn 20,0 milljörðum króna á árinu eða um 2,9% af tekjum ársins. Árið 2014 nam afgangurinn 46,4 milljörðum króna eða um 6,7% af tekjum ársins. Afkoma undanfarinna tveggja ára er veruleg umbreyting frá því sem var í kjölfar hrunsins og jákvætt að sjá að búið sé að ná jafnvægi í undirliggjandi rekstri ríkissjóðs.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður ríkisfjármálanna á árinu 2015 og þær bornar saman við áætlanir sem lagt var upp með við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2015. Yfirlit 1 sýnir fjármál ríkissjóðs árin 2015 og 2014 ásamt samanburði við áætlanir fjárlaga og fjáraukalaga fyrir árið 2015.

Yfirlit 1. Fjármál ríkissjóðs 2015 og 2014

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Fjárhæð	Frávik %	Fjárlög 2015	Reikningur 2014
Tekjur samtals	686.565	685.460	1.105	0,2	653.693	688.894
Gjöld samtals	666.528	664.497	2.031	0,3	650.114	642.490
Tekjur umfram gjöld	20.038	20.964	-926	.	3.579	46.404
Frumjöfnuður	83.292	82.118	1.174	.	67.856	106.360
Lánsfjárafgangur/lánsfjárbörf, nettó (+/-)	41.267	42.492	-1.225	.	24.367	78.746
Tekin lán, nettó	-154.625	-146.700	-7.925	.	-40.200	11.170
Innlend lán	-47.860	5.020
Erlend lán	-106.765	6.150
Breyting á handbæru fé	-113.358	-104.208	-9.150	.	-15.833	89.916
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %						
Tekjur samtals	31,1	31,1	.	.	29,6	34,4
Gjöld samtals	30,2	30,1	.	.	29,5	32,1
Tekjur umfram gjöld	0,9	1,0	.	.	0,2	2,3
Frumjöfnuður	3,8	3,7	.	.	3,1	5,3
Lánsfjárafgangur/lánsfjárbörf, nettó (+/-)	1,9	1,9	.	.	1,1	3,9

Yfirlitið sýnir að ríkissjóður var með 20,0 milljarða króna tekjuafgang árið 2015 samanborið við 46,4 milljarða króna afgang árið á undan. Afkoman á árinu 2015 var almennt nokkru jákvæðari en upphaflegar áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir en uppfærð áætlun sem samþykkt var í fjárukalögum ársins 2015 gerði ráð fyrir tekjuafgangi upp á 21,0 milljarða króna.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2015, sem samþykkt voru á Alþingi í desember árið 2014, var gert ráð fyrir 3,5 milljarða króna afgangi. Við afgreiðslu fjárukalaga fyrir árið 2015 í desember sl. var svo afkoman endurmetin og var þá gert ráð fyrir að tekjur myndu aukast um 31,8 milljarða króna og gjöldin um 14,4 milljarða króna sem skilaði afgangi upp á 21,0 milljarða króna eða um 0,9% af landsframleiðslu.

Eins og áður segir sýnir niðurstaða ársins 20,0 milljarða króna tekjuafgang sem er svipuð útkoma og gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárukalaga í desember sl. Tekjur ríkissjóðs reyndust 1,1 milljarði króna hærrí en áætlað var á þeim tíma og námu 686,6 milljörðum króna en fjárukalög fólu í sér verulega hækkun tekna frá fjárlögum ársins eða um 31,8 milljörðum króna. Heildartekjur ársins jukust því um 5,0% frá áætlunum í fjárlögum en 0,2% frá uppfærðri áætlun í fjárukalögum. Heildargjöld voru 2,0 milljörðum króna hærrí en áætlun fjárlaga og fjárukalaga gerði ráð fyrir og námu 666,5 milljörðum króna. Við afgreiðslu fjárukalaga voru fjárheimildir gjalda hækkadar um 14,4 milljarða króna frá fjárlögum ársins og eru því heildargjöldin nú 16,4 milljörðum króna hærrí en heimildir fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Frumjöfnuðurinn, þ.e. tekjujöfnuður að frátöldum fjármagnkostnaði og fjármagnstekjum, var jákvæður um 83,3 milljarða króna á árinu

2015 en árið á undan var hann jákvæður um 106,4 milljarða króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu var frumjöfnuðurinn jákvæður um 3,8% árið 2015 samanborið við 5,3% árið 2014. Við afgreiðslu fjárukalaga í desember var frumjöfnuðurinn áætlaður jákvæður um 82,1 milljarða króna, um 3,7% af landsframleiðslu.

Árið 2015 var ríkissjóður með lánsfjárafgang sem nam 1,9% af landsframleiðslu samanborið við 3,9% lánsfjárafgang árið á undan. Niðurstaðan á árinu 2015 var svipuð og áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Við afgreiðslu fjárlaga var hreinn lánsfjárafgangur áætlaður 1,1% en áætlunin hækkaði í 1,9% lánsfjárafgang við samþykkt fjárukalaga í desember sl.

Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs á árinu 2015 námu 686,6 milljörðum króna og jafngildir það 31,1% af landsframleiðslu ársins. Árið 2014 námu tekjurnar 688,9 milljörðum króna eða 34,4% af landsframleiðslu. Lækkun tekna nam 2,3 milljörðum króna á milli ára eða um 0,3%. Meðalvísitala neysliverðs hækkaði um 1,6% á milli árunna 2014 og 2015, þannig að tekjurnar lækkuðu um 1,9% að raungildi á milli ára.

Við afgreiðslu fjárukalaga í desember sl. voru tekjur ársins áætlaðar 685,5 milljarðar króna. Útkoma ársins reyndist því 1,1 milljörðum króna hærrí en sú áætlun gerði ráð fyrir eða um 0,2%. Hækkun áætlaðra tekna ríkissjóðs í fjárukalögum fól í sér verulega hækkun frá fjárlögum ársins eða um 31,8 milljarða króna. Helstu breytingar fólust í hækkun á áætlunum tekjuskatti lögaðila 6,9 milljörðum króna, áætlunum skatti á fjármagnstekjum 6,8 milljarða króna og áætlunum arðgreiðslum 14,9 milljörðum króna. Þá var

áætlað að tekjur af virðisaukaskatti myndu aukast um 3,6 milljarða króna, tekjur af vörugjöldum um 2,8 milljarða króna, tekjur af eignarsköttum um 1,5 milljarða króna og tekjuskattar einstaklinga um 1,3 milljarða króna. Á móti þessu var áætlað að vaxtatekjur ríkissjóðs myndu lækka um 2,1 milljarða króna og aðrar eignatekjur

um 2,6 milljarða króna. Þegar fjárukalög voru samþykkt í desember lágu þessar tekjubreytingar að stórum hluta fyrir.

Yfirlit 2 sýnir útkomu tekna ríkissjóðs samanborið við upphaflega áætlun í fjárlögum og einnig eftir afgreiðslu fjárukalaga 2015.

Yfirlit 2. Samanburður útkomu og áætlana um tekjur ríkissjóðs á árinu 2015

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Fjárlög 2015	Frávik	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Frávik
Skatttekjur og tryggingagjöld	622.438	599.369	23.069	621.192	1.246
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	132.713	126.700	6.013	128.000	4.713
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	58.584	60.300	-1.716	67.200	-8.616
Skattur á fjármagnstekjur	38.798	29.360	9.438	36.200	2.598
Eignarskattar	8.786	6.999	1.787	8.459	327
Virðisaukaskattur	182.527	174.900	7.627	178.500	4.027
Vörugjöld	56.909	54.039	2.870	56.798	112
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	31.914	34.700	-2.786	33.700	-1.786
Aðrir skattar	32.500	33.088	-588	33.292	-792
Tryggingagjöld	79.707	79.283	424	79.043	664
Aðrar tekjur	61.728	52.127	9.601	62.330	-603
Vaxtatekjur	16.094	18.205	-2.112	16.076	17
Arðgreiðslur	31.067	16.077	14.991	31.013	54
Annað	14.567	17.845	-3.278	15.241	-674
Fjárframlög	1.940	1.398	543	1.438	503
Sala efnislegra eigna	460	800	-340	500	-40
Tekjur af peningalegum eignum	-	-	-	-	-
Tekjur ríkissjóðs samtals	686.565	653.693	32.872	685.460	1.106

Hækkun áætlunar tekna af tekjusköttum einstaklinga í fjárukalögum var rakin til aukinnar vinnuafleifisþrúna og hækkunar á launavísitölunni. Auknar tekjur af tekjuskatti lögaðila voru byggðar á álagningu opinberra gjalda í októberlok og skýrast með auknum umsvifum og bættum rekstri fyrirtækja. Sérstakur fjársýsluskattur sem lagður var á slitabú fallinna fjármálafyrirtækja dróst saman frá fjárlögum. Hækkun arðgreiðslna skýrist einkum af hækkun á arðgreiðslum frá fjármálafyrirtækjum í eigu ríkissjóðs.

Útkoma tekna ríkissjóðs á árinu 2015 sýnir að í krónum talið drógust þær saman um 2,3 milljarða króna frá fyrra ári eða

um 0,3%. Mest hækkun er í tekjum af virðisaukaskatti 22,6 milljarðar króna, tekjuskatti einstaklinga 13,3 milljarðar króna, fjármagnstekjuskatti 8,2 milljarðar króna og tryggingagjöldum 6,3 milljarðar króna. Lækkun tekna á einstökum liðum er mest um 14,1 milljarðar króna á tekjuskatti lögaðila, arðgreiðslum um 13,1 milljarðar króna, eignarsköttum 8,7 milljarðar króna, öðrum sköttum 5,5 milljarðar króna og öðrum eignatekjum 4,6 milljarðar króna. Yfirlit 3 sýnir breytingu tekna ríkissjóðs á milli ára og hlutfallslega samsetningu þeirra.

Yfirlit 3. Tekjur ríkissjóðs árin 2014 og 2015

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Raun- breyting, %	Hlutfall, % 2015	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	622.438	601.814	1,8	90,7	87,4
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	132.713	119.377	9,4	19,3	17,3
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	58.584	72.646	-20,6	8,5	10,5
Skattur á fjármagnstekjur	38.798	30.564	24,9	5,7	4,4
Eignarskattar	8.786	17.455	-50,5	1,3	2,5
Virðisaukaskattur	182.527	159.934	12,3	26,6	23,2
Vörugjöld	56.909	57.521	-2,6	8,3	8,3
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	31.914	36.472	-13,9	4,6	5,3
Aðrir skattar	32.500	34.413	-7,0	4,7	5,0
Tryggingagjöld	79.707	73.432	6,8	11,6	10,7
Aðrar tekjur	61.728	82.518	-26,4	9,0	12,0
Vaxtatekjur	16.094	18.598	-14,8	2,3	2,7
Arðgreiðslur	31.067	44.128	-30,7	4,5	6,4
Annað	14.567	19.792	-27,6	2,1	2,9
Fjárframlög	1.940	2.343	-18,5	0,3	0,3
Sala efnislegra eigna	460	962	-52,9	0,1	0,1
Tekjur af peningalegum eignum	-	1.256	-100,0	-	0,2
Tekjur ríkissjóðs samtals	686.565	688.894	-1,9	100,0	100,0

Tekjuskattur einstaklinga. Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga námu 132,7 milljörðum króna árið 2015 samanborið við 119,4 milljarða króna árið á undan. Hækkun á milli ára var 11,2% eða um 9,4% að raungildi.

Tekjuskattur lögaðila. Tekjur námu 58,6 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 72,6 milljarða króna árið áður. Lækkun var því á milli ára sem nam 14,1 milljörðum króna eða 19,4%. Að raungildi lækkuðu tekjurnar um 20,7% á milli ára. Þessi lækkun milli ára skýrist að stærstum hluta af skattbreytingum á árinu 2015 vegna fyrri ára.

Skattur á fjármagnstekjur. Tekjurnar námu 38,8 milljörðum króna árið 2015 samanborið við 30,6 milljarða króna árið á undan, þar af jukust greiðslur ríkissjóðs úr 7,2 milljörðum króna árið 2014 í 8,1 milljarða króna á árinu 2015. Tekjur af fjármagnstekjuskatti jukust um 24,9% að raungildi á milli ára.

Eignarskattar. Tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum námu alls 8,8 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 17,5 milljarða króna árið á undan. Lækkun á milli ára nam 50,5% að raungildi þar sem mestu munar um að ekki var lagður á auðlegðarskattur á árinu 2015 en á árinu 2014 skilaði hann 10,8 milljörðum króna. Tekjur af eignarsköttum skiptust þannig að stimpilgjald skilaði 4,3 milljörðum króna, erfðafjárskattur 2,9 milljörðum króna og aðrar tekjur 1,5 milljörðum króna.

Virðisaukaskattur. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti námu 182,5

milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 159,9 milljarða króna árið 2014. Að raungildi hækkuðu tekjurnar um 12,3%.

Vörugjöld. Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum voru 56,9 milljarðar króna á árinu 2015 en þau námu 57,5 milljörðum króna á árinu 2014. Tekjurnar lækkuðu um 2,7% að raungildi á milli ára.

Skattur á fjármálastofnanir. Þessi tekjustofn er jafnan nefndur bankaskattur, en tekjur af honum námu 31,9 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 36,5 milljarða króna árið 2014.

Tryggingagjöld. Launagreiðendur greiða sérstakt gjald af greiddum vinnulaunum, bóknunum, hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi, mótfamlagi í lífeyrissjóð og öðrum hliðstæðum greiðslum. Tekjur af tryggingagjöldum námu 79,7 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 73,4 milljarða króna árið 2014. Hækkun um 6,8% að raungildi á milli ára.

Vaxtatekjur. Vaxtatekjur ríkissjóðs lækkuðu úr 18,6 milljörðum króna árið 2014 í 16,1 milljarða króna árið 2015. Að raungildi lækkuðu tekjurnar um 14,9% á milli ára.


Arðgreiðslur. Tekjur af arði frá fyrirtækjum og stofnunum í eigu ríkisins námu 31,1 milljarði króna á árinu 2015 og lækkuðu um 13,1 milljarða króna frá árinu á undan. Þessi breyting á milli ára skýrist að mestu með því að á árinu 2014 var tekjufærður hagnaður og innborgun á hluta af óráðstöfuðu eigin fé Seðlabanka Íslands sem ekki var til staðar á árinu 2015.

Tekjur ríkissjóðs í heild skiptust hlutfallslega þannig á árinu 2015 (svígatölur fyrir árið 2014): skatttekjur og tryggingagjöld 90,7% (87,4%), aðrar tekjur 9,0% (12,0%), fjárframlög 0,3% (0,3%), sala efnislegra eigna 0,1% (0,1%) og tekjur af peningalegum eignum 0,0% (0,2%). Af einstökum tekjustofnum ríkissjóðs er virðisaukaskattur veigamestur en hann skilaði 26,6% (23,2%) af tekjunum, tekjuskattar

einstaklinga 19,3% (17,3%), tryggingagjöld 11,6% (10,7%), tekjuskattar lögaðila 8,5% (10,5%), vörugjöld 8,3% (8,3%), skattur á fjármagnstekjur 5,7% (4,4%), og arðgreiðslur 4,5% (6,4%).

Mynd 1 sýnir hlutfallslegt vægi helstu tekjustofna ríkissjóðs á árinu 2015.

Mynd 1. Tekjur ríkissjóðs 2015, %



Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2015 að fjárhæð 666,5 milljarðar króna svara til 30,2% af landsframleiðslu ársins. Árið 2014 námu gjöldin 642,5 milljörðum króna eða 32,1% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam 24,0 milljörðum króna og er það hækkun um 2,1% að raungildi miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Samanburður útkomu og fjárheimilda. Heildarfjárheimildir til ráðstöfunar á ári hverju samanstanda af fjárheimildum ársins samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 673,1 milljörðum króna, þar af voru samþykktar fjárheimildir ársins 664,5 milljarðar króna og fluttar fjárheimildir frá árinu 2014 samtals 8,6 milljarðar króna. Samþykktar fjárheimildir ársins voru 650,1 milljarður króna við afgreiðslu fjárlaga í desember 2014 og 14,4 milljarðar króna við afgreiðslu fjárukalaga í desember 2015.

Hækkun fjárheimilda í fjárukalögum 2015 að fjárhæð 14,4 milljarðar króna skýrast að stórum hluta með nokkrum þáttum: a) 3,0 milljörðum króna vegna útgjalda Vegagerðarinnar; b) 3,1 milljarðar króna vegna fjármagnstekjuskatts af auknum arðgreiðslum til ríkissjóðs, c) 3,0 milljarðar króna vegna endurmats á útgjöldum sjúkratrygginga og d) 3,0 milljarðar króna vegna ófyrirséðra útgjalda. Á móti þessum hækkunum kom svo 5,3 milljarða króna lækkun á fjármagnskostnaði ríkissjóðs frá áætlan fjárlaga.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2015 að fjárhæð 666,5 milljarða króna voru því 6,6 milljarða króna eða 1,0% undir heildarfjárheimildum ársins. Við samanburð á útkomu og fjárheimildum er mikilvægt að hafa í huga að frávik eiga sér margvíslegar skýringar. Í því samhengi má nefna sértæk útgjöld sem eru háð hagsveiflunni hverju sinni, útgjöld sem eru bundin ákvæðum laga og reglugerða eða útgjöld sem ráðast af stjórnun rekstrareininga. Í yfirliti 4 er leitast við að sýna frávik útkomu og fjárheimilda út frá þessum þáttum.

Yfirlit 4. Samanburður útkomu og fjárheimilda árið 2015

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Fjárlög 2015	Frávik	Heildar- fjárheimildir 2015	Frávik
Rekstrargjöld ráðuneyta og ríkisstofnana	208.924	204.199	4.726	212.288	-3.363
Laun	160.160	147.059	13.101	149.869	10.291
Önnur útgjöld að frádregnum sértekjum	48.764	57.140	-8.375	62.419	-13.654
Vöru- og þjónustukaup utan ríkisins	46.067	43.495	2.571	45.128	939
Háskólar og framhaldsskólar	8.117	7.426	692	8.121	-3
Hjúkrunar-, öldrunar- og endurhæfingastofnanir	28.196	26.747	1.449	27.050	1.145
Annað	9.753	9.323	431	9.957	-203
Sértök gjöld	116.980	109.756	7.224	109.310	7.670
Fjármagnskostnaður	79.348	82.483	-3.135	77.231	2.117
Lífeyrisskuldbindingar	19.788	10.013	9.775	11.679	8.109
Afskriftir skattkrafna	9.790	12.000	-2.210	12.000	-2.210
Fjármagnstekjuskattur	8.054	5.260	2.794	8.400	-346
Ýmis útgjöld bundin lögum og reglugerðum	206.588	204.743	1.845	207.905	-1.318
Lífeyrstryggingar	74.972	74.892	81	74.892	81
Sjúkratryggingar	30.307	26.990	3.317	29.548	759
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	18.812	17.921	891	18.852	-40
Niðurfærsla á verðtrygðum húsnæðisskuldum heimila	18.458	18.385	73	19.143	-685
Barna- og vaxtabætur	17.560	18.700	-1.140	17.900	-340
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	13.591	13.787	-196	13.787	-196
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	12.500	12.487	13	12.538	-37
Atvinnuleysistryggingasjóður	11.103	12.249	-1.145	11.749	-645
Fæðingarorlof	9.284	9.332	-48	9.497	-213
Ýmsar rekstrar- og neyslutilfærslur	48.639	47.530	1.110	51.846	-3.207
Viðhald	11.791	10.061	1.730	7.989	3.802
Stofnkostnaður	15.805	14.548	1.257	18.179	-2.374
Ýmsar fjármagnstilfærslur	11.734	15.784	-4.050	20.497	-8.762
Gjöld samtals	666.528	650.114	16.413	673.142	-6.614

Yfirlitið sýnir raungjöld ársins 2015, samanborið við annars vegar fjárlög 2015 og hins vegar heildarfjárheimildir ársins, þar sem samankoma fjárlög, fjárukalög og fluttar fjárheimildir frá árinu 2014. Rétt er að vekja athygli á nokkrum eftirtektarverðum þáttum sem fram koma í yfirlitinu:


- Rekstrarkostnaður ríkisins var innan við þriðjung af heildarútgjöldum á árinu 2015. Þar af námu launagjöld ríkissjóðs 160,2 milljörðum króna eða 24,0%.
- Ýmis útgjöld sem bundin eru lögum og reglugerðum skýra um þriðjung útgjalda og munar þar mest um útgjöld vegna

lífeyris- og sjúkratrygginga sem námu 105,3 milljörðum króna eða 15,8% af heildarútgjöldum.

- Vöru- og þjónustukaup ríkissjóðs af aðilum sem veita opinbera þjónustu, yfirleitt með samningum, námu 46,1 milljörðum króna eða 6,9% af útgjöldum ríkissjóðs
- Fjármagnskostnaður ríkissjóðs var einn af stærstu einstöku kostnaðarliðum ársins og nam hann 79,3 milljörðum króna á árinu 2015 eða um 11,9% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Gjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum. Hlutfallsleg samsetningu gjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum á árinu 2015 er sýnd í Mynd 2.

Mynd 2. Gjöld ríkissjóðs 2015, %



Útgjöld til heilbrigðismála, almannatrygginga og velferðarmála og menntamála vega þungt hjá ríkissjóði og námu þau alls 354,0 milljörðum króna eða 53,1% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2015. Árið 2014 námu gjöld þessara málaflokka 332,9 milljörðum króna eða 51,8%. Hækkun á milli ára nemur 6,3% eða um 4,6% að raungildi.

Almannatryggingar og velferðarmál. Gjöld til þessa málaflokks námu 142,2 milljörðum króna eða 21,3% af gjöldum ríkissjóðs. Árið 2014 voru gjöld til þessa málaflokks 139,4 milljarðar króna eða 21,7%. Hækkun á milli ára nam 2,8 milljarði króna eða um 0,4% að raungildi. Undir þennan málaflokk falla meðal annars útgjöld vegna örorku og fötlunar 39,2 milljarðar króna, öldrunarmála 50,9 milljarðar króna, fjölskyldu- og barnamála 24,0 milljarðar króna, atvinnuleysis 11,8 milljarðar króna og vaxtabóta 7,2 milljarðar króna.

Heilbrigðismál. Framlög til þessa málaflokks námu 152,5 milljörðum króna eða 22,9% af gjöldum ríkissjóðs. Árið 2014 voru gjöldin 139,9 milljarðar króna eða 21,8%. Hækkun á milli ára nam 12,6 milljörðum króna en að raungildi hækkuðu gjöldin um 7,3%. Af gjöldum sem falla undir þennan málaflokk má nefna sjúkrahúsaþjónustu 64,6 milljarð króna, heilsugæslu 32,8 milljarða króna, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir 31,2 milljarða króna og lyf og lækningavörur 19,0 milljarða króna.

Menntamál. Framlög til þessa málaflokks námu 59,2 milljörðum króna eða 8,9% af gjöldum ríkissjóðs. Árið 2014 voru gjöld til þessa málaflokks 53,6 milljarðar króna eða 8,3%. Hækkun á milli ára nam 5,6 milljörðum króna eða um 8,7% að raungildi. Hér er einkum um að ræða útgjöld til háskólastigsins 29,3 milljarða króna og framhaldsskólastigsins 25,1 milljarða króna.

Efnahags- og atvinnumál. Gjöld til þessa málaflokks námu 86,2 milljörðum króna eða 12,9% af gjöldum ríkissjóðs. Árið 2014 voru gjöld til þessa málaflokks 100,8 milljarðar króna eða 15,7%. Gjöldin lækkuðu því um 14,6 milljarða króna á milli ára eða um 15,7% að raungildi. Skýrist sú lækkun með framlögum vegna niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila sem drógust saman um 17,3 milljarða króna milli ára. Upphaflega var lagt upp með að niðurfærslan myndi gjaldfærast á 4 árum (2014-2017) en á árinu 2014 var tekin ákvörðun um að gjaldfæra ígildi tveggja ára og stytta tímabilið í þrjú ár (2014-2016). Undir þennan málaflokk falla einnig framlög til samgöngumála 28,4 milljarðar króna og greiðslur vegna landbúnaðar 15,0 milljarðar króna.

Aðrir gjaldaliðir námu samtals 226,4 milljörðum króna eða 34,0% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2015. Árið 2014 námu þessi gjöld 208,8 milljörðum króna eða 32,5%. Aukning á milli ára nam 17,5 milljörðum króna eða um 6,7% að raungildi. Af veigamiklum útgjöldum sem falla hér undir á árinu 2015 eru fjármagnskostnaður 79,3 milljarðar króna, lífeyrisskuldbindingar 19,0 milljarðar króna, afskriftir skattkrafna 9,8 milljarðar króna, framlög til lög- og réttagæslu 23,2 milljarðar króna, framlög til jöfnunarsjóðs sveitafélaga 18,8 milljarðar króna og framlög til menningar- og félagsmála 20,1 milljarðar króna.

Gjöld ríkissjóðs eftir hagrænu eðli. Hagræn skipting gjalda ríkissjóðs á árinu 2015 var þannig að rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 42,4% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar af námu launagjöld 24,0%, lífeyrisskuldbindingar 3,0%, fjármagnstekjuskattur 1,2%, önnur gjöld 21,0% og sértekjur til lækkunar gjöldum 6,7%. Önnur útgjöld ríkissjóðs skiptust þannig að fjármagnskostnaður nam 11,9%, rekstrar- og neyslutilfærslur 37,0%, viðhaldsgjöld 1,8%, stofnkostnaður 2,4% og fjármagnstilfærslur 4,5%.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 282,8 milljarði króna á árinu 2015 samanborið við 250,1 milljarða króna árið á undan. Hækkun á milli ára nemur 32,8 milljörðum króna eða 11,3% að raungildi miðað við neyslúvísitöluna. Launakostnaður ríkissjóðs að meðtöldum lífeyrisskuldbindingum hækkuðu um 28,0 milljarða króna á árinu 2015 eða úr 152,0 milljörðum króna árið 2014 í 180,0 milljarða króna, hækkun um 18,4%. Vísitala launa ríkisstarfsmanna hækkaði að meðaltali um 6,3% á milli áruna 2014 og 2015 samanborið við 1,6% hækkun á vísitölu neysluverðs. Reiknað út frá launavísitölu ríkisstarfsmanna eykst launakostnaðurinn um 11,1% að raungildi á milli ára.

Fjármagnskostnaður ríkisins hækkaði á árinu 2015 úr 78,6 milljörðum króna árið 2014 í 79,3 milljarða króna eða um 0,8 milljarða króna á milli ára.

Rekstrar- og neyslutilfærslur hækkuðu úr 246,4 milljörðum króna árið 2014 í 246,6 milljarða króna á árinu 2015 eða um 0,2 milljarða króna. Að teknu tilliti til vísitölu neysluverðs var raunlækkun milli ára um 1,5%. Helstu breytingar eru að útgjöld vegna lífeyris- og sjúkratrygginga aukast um 6,2 milljarða króna og framlag í jöfnunarsjóð sveitafélaga hækkar um 1,1 milljarð króna. Á móti dragast útgjöld atvinnuleysistryggingasjóðs saman um

2,5 milljarða króna, afskriftir skattkrafna dragast saman um 4,9 milljarða króna og vaxtabætur lækka um 1,2 milljarða króna milli ára.

Gjöld vegna viðhalds og stofnkostnaðar námu alls 27,6 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 24,7 milljarða króna árið á undan. Hækkun framlaga nam 2,9 milljörðum króna eða um 10,1% að raungildi á milli ára. Mest munar um útgjöld Vegagerðar sem námu 14,7 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 14,3 milljarða króna árið 2014.


Fjármagnstilfærslur lækka töluvert á milli ára eða úr 39,8 milljörðum króna á árinu 2014 í 30,2 milljarða króna árið 2015. Skýrist sú lækkun í aðalatriðum af framlagi til niðurfellingar á verðtryggðum húsnæðislánum sem dregst saman milli ára um 17,2 milljarða króna eins og áður hefur komið fram.

Lánamál A-hluta ríkissjóðs

Á undanförunum árum hefur tekjuafkoma og lánsfjárbörf ríkissjóðs sveiflast nokkuð á milli ára. Þetta kemur fram á mynd 3 en þar eru einnig sýnd heildargjöld og heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu 1996-2015.

Mynd 3. Lykilstærðir í fjármálum ríkissjóðs 1996-2015

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %



Töluverðar hreyfingar eru jafnan á lánareikningum ríkissjóðs enda er hann umsvifamikill á fjármagnsmarkaði. Árið 2014 nam hreinn lánsfjárfangangur ríkissjóðs 78,7 milljörðum króna eða 3,9% af landsframleiðslu. Heldur dró úr lánsfjárfangningnum á árinu 2015 þegar hann nam 41,3 milljörðum króna eða um 1,9% af

landsframleiðslu. Greidd lán umfram tekin lán námu samtals 154,6 milljörðum króna á árinu þar sem 47,9 milljarðar voru hreinar uppgreiðslur á innlendum lánum og 106,8 milljarðar króna á erlendum lánum. Tekin lán námu samtals 59,0 milljörðum króna og afborganir og uppgreiðslur samtals 213,6 milljörðum króna.

Samkvæmt áætlunum ríkissjóðs í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2015 var gert ráð töluverðum umsvifum ríkissjóðs á fjármagnsmarkaðnum. Í heild var gert ráð fyrir að uppgreidd lán umfram tekin myndu nema 146,7 milljörðum króna, heildarlántökur

voru áætlaðar 60,0 milljörðum króna og afborganir 206,7 milljarðar króna. Á sama tíma var miðað við að innheimtar afborganir af veittum lánum yrðu 25,3 milljörðum króna hærri en veitt lán.

Yfirlit 5. Veitt lán og tekin lán 2014 og 2015

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Frávik	Fjárlög 2015	Reikningur 2014
Veitt lán, nettó samtals	43.445	25.300	18.146	-2.400	5.208
Veitt stutt lán, nettó	-1	-	-1	-	14
Veitt löng lán	-11.239	-11.600	361	-12.100	12.953
Innheimtar afborganir	54.685	36.900	17.785	9.700	-7.759
Tekin lán samtals	58.958	60.000	-1.042	60.000	182.493
Innlend lán, stutt, nettó	3.894	.	.	.	4.380
Innlend lán, löng	57.705	.	.	.	61.675
Erlendar lántökur	-2.641	.	.	.	116.438
Afborganir af teknum löngum lánum	-213.583	-206.700	-6.883	-100.200	-171.322
Innlend lán, löng	-109.459	.	.	.	-61.035
Erlend lán, löng	-104.124	.	.	.	-110.288
Tekin lán, nettó samtals	-154.625	-146.700	-7.925	-40.200	11.170
Innlend lán, stutt, nettó	3.894	.	.	.	4.380
Innlend lán, löng	-51.754	.	.	.	640
Erlendar lántökur	-106.765	.	.	.	6.150

Samkvæmt yfirlitinu voru innheimtar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs töluvert meiri en ráð var fyrir gert. Hreinar afborganir af veittum lánum námu samtals 43,4 milljörðum króna en áætlun fjárlaga/fjárukalaga gerði ráð fyrir um 25,3 milljörðum kr. Hreinar afborganir af lánum reyndust 7,9 milljörðum króna meiri en áætlað var við samþykkt fjárukalaga.

Heildarlántökur ríkissjóðs námu 145,3 milljörðum króna og afborganir 299,9 milljörðum króna á árinu 2015. Tekin stutt lán námu 90,2 milljörðum króna og afborganir stuttra lána 86,4

milljörðum króna. Hrein lántaka með skammtímalánum nam því 3,9 milljörðum króna. Tekin löng námu 55,1 milljarði króna og afborganir 213,6 milljörðum króna. Innanlands var aflað 57,7 milljarða króna en greiddar afborganir upp á 109,5 milljarða króna. Innlendar lántökur til langs tíma voru að stærstum hluta í ríkisbréfum eða 56,5 milljarðar króna en afborganir af þeim voru 50,5 milljarðar króna. Þá voru greiddir samtals 55,0 milljarðar króna til afborgunar af skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands. Afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs námu 106,8 milljarði króna en ekki áttu sér stað erlendar lántökur á árinu 2015.

Yfirlit 6 sýnir stöðu á lánareikningum og umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 2015.


Yfirlit 6. Skuldir og veitt lán ríkissjóðs 2015

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
Tekin lán				
Stutt lán, ríkisvixlar o.fl.	25.966	3.894	-	29.860
Ríkisbréf, óverðtryggð	646.009	31.068	-	677.078
Ríkisbréf, verðtryggð	205.964	-25.134	4.208	185.038
Seðlabanki Íslands	144.950	-54.950	-	90.000
Önnur innlend lán	55.407	-2.739	1.053	53.721
Innlend lán samtals	1.078.295	-47.860	5.261	1.035.697
Erlend lán	414.192	-106.765	-2.438	304.990
Tekin lán samtals	1.492.488	-154.625	2.823	1.340.686
Lánveitingar				
Skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir	34.658	27.977	-	62.635
Veitt stutt lán	14	1	-	15
Veitt löng lán	168.278	-43.446	-963	123.870
Lánveitingar samtals	202.951	-15.468	-963	186.520
Tekin lán umfram lánveitingar	1.289.537	-139.157	3.786	1.154.166
Lífeyrisskuldbindingar	435.659	5.858	66.959	508.476
Hreinar skuldir	1.725.196	-133.299	70.745	1.662.643
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %				
Tekin lán samtals	74,5	-7,0	.	60,8
Par af erlendar skuldir	20,7	-4,8	.	13,8
Lánveitingar samtals	10,1	-0,7	.	8,5
Par af veitt löng lán	8,4	-2,0	.	5,6
Tekin lán umfram lánveitingar	64,4	-6,3	.	52,3
Lífeyrisskuldbindingar	21,7	0,3	.	23,1
Hreinar skuldir	86,1	-6,0	.	75,4

Hreinar skuldir ríkissjóðs eru skilgreindar hér sem staða tekinna lána og lífeyrisskuldbindinga umfram lánveitingar. Staða þeirra lækkaði um 62,6 milljarða króna á árinu 2015 eða úr 1.725,2 milljörðum króna í 1.662,6 milljarða króna. Þar af nam lækkun lána samtals 135,4 milljörðum króna en uppreiknaðar lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 72,8 milljarða króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækkuðu hreinar skuldir úr 86,1% í 75,4% á árinu 2015.

Staða tekinna lána ríkissjóðs lækkaði á árinu 2015 úr 1.492,5 milljörðum króna í 1.340,7 milljörðum króna eða um 151,8 milljarða króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækkaði staðan úr 74,5% í ársbyrjun í 60,8% í árslok.

Mynd 4. Tekin lán ríkissjóðs í árslok 2015, %



Mynd 4 sýnir samsetningu á stöðu tekinnna lána ríkissjóðs í árslok 2015. Innlend lán voru 77,3% af stöðu tekinnna lána. Þar af voru tekin stutt lán 2,2%, ríkisbréf 64,3%, skuld við Seðlabanka Íslands 6,7% og önnur lán 4,0%. Erlend lán voru 22,7% af stöðu tekinnna lána.

Staða innlendra skulda lækkaði úr 1.078,3 milljörðum króna í 1.035,7 milljarða króna og sem hlutfall af landsframleiðslu lækkaði staðan úr 53,8% í 47,0% á árinu 2015. Innlendar skuldir skiptust þannig í árslok 2015: tekin stutt lán 29,9 milljarðar króna, ríkisbréf 862,1 milljarðar króna, Seðlabanki Íslands 90,0 milljarðar króna og önnur lán 53,7 milljarðar króna.

Staða erlendra skulda ríkissjóðs lækkaði úr 414,2 milljörðum króna í ársbyrjun í 305,0 milljarða króna í árslok 2015 eða úr 20,7% af landsframleiðslu í 13,8% í árslok. Af erlendum skuldum í árslok voru 63,4% tengd bandaríkjadollar, 34,8% evru og 1,8% öðrum myntum.

Samkvæmt framangreindu námu langtímaskuldir ríkissjóðs 1.310,8 milljörðum króna í árslok 2015. Þar af voru óverðtryggð ríkisbréf 677,1 milljarðar króna eða 51,7%, verðtryggð ríkisbréf 185,0 milljarðar króna eða 14,1%, lán frá Seðlabanka Íslands 90,0

milljarðar króna eða 6,9%, önnur innlend lán 53,7 milljarðar króna eða 4,1% og erlendar skuldir 305,0 milljarðar króna eða 23,3%.

Lánveitingar eru skilgreindar hér sem veitt lán að viðbættum skammtímakröfum umfram skammtímaskuldir. Staða lánveitinga ríkissjóðs lækkaði á árinu 2015 úr 10,1% af vergri landsframleiðslu í 8,5%. Í krónum talið lækkaði staðan úr 203,0 milljörðum króna í ársbyrjun 2015 í 186,5 milljarða króna í árslok eða um 16,4 milljarða króna.

Í yfirlitinu kemur fram að staða tekinnna lána umfram lánveitingar lækkar um 135,4 milljarða króna á árinu 2015 eða úr 1.289,5 milljörðum króna í ársbyrjun í 1.154,2 milljarða króna í árslok. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækkaði staðan úr 64,4% í 52,3% á árinu 2015.

Loks hækkuðu líffeyrisskuldbindingar ríkissjóðs úr 435,7 milljörðum króna í 508,5 milljarða króna á árinu 2015 eða um 72,8 milljarða króna. Vísitala líffeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn, sem Hagstofa Íslands reiknar, hækkaði um 11,8% á árinu 2015. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu skuldbindingarnar úr 21,7% í 23,1%. Frekari umfjöllun um líffeyrisskuldbindingar ríkissjóðs er í skýringum 33 og 44.



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Forseti Alþingis
Einar K. Guðfinnsson
Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2016
Tilv.: FJR16050108/8.10.2

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, með síðari breytingum, hefur Fjársýsla ríkisins gert ríkisreikning fyrir árið 2015. Reikningurinn inniheldur samstæðuuppgjör fyrir A-hluta ríkissjóðs ásamt sjálfstæðu uppgjöri fyrir alla ríkisaðila og er hann gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins. Þá hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninginn með vísan til laga nr. 86, 27. maí 1997 um ríkisendurskoðun sbr. 43. gr. stjórnarskrár. Hér með staðfesta fjármála og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri hann með rafrænni undirritun sinni.

Reikningurinn sendist Alþingi hjálagður.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri

Fjármála- og efnahagsráðherra
Bjarni Benediktsson



Signed by:
Bjarni Benediktsson
Signing date:
01.06 2016 kl.10:05:31
Reason: Samþykkt

Fjársýslustjóri
Ingbór Karl Eiríksson



Signed by:
Ingbór Karl Eiríksson
Signing date:
01.06 2016 kl.10:06:08
Reason: Samþykkt

Áritun ríkisendurskoðanda

Til Alþingis

Ríkisendurskoðandi hefur endurskoðað ríkisreikning fyrir árið 2015. Reikningurinn tekur til ríkisaðila sem fara með ríkisvald og þeirra fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs. Ríkisreikningurinn hefur að geyma staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar vegna A-hluta ríkisreiknings. Jafnframt eru birtar lykiltölur úr ársreikningum ríkisfyrirtækja og sjóða í B – E hluta.

Ábyrgð á ríkisreikningi

Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ríkisreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Ábyrgð þeirra nær einnig til þess að viðeigandi innra eftirliti sé viðhaldið við gerð og framsetningu ríkisreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð þeirra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati í samræmi við lög og reglur.

Ábyrgð endurskoðanda

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun ber henni að endurskoða ríkisreikning og felst ábyrgð hennar í því álit sem hún lætur í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju hjá ríkisaðilum. Samkvæmt því ber henni að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ríkisreikningurinn sé án verulegra annmarka og að samkvæmni við lög og reglur sé gætt í starfsemi ríkisaðila í samræmi við eftirfarandi:

- ✓ Að reikningskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningskilavenju.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ríkisreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati Ríkisendurskoðunar, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ríkisreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda annars vegar um A-hluta stofnanir og hins vegar um ríkisfyrirtæki og sjóði og notaðar eru við gerð ríkisreikningsins og framsetningu hans í heild.

Ríkisendurskoðun telur að við endurskoðunina hafi hún aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit sitt.

Álit

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ríkisreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A- til E-hluta á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga, fjárreiður ríkisins og ákvæði til bráðabirgða í lögum um opinber fjármál.

Ábending

Bráðabirgðaákvæði I í lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, heimilar að uppgjör ríkisreiknings og framsetning hans fyrir árin 2015 og 2016 skuli vera í samræmi við ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þær reikningsskilavenjur sem notaðar hafa verið um uppgjör ríkisreiknings verði með sama hætti og verið hefur. Nýir reikningsskilastaðlar taki gildi frá og með árinu 2017.

Ríkisendurskoðun túlkar það svo að engar meginbreytingar á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings skuli gerðar þessi tvö ár þannig að réttmætar ábendingar fyrri ára um frávík frá ársreikningalögunum falli því niður.

Ríkisendurskoðun, 31. maí 2016.

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

(undirritað rafrænt)

Ríkisendurskoðandi
Sveinn Arason



Signed by:
Sveinn Arason
Signing date:
02.06 2016 kl.10:53:16
Reason: Samþykkt

RÍKISREIKNINGUR
2015

fjs



YFIRLITSREIKNINGUR
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

Rekstrarreikningur

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2015	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015	Reikningur 2014	
Tekjur						
Skatttekjur og tryggingagjöld						
	Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	4	132.713	128.000	126.700	119.377
	Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	5	58.584	67.200	60.300	72.646
	Skattur á fjármagnstekjur	6	38.798	36.200	29.360	30.564
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	7	6.638	6.748	6.829	6.994
	Eignarskattar	8	8.786	8.459	6.999	17.455
	Virðisaukaskattur	9	182.527	178.500	174.900	159.934
	Vörugjöld	10	56.909	56.798	54.039	57.521
	Sértækir þjónustuskattur	11	4.523	4.297	4.267	4.265
	Neyslu- og leyfisskattar	12	9.901	9.548	9.632	9.753
	Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	13	4.989	5.772	5.482	6.058
	Aðrir skattar	14	38.364	40.628	41.578	43.814
	Tryggingagjöld	15	79.707	79.043	79.283	73.432
	Skatttekjur og tryggingagjöld samtals		622.438	621.192	599.369	601.814
	Fjárframlög	16	1.940	1.438	1.398	2.343
Aðrar tekjur						
	Vaxtatekjur	17	16.094	16.076	18.205	18.598
	Arðgreiðslur	18	31.067	31.013	16.077	44.128
	Aðrar eignatekjur	19	4.487	5.572	8.212	9.036
	Neyslu- og leyfisgjöld	20	7.836	7.421	7.266	7.420
	Sektir og skaðabætur	21	2.149	2.204	2.291	3.202
	Ýmsar tekjur	22	96	45	75	134
	Aðrar tekjur samtals		61.728	62.331	52.127	82.518
	Sala efnislegra eigna	23	460	500	800	962
	Tekjur af peningalegum eignum	24	-	-	-	1.256
	Tekjur samtals	3	686.565	685.460	653.693	688.894
Gjöld						
	Æðsta stjórn ríkisins	26	4.452	4.531	4.289	4.212
	Forsætisráðuneyti	27	3.235	3.686	3.123	2.975
	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	28	76.348	78.122	72.945	68.719
	Utanríkisráðuneyti	29	11.346	12.186	11.512	11.519
	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	30	30.457	34.842	30.556	29.121
	Innanríkisráðuneyti	31	82.819	83.051	76.058	77.130
	Velferðarráðuneyti	32	275.402	276.190	271.955	258.560
	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	33	92.436	89.969	87.136	101.296
	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	34	10.685	13.334	10.059	10.404
	Fjármagnskostnaður	35	79.348	77.231	82.483	78.554
	Gjöld samtals	25	666.528	673.142	650.114	642.490
	Tekjujöfnuður	2	20.038	12.318	3.579	46.404

Efnahagsreikningur 31. desember

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Eignir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í fyrirtækjum	36	340.676	341.154
Erlent stofnfé	37	10.060	9.628
Veitt löng lán	38	116.885	159.104
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals		467.621	509.886
Veltufjármunir			
Vöru- og efnisbirgðir	39	1.900	2.098
Óinnheimtar ríkistekjur	40	115.380	115.167
Veitt stutt lán	41	15	14
Skammtímakröfur, aðrar	41	22.177	18.733
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	38	6.984	9.174
Handbært fé, nettó	42	397.391	512.717
Veltufjármunir samtals		543.847	657.903
Eignir samtals		1.011.468	1.167.789
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun		-859.600	-869.215
Endurmat		-72.935	-36.789
Breyting annars eigin fjár		-118	-
Tekjujöfnuður		20.038	46.404
Eigið fé í árslok	43	-912.616	-859.600
Skuldir			
Lífeyrisskuldbindingar	44	508.476	435.659
Langtímaskuldir			
Tekin löng innlend lán	45	925.325	994.191
Tekin löng erlend lán	45	235.327	408.483
Langtímaskuldir samtals		1.160.652	1.402.674
Skammtímaskuldir			
Krafa á ríkistekjur	46	447	501
Ógreidd gjöld (án vaxta)	47	19.837	50.630
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	48	29.709	28.508
Tekin stutt lán	49	29.860	25.966
Aðrar skammtímaskuldir	50	24.929	19.604
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	45	150.175	63.848
Skammtímaskuldir samtals		254.956	189.056
Skuldir og eigið fé samtals		1.011.468	1.167.789

Sjóðstreymi

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Fjárlög/ Fjáráukalög 2015	Fjárlög 2015	Reikningur 2014
Handbært fé frá rekstri				
Innheimta	674.263	671.068	629.390	652.931
Skatttekjur	532.746	530.421	501.194	512.633
Tryggingagjöld	77.941	77.042	77.067	72.658
Framlög	1.940	2.168	2.128	2.340
Aðrar tekjur	62.742	61.437	49.002	66.593
Viðskiptakröfur tengdar rekstri, breyting	-1.105	-	-	-1.293
Greiðslur	666.300	637.790	622.238	573.507
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	279.482	279.152	264.317	247.460
Rekstrar- og neyslutilfærslur	234.994	236.914	233.887	233.916
Fjármagnskostnaður	76.640	75.304	80.556	76.223
Viðhald	11.791	10.562	10.061	10.211
Fjármagnstilfærslur	64.702	35.858	33.417	6.172
Birgðir, breyting	-79	-	-	8
Viðskiptaskuldir tengdar rekstri, breyting	-1.228	-	-	-484
Handbært fé frá rekstri samtals	7.963	33.278	7.153	79.424
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting	-15.805	-15.686	-15.686	-14.459
Sala eigna	460	500	800	962
Tekjur af peningalegum eignum	-	-	-	1.256
Viðskiptakröfur tengdar efnahag, breyting	-2.339	-	-	659
Viðskiptaskuldir tengdar efnahag, breyting	4.043	-	-	382
Veitt löng lán	-11.239	-11.600	-12.100	-12.953
Innheimtar afborganir af veittum lánum	54.685	36.900	9.700	7.759
Hlutfé, eignarhlutar og stofnfjárframlög	-853	-900	34.500	-352
Fjárfestingarhreyfingar samtals	28.953	9.214	17.214	-16.746
Fjármögnunarhreyfingar				
Tekin skammtímalán, nettó	3.894	5.000	-	4.380
Lífeyrisskuldbindingar	5.858	-	-	-5.431
Tekin langtímalán	53.557	55.000	60.000	173.611
Afborganir af teknum langtímalánum	-213.583	-206.700	-100.200	-145.322
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-150.274	-146.700	-40.200	27.238
Breyting á handbæru fé	-113.358	-104.208	-15.833	89.916
Handbært fé í ársbyrjun	512.717	.	.	404.036
Breyting á handbæru fé	-113.358	.	.	89.916
Áhrif gengisbreytinga	-1.968	.	.	18.765
Handbært fé í árslok	397.391	.	.	512.717

RÍKISREIKNINGUR
2015

fjs



SKÝRINGAR MEÐ REIKNINGI
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

Skýring 1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila

1.1 Lög um fjárreiður ríkisins

Ríkisreikningur er saminn á grundvelli laga nr. 88 frá 16. maí 1997 um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt lögnum skal haga reikningshaldi ríkisaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 3/2006, um ársreikninga, að svo miklu leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir um annað í fjárreiðulögnum. Frávik sem mælt er fyrir um í fjárreiðulögnum varða bókhaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna sem færa skal til gjalda við kaup en auk þess hefur ríkisreikningsnefnd ákveðið frávik á meðferð verðbóta og gengismuna langtímalána, áfallins orlofs og fleira.

Lög um opinber fjármál nr. 123 frá 28. desember 2015 tóku gildi 1. janúar 2016 og er í þeim fjallað um reikningshald hins opinbera. Lögin mæla fyrir um innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS) sem gilda fyrir samstæðu ríkissjóðs í heild og framsetningu í ríkisreikningi og munu hafa í för með sér breytingar á opinber reikningsskil. Í lögnum er gert ráð fyrir að uppgjör ríkisaðila í A- til C-hluta verði í samræmi við lög um ársreikninga. Meðal helstu breytinga hjá ríkisaðilum í A-hluta má nefna eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, gerð samstæðuuppgjors, gengis- og verðlagsbreytingar færast yfir rekstrarreikning og uppfærslu áunnins orlofs. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði sem frestar gildistöku ákvæða laganna um gerð ríkisreiknings þar til í ríkisreikningi vegna ársins 2017. Ríkisreikningur vegna ársins 2015 er því gerður á grunni fjárreiðulaganna með sömu uppgjörsaðferðum og notaðar hafa verið undangengin ár.

Ríkisreikningur nær yfir fjárreiður ríkisaðila. Samkvæmt 2. gr. fjárreiðulaga eru ríkisaðilar skilgreindir sem þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins. Samkvæmt 3. gr. laganna skiptist ríkisreikningur í eftirfarandi hluta:

A-hluti. Æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þá nær A-hlutinn til verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóða, öryggis- og eftirlitsstofnana og þjónustustofnana við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Loks skal þar gerð grein fyrir fjárreiðum eða framlögum til aðila sem ekki eru ríkisaðilar, ef ríkissjóður kostar starfsemi þeirra að öllu eða verulegu leyti með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningum.

B-hluti. Ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.

C-hluti. Lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og váttryggingafyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

E-hluti. Sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningurinn fyrir árið 2015 er settur fram í tveimur hlutum.

- a) *Ríkisreikningur 2015 – Heildaryfirlit* þar sem sýnd er afkoma ríkisaðila. Innbyrðis viðskipti milli sviða og deilda innan stofnunar eru einangruð en ekki á milli aðila innan A-hluta. Jafnframt eru í ríkisreikningi sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ.e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga í E-hluta.
- b) *Ríkisreikningur 2015 – Ársreikningar ríkisaðila* sýnir reikninga einstakra A-hluta aðila og helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

1.2 A-hluti ríkissjóðs

Reikningsskilareglur

1. Frávik frá almennum reikningsskilum

Í reikningsskilum A-hluta aðila er beitt ákvæðum ársreikningalaga, nr. 3/2006 með eftirfarandi frávikum:

- a) A-hluta aðilum er gert að færa varanlega rekstrarfjármuni til gjalda þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Er það gert í samræmi við ákvæði 14. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.
- b) Áhrif verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga eru færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár hjá ríkissjóði en ekki á rekstrarreikning. Er það gert í samræmi við ákvörðun ríkisreikningsnefndar.
- c) Skuldbinding vegna áfallins orlofs og breyting hennar á árinu er ekki reikningsfærð, hvorki hjá einstökum stofnunum né ríkissjóði í heild. Er það gert í samræmi við ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

Þau frávik frá ársreikningalögum sem hér koma fram hafa gilt um reikningsskil A-hlutans um áratugaskeið. Eins og áður kemur fram hafa tekið gildi ný lög um opinber fjármál. Hluti af þeim breytingum sem í lögnum felast er að horfið verði frá framangreindum frávikum. Í bráðabirgðaákvæði I. er meðal annars kveðið á um að fjárreiðulög skuli gilda varðandi uppgjör ríkisreiknings til og með árinu 2016. Jafnframt er þar kveðið á um að við mat á áhrifum launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga skuli beitt sömu aðferðum og í ríkisreikningum fyrri ára. Sama á við um áfallið orlof.

2. Rekstrargrunnur

Reikningurinn er gerður á rekstrargrunni með fyrrgreindum frávikum. Í rekstrarreikningi eru færðar tekjur reikningsársins án tillits til þess hvenær þær innheimtast og gjöld eru gjaldfærð á því ári sem til þeirra er stofnað óháð því hvenær þau koma til greiðslu. Í rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings eru gjöld tilfærð að

frádrægnum sértekjum stofnana, sbr. 12. gr. laganna, á sama hátt og gert er í framsetningu á 1. gr. og sundurliðun 2 í fjárlögum og fjáráukalögum.

3. Eignir og skuldir

Verð- og gengisbreytingar. Lánareikningar eru uppfærðir í árslok miðað við skráð sölugengi gjaldmiðla 31. desember 2015 og vísitölur janúarmánaðar 2016. Áhrif almennra verð- og gengisbreytinga á lánareikninga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu þeirra vegna gengismunar og verðbóta færðar um endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Eignarhlutir í félögum. Í samræmi við ákvæði ársreikningslaga er bókfært verð eignarhluta í félögum, þ.m.t. hlutabréfa, upphaflegt kostnaðarverð þeirra að teknu tilliti til niðurfærslu ef vísbending er um að verðmæti eignarhlutans sé lægra en bókfært verð hans. Hlutdeildaraðferð er ekki beitt við færslu eignarhluta í félögum þó eignarhlutur fari yfir 50%.

Lífeyrisskuldbindingar. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs í árslok 2015 miðast meðal annars við eftirtaldar almennar forsendur:

- a) 2% ávöxtun umfram launahækkunar.
- b) Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2007-2011.
- c) Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur samkvæmt staðli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- d) Gert er ráð fyrir að hjúskaparstaða lífeyrisþega í árslok 2015 breytist ekki nema við andlát.
- e) Við mat á framtíðarörorku er miðað við 50% af meðaltali örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða út frá reynslu árána 1998-2002 en þessar örorkulíkur eru staðlaðar frá og með reikningsárinu 2006.
- f) Við matið hefur undanfarin ár verið miðað við að virkir sjóðsfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára gamlir hjá B-deild LSR en aðrir sem þar eiga réttindi hefji töku hans 65 ára gamlir. Hjá LH miðast eftirlaunaaldurinn við 65 ár hjá sjóðfélögum.

Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og áhrif almennra launabreytinga um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu lífeyrisskuldbindinga hjá opinberum starfsmönnum sem Hagstofa Íslands reiknar út mánaðarlega. Jafnframt er tekið tillit til sérstakra innborgana ríkissjóðs upp í framtíðarskuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum þar sem það á við.

Afskriftir og niðurfærsla

- a) *Eftirstöðvar ríkistekna.* Niðurfærsla eftirstöðva ríkistekna í árslok 2015 var með tvennum hætti. Annars vegar voru kröfur færðar niður um 80% hjá þeim aðilum sem voru í gjaldþrotaskiptum. Hins vegar voru kröfur færðar niður um 75% hjá þeim aðilum sem voru í annarri vanskilameðferð. Þessari aðferð var beitt við kröfur sem voru tilkomnar á árinu 2014 eða fyrr. Kröfur sem mynduðust á árinu 2015, og uppfylltu áður nefnd skilyrði, voru færðar niður um 40%.
- b) *Veitt lán.* Sem fyrr eru veitt lán ríkissjóðs færð niður með

óbeinni afskrift í ríkisreikningi. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu eftir útlánaflokkum og einstökum útlánunum.

Framsetning A-hluta í ríkisreikningi

Ársreikningur ríkissjóðs. Framsetning fjármála A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar að sýna afkomu ríkissjóðs í heild á viðkomandi reikningsári. Hins vegar að sýna afkomu einstakra aðila innan A-hlutans og stöðu, bæði með tilliti til fjárheimilda og greiðslustöðu þeirra gagnvart ríkissjóði.

1. A-hluti ríkissjóðs í heild

Helstu yfirlit A-hluta eru: a) rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi. Jafnframt eru birtar ýtarlegar skýringar við yfirlitin.

a) Rekstrarreikningur

Tekjum er skipt upp í 5 aðalflokka, þ.e. skatttekjur og tryggingagjöld, fjárframlög, aðrar tekjur, sölu efnislegra eigna og tekjur af peningalegum eignum.

Gjöld eru flokkuð eftir ráðuneytum auk þess sem fjármagnskostnaður ríkissjóðs er sýndur sérstaklega.

b) Efnahagsreikningur

Eignir eru flokkaðar í áhættufjármuni og langtímakröfur annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

Skuldir eru flokkaðar í lífeyrisskuldbindingar, langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

Eigið fé kemur fram sem mismunur eigna og skulda.

c) Sjóðstreymi

Hjá ríkissjóði í heild er sjóðstreymið sett fram samkvæmt beinni aðferð. Alþjóðlegur reikningskilastaðall fyrir opinber fjármál, IPSAS, hvetur frekar til þess að beitt sé beinni aðferð en óbeinni í sjóðstreymi fyrir opinbera aðila í heild. Í framsetningu sjóðstreymisins eru kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna talin meðal fjárfestingarliða og hefur því ekki áhrif á handbært fé frá rekstri:

Hjá einstökum A-hluta aðilum er sjóðstreymið sett fram samkvæmt óbeinni aðferð.

Handbært fé frá rekstri sýnir mismun á innheimtum tekjum öðrum en söliverði varanlegra rekstrarfjármuna og viðskiptakröfum að frádrægnum greiddum gjöldum, öðrum en kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum, og viðskiptaskuldum.

Fjárfestingarhreyfingar sýna hreyfingar á veittum lánum og breytingar í tengslum við kaup og sölu á varanlegum rekstrarfjármunum, verðbréfum, hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum og stofnunum.

Fjármögnunarhreyfingar draga saman í meginflokka sjóðstreymis vegna fjármögnunar ríkissjóðs.

Breyting á handbæru fé kemur fram sem niðurstaða sjóðstreymis og er samtala af handbæru fé frá rekstri, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum.

2. Ársreikningar A-hluta aðila

Helstu yfirlit sem sýnd eru fyrir einstök ráðuneyti og ríkisstofnanir eru: a) rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi. Þessi yfirlit nálgast framsetningu ársreikningalaga með þeim undantekningum sem leiða af áðurgreindum frávikum.

a) Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur sýnir allar tekjur viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar og geta það verið sértekjur, aðrar rekstrartekjur eða tekjur sem eru markaðar til sérstakrar ráðstöfunar með lögum. Jafnframt er framlag ríkissjóðs til viðkomandi fært sem tekjur um rekstrarreikninginn. Gjöldum er skipt eftir viðfangsefnum. Niðurstaða rekstrarreiknings sýnir hvort viðkomandi stofnun eða rekstrareining hefur verið rekin með afgangi eða halla miðað við fjárheimildir ársins. Afgangurinn/hallinn flyst á eigið fé í efnahagsreikningi og kemur í flestum tilvikum til breytingar á höfuðstóli viðkomandi aðila. Í undantekningartilvikum flyst niðurstaða rekstrarreiknings að hluta eða öllu leyti á bundið eigið fé undir öðru eigið fé. Það tengist mörkuðum tekjum sem reynst hafa orðið umfram það sem viðkomandi aðili á tilkall til skv. fjárlögum og fjárukalögum.

Yfirlitið sýnir samanburð annars vegar á útkomu ársins við niðurstöður ársins á undan og hins vegar við fjárheimildir ársins. Fjárheimildir ársins sem koma fram í rekstrarreikningi hverju sinni takmarkast við samþykktar heimildir samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum viðkomandi reikningsárs.

b) Efnahagsreikningur

Eignir eru flokkaðar í fastafjármuni og veltufjármuni.

Skuldir eru flokkaðar í langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

Loks dregur efnahagsreikningur sérstaklega fram hver greiðslustaða viðkomandi aðila er gagnvart ríkissjóði í árslok.

Eigið fé kemur fram sem mismunur eigna og skulda, en það skiptist í höfuðstól, bundið eigið fé og framlag til eignamyndunar. Höfuðstóllinn sýnir fjárheimildastöðu viðkomandi í árslok sem flyst til ráðstöfunar á næsta ári.

c) Sjóðstreymi

Sjóðstreymi ráðuneyta og stofnana er sett fram samkvæmt óbeinni aðferð, á sama hátt og gert hefur verið um árabíl, en því er einnig ætlað að draga fram greiðslustöðu þeirra gagnvart ríkissjóði á viðkomandi reikningsári.

1.3 Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs

Skv. fjárreiðulögum á að birta í ríkisreikningi upplýsingar úr ársreikningum ríkisaðila í B, C, D og E-hluta

Samkvæmt fjárreiðulögum ber að haga reikningsskilum þessara aðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Í heildaryfirliti ríkisreiknings eru birtar lykiltölur úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta sem fyrir liggja á forsendum fjárreiðulaga. Ársreikningabók ríkisreiknings sýnir ýtarlegri upplýsingar úr ársreikningum þessara fyrirtækja og stofnana. Þar koma fram helstu stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningum þessara aðila.

Skýring 2. Tekjujöfnuður og lánsfjárför A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Reikningur 2013	Reikningur 2012
<i>Rekstrarliðir</i>				
Tekjur samtals	686.565	688.894	591.435	525.876
Tekjur af almennri starfsemi	655.038	642.548	550.038	518.167
Skatttekjur og tryggingagjöld	622.438	601.814	509.944	472.845
Aðrar tekjur af almennri starfsemi	32.600	40.734	40.094	45.322
Ýmsar tekjur	31.527	46.346	41.397	7.709
Arðgreiðslur	31.067	44.128	15.438	6.505
Sala efnislegra eigna	460	962	720	542
Tekjur af peningalegum eignum	-	1.256	25.239	662
Gjöld samtals	666.528	642.490	592.167	561.721
Rekstrargjöld	282.833	250.082	237.219	225.149
Rekstrar- og neyslutilfærslur	246.559	249.407	250.941	229.033
Fjármagnskostnaður	79.348	78.554	74.406	75.625
Viðhald	11.791	10.211	9.816	8.830
Stofnkostnaður	15.805	14.459	11.405	11.277
Fjármagnstilfærslur	30.192	39.777	8.380	11.807
Tekjur umfram gjöld	20.038	46.404	-732	-35.845
<i>Hreyfingar efnahagsliða</i>				
Veitt löng lán, breyting	43.446	-5.194	-4.513	-5.299
Viðskiptareikningar, breyting	-27.978	28.656	15.192	-26.078
Vörubirgðir, breyting (aukning - / minnkun +)	79	-8	-20	-78
Hlutafjár- og stofnfjárframlög, breyting	-176	14.318	-38.431	5.746
Lífeyrisskuldbindingar, breyting	5.858	-5.431	-1.859	-232
Lánsfjárafgangur/pörf, nettó (+/-)	41.267	78.746	-30.364	-61.787
Tekin lán, nettó	-154.625	11.170	-16.801	-8.822
Innlend lán, stutt	3.894	4.380	-27.424	-9.855
Innlend lán, löng	-51.754	640	15.009	40.457
Erlend lán	-106.765	6.150	-4.386	-39.424
Breyting á handbæru fé	-113.358	89.916	-47.165	-70.609
<i>Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %</i>				
Tekjur samtals	31,1	34,4	31,3	29,6
Tekjur af almennri starfsemi	29,7	32,1	29,1	29,2
Skatttekjur og tryggingagjöld	28,2	30,0	27,0	26,6
Gjöld samtals	30,2	32,1	31,3	31,6
Rekstrargjöld	12,8	12,5	12,6	12,7
Rekstrar- og neyslutilfærslur	11,2	12,4	13,3	12,9
Fjármagnskostnaður	3,6	3,9	3,9	4,3
Tekjur umfram gjöld	0,9	2,3	-0,0	-2,0
Lánsfjárafgangur/pörf, nettó (+/-)	1,9	3,9	-1,6	-3,5
Verg landsframleiðsla, millj. kr.	2.205.479	2.003.638	1.889.136	1.777.200

Skýring 3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Tekjur A-hluta ríkissjóðs eru flokkaðar í samræmi við staðla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (GFS 2001) með nokkrum frávikum. Tekjunum er skipt í fimm aðalflokka; skatttekjur og tryggingagjöld, fjárframlög, aðrar tekjur, sölu efnislegra eigna og tekjur af peningalegum eignum. Frávik frá staðlinum eru einkum þau að „skatttekjur og tryggingagjöld“ flokkast hér undir einum flokki, en í staðlinum falla þessar tekjur undir tvo yfirflokka. Þá er yfirflokknum „skattar á vöru og þjónustu“ samkvæmt staðlinum skipt upp í tvo flokka hér, þ.e. „skatta á vöru og þjónustu“ og „skatta af alþjóðaviðskiptum“.

Skatttekjur og tryggingagjöld falla hér undir einn flokk eins og fram hefur komið. *Skatttekjur* eru skilgreindar sem lögþvingaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta. *Tryggingagjöld* eru af svipuðum toga en gefa þó beinan eða óbeinan aðgang að tryggingavernd að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. *Fjárframlög* eru óendurkræf framlög frá erlendum stjórnvöldum, alþjóðastofnunum eða hinu opinbera. *Aðrar tekjur* eru tekjur af eignum hins opinbera, greiðslur fyrir tiltekna þjónustu sem það eitt veitir og almennt eru tekjurnar ekki hærri en sá kostnaður sem að baki þjónustunni liggur. *Sala efnislegra eigna* miðast við söluandvirði varanlegra rekstrarfjármuna, fasteigna og jarðeigna enda eru þær ekki eignfærðar í reikningsskilum ríkisins. *Tekjur af peningalegum eignum* samanstanda annars vegar af hagnaði sem myndast við sölu eigna og hins vegar af endurmati á verðmæti þeirra í árslok. Þær peningalegu eignir ríkissjóðs sem hér er einkum átt við eru verðbréf, hlutabréf og eignarhlutar í ríkisfyrirtækjum og opinberum fjármálastofnunum.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 686.565 millj. kr. á árinu 2015 eða um 31,1% af landsframleiðslu ársins. Árið 2014 námu tekjurnar 688.894 millj. kr. eða 34,4% af landsframleiðslu. Lækkun á milli

ára nam 2.329 millj. kr. eða um 0,3%. Raunlækkun tekna nam 1,9% þegar tekið er mið af breytingu neysluverðsvisítölu. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum námu alls 685.460 millj. kr. Frávik útkomu ársins frá áætlun við afgreiðslu fjárukalaga í desember voru 1.105 millj. kr. umfram áætlun eða um 0,2%.

Í fjárlögum 2015 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 653.693 millj. kr. Við afgreiðslu fjárukalaga 2015 var tekjuáætlunin hækkuð um 31.767 millj. kr. Helstu breytingar fólust í hækkun á áætluðum tekjuskatti lögaðila 6.900 millj. kr., áætluðum skatti á fjármagnstekjur sem hækkaði um 6.840 millj. kr. og áætluðum arðgreiðslum sem hækkuðu um 14.937 millj. kr. Þá var áætlað að tekjur af virðisaukaskatti myndu aukast um 3.600 millj. kr., tekjur af vörugjöldum um 2.759 millj. kr., tekjur af eignarsköttum um 1.460 millj. kr. og tekjuskattar einstaklinga um 1.300 millj. kr. Á móti þessu var áætlað að vaxtatekjur ríkissjóðs myndu lækka um 2.129 millj. kr. frá áætlun fjárlaga og aðrar eignatekjur um 2.641 millj. kr. Tekjubreytingarnar haldast í hendur við uppfærðar áætlanir um aukin umsvif í efnahagslífinu. Stærstu breytingarnar stafa þó af auknum arðgreiðslum sem áætlað var að ríkissjóður fengi af eignarhlut sínum í fyrirtækjum vegna bættrar afkomu þeirra, svo sem Landsbanka og Íslandsbanka.

Í séryfirliti 1 er sundurliðun á einstökum tekjuliðum ríkissjóðs árið 2015 samanborið við áætlanir fjárlaga árið 2015, fjárukalaga árið 2015 og reikningstölur ársins 2014. Jafnframt sýnir yfirlitið innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 2015.

Eftirfarandi yfirlit sýnir álagningu, innheimtu og afskriftir helstu flokka ríkistekna á árinu 2015 ásamt eftirstöðvum þeirra í ársbyrjun og árslok.

Í millj. kr.	Eftirstöðvar í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimtar tekjur á árinu	Afskriftir ársins	Eftirstöðvar í árslok
Skatttekjur og tryggingagjöld	100.560	622.438	-610.687	-6.358	105.953
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	21.674	132.713	-126.813	-2.610	24.963
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	13.526	58.584	-62.931	1.002	10.181
Skattur á fjármagnstekjur	13.359	38.798	-37.414	109	14.852
Skattar á launatekjur og vinnuafli	361	6.638	-6.635	-1	362
Eignarskattar	1.346	8.786	-9.390	162	904
Virðisaukaskattur	32.792	182.527	-172.737	-4.013	38.569
Vörugjöld	3.504	56.909	-57.278	-71	3.064
Sértækir þjónustuskattar	504	4.523	-4.493	-1	532
Neyslu- og leyfisskattar	835	9.901	-9.782	-56	897
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	1.007	4.989	-4.943	-30	1.022
Aðrir skattar	3.006	38.364	-40.329	-87	954
Tryggingagjöld	8.646	79.707	-77.941	-762	9.650
Fjárframlög	8	1.940	-1.940	-	8
Aðrar tekjur	14.599	61.728	-62.742	-4.165	9.419
Vaxtatekjur	7.948	16.094	-13.643	-4.150	6.248
Arðgreiðslur	-	31.067	-31.067	-	-
Aðrar eignatekjur	3.223	4.487	-7.601	-2	108
Neyslu- og leyfisgjöld	384	7.836	-7.881	-8	331
Sektir og skaðabætur	3.044	2.149	-2.455	-5	2.733
Ýmsar og óskilgreindar tekjur	-	96	-96	-	-
Sala efnislegra eigna	-	460	-460	-	-
Tekjur af peningalegum eignum	-	-	-	-	-
Tekjur samtals	115.167	686.565	-675.829	-10.523	115.380

Samkvæmt yfirlitinu breyttust eftirstöðvar ríkistekna í heild úr 115.167 millj. kr. í ársbyrjun í 115.380 millj. kr. í árslok. Eftirstöðvarnar hækkuðu því á árinu 2015 um 213 millj. kr. eða um 0,2%. Að raungildi lækkuðu eftirstöðvarnar um 1,4%. Hækkun eftirstöðva var mest í virðisaukaskatti um 5.777 millj. kr., tekjuskatti einstaklinga um 3.289 millj. kr., fjármagnstekjuskatti 1.493 millj. kr. og tryggingagjöldum um 1.005 millj. kr. Lækkun eftirstöðva var mest í fyrirtækjasköttum 3.345 millj. kr., öðrum eignatekjum 3.116 millj. kr., öðrum sköttum um 2.052 millj. kr. og vaxtatekjum 1.699 millj. kr.

Gerður er greinarmunur á eftirstöðvum eftir því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Gjaldfallnar eftirstöðvar eru ógreiddar álagðar kröfur sem eru komnar á gjalddaga og í vanskilum á uppgjörstegi. Ógjaldfallnar eftirstöðvar eru ógreiddar álagðar kröfur sem eru ekki komnar á gjalddaga á uppgjörstegi. Í árslok 2015 námu ógjaldfallnar eftirstöðvar 73.236 millj. kr. samanborið við 67.407 millj. kr. í árslok 2014. Hækkun á milli ára nam því 5.829 millj. kr. Gjaldfallnar eftirstöðvar lækkuðu á árinu 2015 úr 47.760 millj. kr. í ársbyrjun í 42.144 millj. kr. í árslok eða um 5.616 millj. kr.

Álagðar tekjur ársins 2015 að teknu tilliti til breytinga námu 686.565 millj. kr. en innheimtar tekjur voru 675.829 millj. kr. eða 10.736 millj. kr. lægri fjárhæð. Innheimtar tekjur námu því 98,4% af tekjum ársins samanborið við 97,2% árið 2014. Afskriftir af kröfum ársins námu 10.523 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 15.441 millj. kr. árið 2014. Um afskriftir skattkrafna er fjallað frekar í skýringu 33.

Samanburður á tekjum ríkissjóðs árin 2014 og 2015 sýnir að hlutfallsleg samsetning þeirra breytist nokkuð á milli ára. Helstu breytingar á hlutdeild tekna eru í tekjuskatti einstaklinga úr 17,3% árið 2014 í 19,3% árið 2015, tekjuskatti lögaðila úr 10,5% í 8,5%, virðisaukaskatti úr 23,2% árið 2014 í 26,6% árið 2015, tryggingagjöld úr 10,7% í 11,6% og arðgreiðslum úr 6,4% í 4,5%. Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjur ríkissjóðs bæði árin, hvernig þær breytast á milli ára og hlutfallslega samsetningu þeirra.

Í millj. kr.	Tekjur 2015	Tekjur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Hlutfall 2015	Hlutfall 2014	Fjárlög/ fjáráukalög 2015	Fjárlög 2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	622.438	601.814	20.623	3,4	90,7	87,4	621.192	599.369
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	132.713	119.377	13.335	11,2	19,3	17,3	128.000	126.700
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	58.584	72.646	-14.062	-19,4	8,5	10,5	67.200	60.300
Skattur á fjármagnstekjur	38.798	30.564	8.234	26,9	5,7	4,4	36.200	29.360
Skattar á launatekjur og vinnuafli	6.638	6.994	-356	-5,1	1,0	1,0	6.748	6.829
Eignarskattar	8.786	17.455	-8.669	-49,7	1,3	2,5	8.459	6.999
Virðisaukaskattur	182.527	159.934	22.593	14,1	26,6	23,2	178.500	174.900
Vörugjöld	56.909	57.521	-612	-1,1	8,3	8,3	56.798	54.039
Sértækir þjónustuskattar	4.523	4.265	257	6,0	0,7	0,6	4.297	4.267
Neyslu- og leyfisskattar	9.901	9.753	148	1,5	1,4	1,4	9.548	9.632
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	4.989	6.058	-1.070	-17,7	0,7	0,9	5.772	5.482
Aðrir skattar	38.364	43.814	-5.451	-12,4	5,6	6,4	40.628	41.578
Tryggingagjöld	79.707	73.432	6.275	8,5	11,6	10,7	79.043	79.283
Fjárframlög	1.940	2.343	-403	-17,2	0,3	0,3	1.438	1.398
Aðrar tekjur	61.728	82.518	-20.791	-25,2	9,0	12,0	62.331	52.127
Vaxtatekjur	16.094	18.598	-2.505	-13,5	2,3	2,7	16.076	18.205
Arðgreiðslur	31.067	44.128	-13.061	-29,6	4,5	6,4	31.013	16.077
Aðrar eignatekjur	4.487	9.036	-4.550	-50,3	0,7	1,3	5.572	8.212
Neyslu- og leyfisgjöld	7.836	7.420	416	5,6	1,1	1,1	7.421	7.266
Sektir og skaðabætur	2.149	3.202	-1.053	-32,9	0,3	0,5	2.204	2.291
Ýmsar tekjur	96	134	-38	-28,4	0,0	0,0	45	75
Sala efnislegra eigna	460	962	-502	-52,2	0,1	0,1	500	800
Tekjur af peningalegum eignum	-	1.256	-1.256	-100,0	-	0,2	-	-
Tekjur samtals	686.565	688.894	-2.329	-0,3	100,0	100,0	685.460	653.693

Samkvæmt yfirlitinu skiptast tekjur ríkissjóðs á árinu 2015 þannig að skatttekjur og tryggingagjöld námu 90,7%, fjárframlög 0,3%, aðrar tekjur 9,0% og sala efnislegra eigna 0,1%. Tekjuskattar

einstaklinga og lögaðila skiluðu ríkissjóði 27,9%, tekjur af virðisaukaskatti 26,6%, tryggingagjöld 11,6% og vörugjöld 8,3%.

Skýring 4. Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar

Tekjuskattur einstaklinga er lagður á samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Uppgjör tekjuskatts í staðgreiðslu miðast við innheimtu í lok greiðsluársins að viðbætti innheimtu til loka febrúar

á álagningarári vegna fyrra árs. Jafnframt er tekið tillit til vanskila launagreiðenda í árslok og breytinga á þeim til febrúarloka.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar						
Staðgreiðsla ársins, brúttó	305.575	276.103	29.472	10,7
Útsvar sveitarfélaga	-166.604	-153.904	-12.700	8,3
Tekjuskattur, hluti ríkissjóðs í staðgreiðslu ársins	138.971	122.199	16.772	13,7	128.000	126.700
Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára	-6.258	-2.822	-3.436	...	-	-
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar samtals	132.713	119.377	13.335	11,2	128.000	126.700
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	19,3	17,3	.	.	18,7	19,4

Skattar á tekjur einstaklinga námu 132.713 millj. kr. eða 19,3% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2015. Hækkun frá árinu á undan nam um 13.335 millj. kr. eða 11,2%.

Hlutfall tekjuskatts í staðgreiðslu er í þremur þrepum. Á árinu 2015 var tekjuskattshlutfallið 22,9% á mánaðartekjur á bilinu 0 – 309.140 kr., 25,3% á tekjur á bilinu 309.141 - 836.404 kr. og 31,8% á tekjur umfram 836.404 kr.

Á árinu 2014 var tekjuskattshlutfallið 22,86% á mánaðartekjur á bilinu 0 – 290.000 kr., 25,3% á tekjur á bilinu 290.001 - 784.619 kr. og 31,8% á tekjur umfram 784.619 kr.

Vegið meðaltal af útsvari sveitarfélaga í staðgreiðslu á árinu 2015 var 14,44%, óbreytt frá árinu áður.

Árið 2015 var samanlagt hlutfall tekjuskatts og útsvars í þremur þrepum eða 37,30%, 39,74% og 46,24% , óbreytt frá fyrra ári. Skattafsláttur, þ.e. ónýttur persónuafsláttur til tekjuskatts, nam samtals 11.119 millj. kr. á árinu 2015. Afslættinum var ráðstafað til greiðslu útsvars að fjárhæð 10.494 millj. kr., tekjuskatts á fjármagnstekjur 330 millj. kr. og leiðréttingar vegna auðlegðarskatts fyrra árs, lækkun um 5 millj. kr.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar					
Staðgreiðsla ársins, brúttó	29.572	305.575	-298.617	-1.640	34.890
Útsvar sveitarfélaga	-13.388	-166.604	164.853	-	-15.140
Tekjuskattur, hluti ríkissjóðs í staðgreiðslu ársins	16.183	138.971	-133.764	-1.640	19.750
Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára	5.491	-6.258	6.951	-971	5.213
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar samtals	21.674	132.713	-126.813	-2.610	24.963
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	18,8	.	.	.	21,6

Eftirstöðvar tekjuskatts einstaklinga námu 24.963 millj. kr. í árslok 2015 eða um 21,6% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs samanborið við 18,8% árið áður. Almennast annast lögaðilar skil á staðgreiðslu launþega sinna og eftirstöðvum útsvars og tekjuskatts.

Ógjaldfallnar eftirstöðvar í lok árs 2015 á hluta ríkissjóðs í

staðgreiðslu voru 13.139 millj.kr. samanborið við 9.699 millj. kr. í lok árs 2014. Eftirstöðvar vegna staðgreiðslu námu 16.183 millj. kr. í ársbyrjun 2015 og 19.750 millj. kr. í árslok. Gjaldfallnar eftirstöðvar í staðgreiðslu hækkuðu úr 6.484 millj. kr. í 6.611 millj. kr. eða um 127 millj. kr.

Skýring 5. Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar

Tekjuskattur lögaðila er lagður á samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum. Almennt var tekjuskattshlutfall lögaðila 20% á árinu 2015, óbreytt frá árinu áður. Tekjuskattshlutfall sameignarféлага, samlaga og sjálfseignarstofnana var 36% árið 2015 eða sama og árið áður. Sérstakur fjársýsluskattur er lagður á

samkvæmt lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og er 6% viðbótar tekjuskattur á tekjuskattsstofn lögaðila umfram 1.000 millj. kr. og er lagður á sömu aðila og bera fjársýsluskatt. Með lögum nr. 139/2013 var skattstofninn víkkaður þannig að hann nær einnig til fjármálafyrirtækja sem sæta slitameðferð.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjáráukalög 2015	Fjárlög 2015
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar						
Tekjuskattur	52.775	59.664	-6.888	-11,5	67.200	60.300
Sérstakur fjársýsluskattur	5.809	12.982	-7.174	-55,3	-	-
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar samtals	58.584	72.646	-14.062	-19,4	67.200	60.300
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	8,5	10,5	.	.	9,8	9,2

Tekjur ársins 2015 voru 58.584 millj. kr. samanborið við 72.646 millj. kr. árið áður, er það lækkun um 19,4% á milli ára. Þessi lækkun á tekjuskatti lögaðila milli ára skýrist annars vegar með lækkun á tekjum af sérstökum fjársýsluskatti sem kom til álagningar á árinu upp á 7.174 millj. kr. sem er í samræmi við áætlanir, og hins vegar lækkun á almennum tekjuskatti lögaðila upp á 6.888

millj. kr. sem skýrist að stærstum hluta með leiðréttingum vegna skattbreytinga. Innheimtar tekjur ársins námu 62.931 millj. kr. Eftirstöðvar tekjuskatts lögaðila námu 10.181 millj. kr. í árslok 2015 eða um 8,8% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs samanborið við 11,7% árið áður. Lækkun eftirstöðva milli ára nam 3.345 millj. kr.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar					
Tekjuskattur	13.522	52.775	-57.118	1.002	10.181
Sérstakur fjársýsluskattur	4	5.809	-5.813	-	-
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar samtals	13.526	58.584	-62.931	1.002	10.181
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	11,7	.	.	.	8,8

Skýring 6. Skattur á fjármagnstekjur

Skylda til að greiða skatt af vaxtatekjum, arði, söluhagnaði, leigutekjum og öðrum eignatekjum nær til allra sem lögheimili eiga á Íslandi og hafa fjármagnstekjur, sem ekki stafa af atvinnurekstri, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skylda til að greiða staðgreiðslu af arði og vaxtatekjum nær til allra einstaklinga í atvinnurekstri og lögaðila sem ekki eru sérstaklega undanþegnir, sbr. lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur í atvinnurekstri er bráðabirgðagreiðsla upp í tekjuskatt eða önnur gjöld sem lögð eru á slíka rekstraraðila. Hjá einstaklingum, sjóðum, félögum og stofnunum sem undanþegnar

eru almennri skattskyldu er staðgreiðslan bráðabirgðagreiðsla upp í álagðan tekjuskatt á fjármagnstekjur.

Með lögum nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum var hlutfall fjármagnstekjuskatts 20% á árinu 2015 og var óbreytt frá árinu áður. Skatturinn er lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga umfram 125.000 kr. frítekjumark, óbreytt frá árinu áður. Ónýttur persónuafsláttur í tekjuskatti sem var nýttur upp í greiðslu fjármagnstekjuskatts nam 330 millj. kr.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjáraukalög 2015	Fjárlög 2015
Skattur á fjármagnstekjur						
Ríkissjóður	7.122	7.198	-75	-1,0	8.400	5.260
Aðrir	31.676	23.367	8.309	35,6	27.800	24.100
Skattur á fjármagnstekjur samtals	38.798	30.564	8.234	26,9	36.200	29.360
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	5,7	4,4	.	.	5,3	4,5

Fjármagnstekjuskattur skilaði ríkissjóði 38.798 millj. kr. á árinu 2015 eða um 5,7% af heildartekjum ársins samanborið við 4,4% árið á undan. Hækkun á árinu 2015 nam 8.234 millj. kr.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Skattur á fjármagnstekjur					
Ríkissjóður	947	7.122	-7.235	-	835
Aðrir	12.412	31.676	-30.179	109	14.018
Skattur á fjármagnstekjur samtals	13.359	38.798	-37.414	109	14.852
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	11,6	.	.	.	12,9

Eftirstöðvar fjármagnstekjuskatts í lok árs námu 14.852 millj. kr. eða um 12,9% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs samanborið við 11,6% árið áður. Hækkun eftirstöðva nam 1.493 millj. kr. á árinu

2015. Ógjaldfallnar eftirstöðvar í lok árs 2015 voru 12.878 millj. kr. samanborið við 11.873 millj. kr. árið áður.

Skýring 7. Skattar á launagreiðslur og vinnuafli

Markaðsgjald nemur 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds. Gjaldið er lagt á skv. lögum nr. 38/2010 um Íslandsstofu og samkvæmt þeim rennur gjaldið óskipt til hennar.

Tryggingagjald, lífeyrissjóðir. Með lögum nr. 128/2009 um breytingu á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald skal ráðstafa 0,325% af gjaldstofni almenns tryggingagjalds til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Fjársýsluskattur. Með lögum nr. 165/2011 um fjársýsluskatt er

skattur sem lagður er á allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf hverju nafni sem nefnist hjá fyrirtækjum á sviði fjármála, váttryggingastarfsemi og aðra aðila sem í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi sinni inna af hendi vinnu eða þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 9. og 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Skatturinn er reiknaður á launagreiðslur og skv. lögum nr. 139/2013 var hann ákveðinn 5,5% á árinu 2015, óbreytt frá árinu áður.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
Skattar á launagreiðslur og vinnuafli						
Markaðsgjald	540	499	41	8,1	551	551
Tryggingagjald, lífeyrissjóðir	3.303	3.072	231	7,5	3.287	2.978
Fjársýsluskattur	2.794	3.422	-628	-18,3	2.910	3.300
Skattar á launagreiðslur og vinnuafli samtals	6.638	6.994	-356	-5,1	6.748	6.829
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	1,0	1,0	.	.	1,0	1,0

Tekjur af sköttum á launagreiðslur og vinnuafli námu 6.638 millj. kr. á árinu 2015 og innheimtan nam 6.635 millj. kr. Í árslok 2015 voru

útistandandi kröfur vegna þessara skatta 362 millj. kr. samanborið við 361 millj. kr. árið áður.

Skýring 8. Eignarskattar

Auðlegðarskattur var lagður á nettóeign framteljanda gjaldárin 2010 - 2014, en var ekki lagður á árinu 2015. Auðlegðarskattur var lagður á skv. lögum nr. 128/2009 um breytingu á lögum nr. 90/2003.

Stimpilgjald er innheimt skv. lögum nr. 138/2013 um stimpilgjald. Greiða skal stimpilgjald af skjölum er varða eignayfirfærslu fasteigna hér á landi og skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi, svo sem afsölum, kaupsamningum og gjafagerningum. Gjaldstofn stimpilgjalds er verð viðkomandi eignar eins og það er tilgreint í gjaldskyldu skjali. Einstaklingur greiðir 0,8% stimpilgjald en lögaðili 1,6%.

Erfðafjárskattur er lagður á samkvæmt lögum nr. 14/2004. Erfðafjárskattur er 10% af skattstofni erfðafjárskatts sem er heildarverðmæti fjárhagslegra verðmæta sem ganga í arf. Ekki er greiddur erfðafjárskattur af fyrstu 1,5 millj. kr. í skattstofni dánarbús.

Fasteignamatsgjald skv. lögum nr. 6/2001 greiða sveitarfélögin til Þjóðskrár Íslands fyrir afnot af fasteignamati og kerfi fyrir álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda. Gjaldið nemur 0,006% af heildarfasteignamati í viðkomandi sveitarfélagi 31. desember ár hvert.

Skipulagsgjald, er lagt á skv. lögum nr. 123/2010 með síðari breytingum og nemur það 0,3% af brunabótamati nýbygginga og 0,3% af stofnverði mannvirkja sem ekki eru virt til brunabóta.

Brunabótamatsgjald. Með lögum nr. 83/2008 um breytingar á lögum nr. 6/2001 skulu váttryggingafélög greiða gjald til Þjóðskrár Íslands fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því tengdu. Gjaldið nemur 0,00021% af brunabótamati allra húseigna sem tryggðar eru hjá viðkomandi váttryggingafélagi í lok hvers mánaðar.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
Eignarskattar						
Erfðafjárskattur	2.919	2.507	412	16,4	2.900	2.700
Stimpilgjald	4.327	3.485	843	24,2	4.140	3.580
Fasteignamatsgjald	343	311	32	10,3	342	342
Skipulagsgjald	362	237	125	52,8	200	200
Brunabótamatsgjald	178	165	13	7,8	177	177
Auðlegðarskattur	659	10.751	-10.092	-93,9	700	-
Annað	-2	0	-1	...	-	-
Eignarskattar samtals	8.786	17.455	-8.669	-49,7	8.459	6.999
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	1,3	2,5	.	.	1,2	1,1

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Eignarskattar					
Erfðafjárskattur	113	2.919	-2.870	0	161
Stimpilgjald	17	4.327	-4.345	-	-1
Fasteignamatsgjald	316	343	-316	-	343
Skipulagsgjald	43	362	-347	0	57
Brunabótamatsgjald	-	178	-178	-	-
Auðlegðarskattur	838	659	-1.336	168	329
Annað	19	-2	2	-5	14
Eignarskattar samtals	1.346	8.786	-9.390	162	904
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	1,2	.	.	.	0,8

Tekjur af eignarsköttum námu 8.786 millj. kr. árið 2015 samanborið við 17.455 millj. kr. árið á undan. Lækkun milli ára nam 8.669 millj. kr. eða um 49,7% og skýrist að mestu vegna auðlegðarskatts sem ekki var lagður á 2015.

Eftirstöðvar eignarskatta námu 904 millj. kr. eða um 0,8% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs í lok árs 2015, en voru 1,2% árið áður.

Skýring 9. Virðisaukaskattur

Um virðisaukaskatt gilda lög nr. 50/1988 með síðari breytingum. Samkvæmt lögnum á að greiða gjald í ríkissjóð af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innfluttri vöru og þjónustu. Viðskipti sem eru undanþegin virðisaukaskatti eru tilgreind í 12. gr. laganna. Til ársloka 2014 voru skatthlutföll í virðisauka-

skatti tvö, giltu óbreytt skatthlutföll, þ.e. almenna þrepið 25,5% og 7% á tilteknar tegundir vöru og þjónustu. Frá ársbyrjun 2015 breyttust skatthlutföll virðisaukaskatts þar sem almenna þrepið fór í 24,0% og lægra þrepið fór í 11%.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Fjárlög 2015
Virðisaukaskattur						
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	150.811	142.459	8.352	5,9		
Virðisaukaskattur vegna kaupa á þjónustu erlendis frá	4.245	2.934	1.311	44,7		
Virðisaukaskattur af innlendum vörum og þjónustu	42.148	31.262	10.886	34,8		
Virðisaukaskattur, brúttó	197.204	176.655	20.549	11,6		
Endurgreiðslur af virðisaukaskatti						
Vegna íbúðarhúsnæðis	-4.074	-6.988	2.913	-41,7	178.500	174.900
Til opinberra aðila	-7.623	-6.735	-888	13,2		
Til erlendra aðila	-2.247	-2.054	-193	9,4		
Aðrar endurgreiðslur	-733	-944	211	-22,4		
Endurgreiðslur af virðisaukaskatti samtals	-14.677	-16.721	2.044	-12,2		
Tekjur af virðisaukaskatti samtals	182.527	159.934	22.593	14,1	178.500	174.900
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	26,6	23,2	.	.	26,0	26,8

Virðisaukaskattur skilaði 182.527 millj. kr. eða um 26,6% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 159.934 millj. kr. eða 23,2% árið 2014. Hækkun á milli ára nam 22.593

millj. kr. eða um 14,1%. Heildarálagningin nam 197.204 millj. kr. á árinu 2015 en á móti voru endurgreiðslur á virðisaukaskatti 14.677 millj. kr. Innheimta ársins nam 172.737 millj. kr.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Virðisaukaskattur					
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	19.953	150.811	-149.232	-255	21.277
Virðisaukaskattur vegna kaupa á þjónustu erlendis frá	513	4.245	-3.456	-18	1.285
Virðisaukaskattur af innlendum vörum og þjónustu	15.136	42.148	-35.643	-3.740	17.901
Endurgreiðslur af virðisaukaskatti	-2.809	-14.677	15.592	-	-1.894
Virðisaukaskattur samtals	32.792	182.527	-172.737	-4.013	38.569
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	28,5	.	.	.	33,4

Eftirstöðvar virðisaukaskatts voru 38.569 millj. kr. í árslok 2015 eða um 33,4% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs. Hlutfallið var 28,5% í árslok 2014. Hækkun eftirstöðva nam 5.777 millj. kr. á

árinu 2015. Ógjaldfallnar eftirstöðvar voru 35.663 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 31.789 millj. kr. árið áður.

Skýring 10. Vörugjöld

Vörugjöld, almennt voru lögð á ýmsar iðnaðarvörur og vörur vegna aðvinnslu skv. lögum nr. 97/1987. Með lögum nr. 124/2014 voru almenn vörugjöld felld úr gildi.

Vörugjöld á ökutæki eru lögð á samkvæmt lögum nr. 29/1993.

Vörugjöld af eldsneyti. Með lögum nr. 29/1993 er vörugjald og sérstakt vörugjald lagt á hvern lítra eldsneytis.

Kolefnisgjald. Með lögum nr. 129/2009 skal greiða í ríkissjóð kolefnisgjald á kolefni af jarðefnauppruna. Gjaldið er ákveðin krónutala á hvern lítra af gasi, dísilolíu og bensíni og á hvert kílógramm af brennsluolíu, jarðolíugasi og öðru loftkenndu kolvatnsefni.

Olíugjald á díseilsneyti var tekið upp í stað þungaskatts með lögum nr. 87/2004. Gjaldið er tiltekin fjárhæð á hvern lítra af olíu.

Áfengisgjald var tekið upp með lögum nr. 96/1995 og er það lagt á allt áfengi, þ.e. bæði innflutt og innlenda framleiðslu.

Tóbaksgjald. Með lögum nr. 96/1995 er sérstakt tóbaksgjald lagt á allt tóbak, innflutt og innlenda framleiðslu.

Vörugjöld í landbúnaði. Með lögum nr. 84/1997 er lagt á búnaðargjald. Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá virðisaukaskattskyldum búvöruframleiðendum sem falla undir ákveðin atvinnugreinanúmer. Búnaðargjaldið er 1,2% af gjaldstofni.

Vörugjöld, umhverfisskattar. Með lögum nr. 52/1989 var lagt skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur til að standa straum af söfnun og endurvinnslu þeirra. Skilagjaldinu er ráðstafað til Endurvinnslunnar hf. Með lögum nr. 162/2002 er úrvinnslugjald lagt á tiltekna vöruflokka við innflutning eða á innlenda framleiðslu. Gjaldinu er ráðstafað til Úrvinnslusjóðs til að standa straum af söfnun, endurnýtingu, úrvinnslu og förgun spilliefna.

Vörugjöld af raforku og heitu vatni. Með lögum nr. 129/2009 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af seldri raforku og heitu vatni. Fjárhæð skatts af raforku er ákveðin krónutala á hverja kílóvattstund en 2,0% af smásöluverði á heitu vatni.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Fjárlög/ Fjáraukalög 2015	Fjárlög 2015
				%		
Vörugjöld						
Vörugjöld, almennt	-219	5.560	-5.779	...	1.000	-
Vörugjöld af ökutækjum	7.224	5.031	2.193	43,6	6.730	5.620
Vörugjöld af bensíni og olíuvörum	4.638	4.435	203	4,6	4.530	4.500
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.224	7.214	10	0,1	7.310	7.100
Kolefnisgjald	3.274	3.004	271	9,0	3.320	3.360
Olíugjald	8.313	7.516	797	10,6	8.140	7.700
Vörugjöld af áfengi	13.302	12.345	957	7,7	12.800	12.450
Vörugjöld af tóbaki	5.874	5.920	-46	-0,8	5.850	5.950
Vörugjöld, umhverfisskattar	3.339	2.993	346	11,6	3.055	3.055
Flutningsjöfnunargjöld	371	338	33	9,8	886	1.038
Vörugjöld í landbúnaði	515	567	-52	-9,1	501	501
Vörugjöld af rafmagni, eftirlitsgjöld	2.948	2.495	453	18,1	2.554	2.644
Ýmis vörugjöld	106	103	3	3,4	122	122
Vörugjöld samtals	56.909	57.521	-612	-1,1	56.798	54.039
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	8,3	8,3	.	.	8,3	8,3

Tekjur af vörugjöldum námu 56.909 millj. kr. á árinu 2015 eða um 8,3% af heildartekjum ríkissjóðs. Árið áður námu tekjurnar 57.521

millj. kr. eða um 8,3% af tekjum ríkissjóðs. Lækkun tekna á milli ára nam 612 millj. kr. eða um 1,1%.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Vörugjöld					
Vörugjald, almennt	1.383	-219	-1.074	-25	65
Vörugjald af ökutækjum	384	7.224	-6.977	-2	630
Vörugjöld af bensíni og olíuvörum	0	4.638	-4.638	-	0
Sérstakt vörugjald af bensíni	68	7.224	-7.284	-	8
Kolefnisgjald	1	3.274	-3.274	-	2
Olíugjald	42	8.313	-8.124	-	230
Vörugjöld af áfengi	642	13.302	-12.774	-38	1.131
Vörugjöld af tóbaki	0	5.874	-5.874	-	0
Vörugjöld, umhverfisskattar	489	3.339	-3.349	-5	473
Flutningsjöfnunargjöld	0	371	-371	-	0
Vörugjöld í landbúnaði	103	515	-523	-	95
Vörugjöld af rafmagni, eftirlitsgjöld	376	2.948	-2.911	-	413
Ýmis vörugjöld	16	106	-103	0	18
Vörugjöld samtals	3.504	56.909	-57.278	-71	3.064
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	3,0	.	.	.	2,7

Eftirstöðvar vörugjalda námu 3.064 millj. kr. eða um 2,7% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs í lok árs 2015. Eftirstöðvarnar

lækkuðu um 0,3% á milli ára. Ógjaldfallnar eftirstöðvar voru 2.357 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 2.943 millj. kr. árið áður.

Skýring 11. Sértækir þjónustuskattar

Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins er lagt á eftirlitsskylda aðila skv. lögum nr. 99/1999 og á gjaldið að standa undir rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins.

Forvarnargjald er lagt á allar brunatryggðar húseignir skv. lögum nr. 49/1997 og nemur gjaldið 0,003% af váttryggingarverðmæti viðkomandi húseignar. Gjaldið rennur til Ofanflóðasjóðs.

Byggingaröryggisgjald er lagt á skv. lögum nr. 160/2010 og er innheimt með iðgjöldum váttrygginga af váttryggingafélagum og

öðrum sem annast váttryggingar. Nemur gjaldið 0,0045% af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár. Gjaldið er notað til að fjármagna starfsemi Mannvirkjastofnunar.

Gistináttaskattur er lagður á skv. lögum nr. 87/2011 og nemur 100 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu. Gistináttaeining er leiga á gistaðstöðu í allt að einn sólarhring. Skattinum skal ráðstafa til uppbyggingar, viðhalds og verndunar fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjárlög 2015	Fjárlög 2015
Sértækir þjónustuskattar						
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	1.641	1.590	52	3,2	1.637	1.637
Forvarnargjald	2.084	2.027	56	2,8	1.940	1.940
Byggingaröryggisgjald	497	399	98	24,5	420	420
Gistináttaskattur	301	249	52	20,9	300	270
Sértækir þjónustuskattar samtals	4.523	4.265	257	6,0	4.297	4.267
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,7	0,6	.	.	0,6	0,7

Tekjur ársins af sértækum þjónustusköttum námu alls 4.523 millj. kr. en innheimta þeirra 4.493 millj. kr. Útistandandi kröfur í árslok

2015 vegna sértækra þjónustuskatta námu 532 millj. kr. eða um 0,5% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs.

Skýring 12. Neyslu- og leyfisskattar

Neyslu- og leyfisskattar eru almennt skilgreindir sem skattar sem lagðir eru á notkun eða neyslu vöru og þjónustu en eru ekki lagðir á viðskiptin sjálf eða verðmæti vörunnar.

Bifreiðagjald er lagt á skv. lögum nr. 39/1988 með síðari breytingum og er gjaldið lagt á bifreiðar sem skráðar eru hér á landi og er gjaldið miðað við losun koltvísýrings (CO2) viðkomandi bifreiðar.

Kílómetragjald er lagt á akstur stærri ökutækja og eftirvagna skv. lögum nr. 87/2004. Gjaldið ræðst af heildarþyngd og er tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra.

Skráningargjöld eru m.a. skráningargjöld ökutækja og vinnuvéla, skráning hlutafélaga, skráning firma, skráning loftfara, lögskráning sjómanna og skráning kaupmála.

Eftirlitsgjöld ná yfir veiðieftirlitsgjöld, umferðaröryggisgjald, árgjöld og leyfi Lyfjastofnunar, eftirlitsgjöld Matvælastofnunar, eftirlitsgjald áfengisleyfa o.fl.

Aðrir neyslu- og leyfisskattar eru ýmis afgreiðslugjöld, árgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar, gjöld af tekjum veiðifélaga o.fl.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting		Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	
			fjárhæð	%	2015	2015
Neyslu- og leyfisskattar						
Bifreiðagjald	6.551	6.532	19	0,3	6.550	6.710
Kílómetragjald	817	764	53	6,9	770	780
Skip, afgreiðslugjöld	383	375	8	2,1	338	341
Skráningargjöld	773	684	89	13,0	804	758
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	171	263	-92	-35,0	165	140
Leyfis- og vottorðsgjöld	369	331	38	11,6	264	246
Eftirlitsgjöld	478	437	41	9,5	425	425
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	359	368	-8	-2,2	232	232
Neyslu- og leyfisskattar samtals	9.901	9.753	148	1,5	9.548	9.632
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	1,4	1,4	.	.	1,4	1,5

Tekjur ríkissjóðs af neyslu- og leyfissköttum voru alls 9.901 millj. kr. á árinu 2015 en innheimtan nam 9.782 millj. kr. Eftirstöðvar neyslu- og leyfisskatta námu 897 millj. kr. í árslok 2015 eða um

0,8% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs. Ógjaldfallnar eftirstöðvar kílómetragjalds í lok árs 2015 voru 672 millj. kr. en voru 613 millj. kr. í lok árs 2014.

Skýring 13. Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti

Tollur er greiddur af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins eins og mælt er fyrir í tollskrá nema annað sé tekið fram í tollalögum

eða leiði af EES-samningnum og fríverslunarsamningnum sem Ísland á aðild að.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting		Fjárlög/ Fjáráukalög 2015	Fjárlög 2015
			fjárhæð	%		
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti						
Tollar, almennir	4.967	6.027	-1.060	-17,6	5.750	5.460
Aðrir tollar	22	31	-10	-31,0	22	22
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti samtals	4.989	6.058	-1.070	-17,7	5.772	5.482
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,7	0,9	.	.	0,8	0,8

Tekjur námu 4.989 millj. kr. á árinu 2015, lækkun frá árinu áður um 1.070 millj. kr. sem skýrist að mestu leyti af 1.309 millj. kr. endurgreiðslum vegna ofgreiddra tollkvóta eftir dóm Hæstaréttar frá 21. janúar í málum nr. 317-319/2015. Heildarskuldbinding vegna þessa dóms er óviss, en búið er að endurgreiða það sem er orðið

ljóst. Innheimtan á árinu nam 4.943 millj. kr. Eftirstöðvar skatta á alþjóðaverslun og viðskipti námu alls 1.022 millj. kr. í árslok 2015 eða um 0,9% af heildareftirstöðum ríkissjóðs. Ógjaldfallnar eftirstöðvar í lok árs 2015 voru 1.006 millj. kr. en voru 901 millj. kr. í lok árs 2014.

Skýring 14. Aðrir skattar

Útvarpsgjald er lagt á skv. lögum nr. 6/2007. Gjaldið er fóst fjárhæð sem er ákveðin árlega. Almennt er gjaldið lagt á hvern skattskyldan einstakling og þá lögaðila sem skattskyldir eru.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja skv. lögum nr. 155/2010. Með lögum nr. 139/2013 var gjaldhlutfallið ákveðið 0,376%.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er lagt á skv. lögum nr. 125/1999. Gjaldið er ákveðið árlega og er almennt lagt á einstaklinga á aldrinum 16 ára til 70 ára.

Rafveitueftirlitsgjald er allt að 0,2% af heildartekjum rafveita af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyprar raforku og virðisaukaskatti skv. lögum nr. 146/1996.

Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar er lagt á skv. lögum nr. 69/2003 með síðari breytingum. Gjaldið er reiknað af bókfærðri veltu og er skv. lögum nr. 62/2012 ákveðið 0,38% hjá fjarskiptafyrirtækjum og 0,34% hjá póstrekenndum.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu er lagt á fjarskiptafyrirtæki, sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu, í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Gjaldið er reiknað af bókfærðri veltu hér á landi og er 0,10% skv. lögum nr. 81/2003.

Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara. Með lögum nr. 100/2010 skulu lánastofnanir, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög standa straum af kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds. Gjaldið er miðað við að gjaldskyldir aðilar greiði í sömu hlutföllum og nemur umfangi útlánastarfsemi þeirra í lok næstliðins árs.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Fjárlög 2015
Aðrir skattar						
Útvarpsgjald	3.979	4.231	-252	-6,0	3.980	3.930
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.908	1.821	87	4,8	1.886	1.886
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar	47	46	1	2,2	45	45
Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar	197	189	8	4,5	195	195
Rafveitueftirlitsgjald	237	251	-14	-5,6	235	235
Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	51	739	-688	-93,1	496	496
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	31.914	36.472	-4.558	-12,5	33.700	34.700
Annað	31	66	-35	-53,3	90	90
Aðrir skattar samtals	38.364	43.814	-5.415	-12,4	40.628	41.578
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	5,6	6,4	.	.	5,9	6,4

Tekjur af öðrum sköttum námu 38.364 millj. kr. samanborið við 43.814 millj. kr. árið áður og er það lækkun um 5.415 millj. kr. Tekjurnar voru um 5,6% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 6,4% árið áður. Útistandandi kröfur vegna annarra skatta námu alls 954 millj. kr. árslok 2015 eða um 0,8% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs. Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns

skuldara lækkar verulega milli ára sem skýrist með dómi Hæstaréttar frá 9. október 2015 í máli nr. E-4178/2013 en vegna dómsins voru tekjur fyrri ára endurgreiddar og færðar til lækkunar á tekjum ársins 2015. Heildaráhrifin á tekjur ríkissjóðs eru ekki ljósar en áhrifin á tekjur ársins 2015 námu 443 millj. kr. til lækkunar.

Skýring 15. Tryggingagjöld

Tryggingagjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 113/1990. Launagreiðendur greiða sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi, mótframlagi í lífeyrissjóð og öðrum hliðstæðum greiðslum.

Almennt tryggingagjald, var 6,04% á árinu 2015, sama hlutfall og árið áður. Tekjum af gjaldinu var ráðstafað þannig á árinu 2015 að Fæðingarorlofssjóður fékk 0,65% af gjaldstofni tryggingagjalds og til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða runnu 0,325%. Afgangurinn eða 5,065% rann til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna almannatryggingar eftir reglum sem fjármála- og efnahagsráðherra setur með reglugerð.

Atvinnutryggingagjald var 1,35% á árinu 2015 samanborið við 1,45% árið áður. Sérregla gildir um laun sjómanna á fiskiskipum en þar bætist við sérstök trygging, 0,65%. Atvinnutryggingagjald

rennur almennt til Atvinnuleysistryggingasjóðs með þeirri undantekningu þó að atvinnutryggingagjald bænda, smábátæigenda og vörubifreiðastjóra er greitt til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda er lagt á sama gjaldstofn og tryggingagjald skv. lögum nr. 1/1992. Gjaldið var 0,05% á árinu 2015, sama hlutfall og árið áður. Ábyrgðargjaldi er ætlað að fjármagna Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota samanber lög nr. 88/2003.

Sérstakt slysatryggingagjald er lagt á samkvæmt IV. kafla laga nr. 100/2007. Gjaldið er iðgjald útgerðar fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna og nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna. Gjaldið rennur til fjármögnunar á slysatryggingum.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjárlög 2015	Fjárlög 2015
Tryggingagjöld						
Tryggingagjald, almennt, hluti	64.280	58.042	6.237	10,7	63.274	63.522
Atvinnutryggingagjald	14.841	14.642	199	1,4	14.958	15.000
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	530	512	18	3,5	551	551
Slysatryggingaiðgjald útgerðarmanna af launum og aflahlut sjómanna	57	236	-180	-75,9	260	210
Tryggingagjöld samtals	79.707	73.432	6.275	8,5	79.043	79.283
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	11,6	10,7	.	.	11,5	12,1

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Tryggingagjöld					
Tryggingagjald, almennt, hluti	6.758	64.280	-62.676	-641	7.720
Atvinnutryggingagjald	1.757	14.841	-14.673	-110	1.816
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	109	530	-532	-11	96
Slysatryggingaiðgjald útgerðarmanna af launum og aflahlut sjómanna	22	57	-60	0	19
Tryggingagjöld samtals	8.646	79.707	-77.941	-762	9.650
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	7,5	.	.	.	8,4

Tekjur af tryggingagjöldum voru 79.707 millj. kr. á árinu 2015 og innheimta þeirra nam 77.941 millj. kr. Hlutdeild tryggingagjalda hækkar úr 10,7% af heildartekjum ríkissjóðs 2014 í 11,6% árið 2015. Eftirstöðvar tryggingagjalda voru 9.650 millj. kr. eða 8,4%

af heildareftirstöðvum ríkissjóðs í árslok 2015 samanborið við 7,5% árið áður. Ógjaldfallnar eftirstöðvar í lok árs 2015 voru 7.294 millj. kr. samanborið við 6.299 millj. kr. í árslok 2014.

Skýring 16. Fjárframlög

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
Fjárframlög						
IPA - framlög frá Evrópusambandinu	30	54	-24	-44,3	-	-
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	824	769	55	7,1	835	800
Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	318	310	7	2,4	320	320
Viðbótariðgjöld hjúkrunarheimila vegna lífeyrisskuldbindinga	479	946	-468	-49,4	-	-
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðaskólans	13	13	0	0,6	13	13
Umsýsluþóknun vegna tekjustofna vegáætlunar	81	81	-	-	90	85
Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar	195	169	26	15,3	180	180
Fjárframlög samtals	1.940	2.343	-403	-17,2	1.438	1.398
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,3	0,3	.	.	0,2	0,2

Undir fjárframlög falla óendurkræf framlög frá innlendum stjórnvöldum, alþjóðastofnunum og erlendum stjórnvöldum.

Skýring 17. Vaxtatekjur

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
Vaxtatekjur						
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	5.478	8.460	-2.982	-35,3	4.800	5.100
Vextir af skammtímakröfum	4.995	3.907	1.088	27,8	5.072	5.156
Vextir af langtímakröfum	5.621	6.231	-610	-9,8	6.204	7.950
Vaxtatekjur samtals	16.094	18.598	-2.505	-13,5	16.076	18.205
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	2,3	2,7	.	.	2,3	2,8

Vaxtatekjur ríkissjóðs námu 16.094 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 18.598 millj. kr. árið áður. Vaxtatekjur voru um

2,3% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2015 miðað við 2,7% árið áður.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Vaxtatekjur					
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	5.784	5.478	-3.056	-4.150	4.055
Vextir af skammtímakröfum	-	4.995	-4.995	-	-
Vextir af langtímakröfum	2.163	5.621	-5.591	-	2.193
Vaxtatekjur samtals	7.948	16.094	-13.643	-4.150	6.248
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	6,9	.	.	.	5,4

Eftirstöðvar vaxtatekna ríkissjóðs voru 6.248 millj. kr. í lok árs 2015 eða um 5,4% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs samanborið við 6,9% árið áður.

Skýring 18. Arðgreiðslur

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjáráukalög 2015	Fjárlög 2015
Arðgreiðslur						
Hluti af tekjum opinberra aðila						
Leyfisgjald Happraættis Háskóla Íslands	150	150	-	-	106	106
Rekstrarhagnaður ÁTVR, hluti	1.500	1.400	100	7,1	1.500	1.500
Rarik ohf.	310	310	-	-	310	310
Landsvirkjun	1.499	1.499	-	-	1.500	1.500
Seðlabanki Íslands	1.906	19.517	-17.611	-90,2	1.905	4.000
Hluti af tekjum opinberra aðila samtals	5.364	22.875	-17.511	-76,5	5.321	7.416
Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum						
Landsbanki Íslands hf.	23.500	19.774	3.726	18,8	25.615	7.741
Íslandsbanki hf.	450	200	250	...		
Arion banki hf.	1.665	1.015	650	.		
Norræni fjárfestingabankinn NIB	77	48	29	59,9	77	100
Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum samtals	25.692	21.037	4.655	22,1	25.692	7.841
Arðgreiðslur af hlutabréfum	11	215	-205	-95,1	-	820
Arðgreiðslur samtals	31.067	44.128	-13.061	-29,6	31.013	16.077
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	4,5	6,4	.	.	4,5	2,5

Arðgreiðslur námu 31.067 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 44.128 millj. kr. árið áður. Lækkun á milli ára um 13.061 millj. kr. skýrist í aðalatriðum af lækkun arðgreiðslu frá Landsbanka Íslands hf. um 3.726 millj. kr., arðgreiðslu frá Arion banka hf um

650 millj. kr. og lækkun frá Seðlabanka Íslands um 17.511 millj. kr. frá árinu áður en árið 2014 var um að ræða einskiptis hagnað af endurgreiddu stofnfé Seðlabankans.

Skýring 19. Ýmsar eignatekjur

Veiðigjald er lagt á skv. lögum nr. 74/2012, lög um veiðigjöld með síðari breytingum. Veiðigjaldið er lagt á mánaðarlega á allan landaðan afla. Gjaldldagi veiðigjalda er 1. hvers mánaðar vegna veiða þarsíðasta mánaðar (afli í janúar á gjaldldaga 1. mars og svo framvegis). Gjaldið er mismunandi eftir fisktegundum. Veittur er 20% afsláttur af veiðigjaldinu af fyrstu 4,5 milljónum álagðs veiðigjalds útgerðar og 15% afsláttur af næstu 4,5 milljónum kr.

álagningarinnar. Veiðigjald er lagt á miðað við fiskveiðiárið sem hefst 1. september ár hvert.

Framlag Happprættis HÍ til Háskóla Íslands er skv. lögum nr. 13/1973 en þar er kveðið á um að verja skuli ágóða happprættisins til byggingar og viðhalds o.fl. á vegum Háskóla Íslands.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjárlög 2015	Fjárlög 2015
Ýmsar eignatekjur						
Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	3.310	8.081	-4.770	-59,0	4.710	7.320
Gjald vegna sérst. úthl. til frístunda og í skötuselskvóta	120	40	80	...	22	90
Fjárframlag Happprættis HÍ til Háskóla Íslands	730	765	-35	-4,6	730	730
Afgjöld ríkisjarða	80	78	2	2,6	47	47
Lóðarleiga	117	72	44	61,2	49	11
Annað	130	1	129	...	14	14
Ýmsar eignatekjur samtals	4.487	9.036	-4.550	-50,3	5.572	8.212
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,7	1,3	.	.	0,8	1,3

Ýmsar eignatekjur námu alls 4.487 millj. kr. eða um 0,7% af heildartekjum ársins 2015. Árið 2014 námu tekjurnar 9.036 millj. kr. eða um 1,3% af heildartekjum.

Útistandandi kröfur vegna annarra eignatekna ríkissjóðs voru alls 108 millj. kr. í lok árs 2015 eða um 0,1% af heildareftirstöðvum

ríkissjóðs samanborið við 2,8% árið áður. Frávik í veiðigjaldi milli ára skýrist af hliðrun í tekjum yfir á árið 2016 vegna kerfisbreytinga á álagningu og innheimtu veiðigjalds. Ógjaldfallnar eftirstöðvar veiðigjalds voru engar í lok árs 2015 samanborið við 3.070 millj. kr. í lok árs 2014.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Ýmsar eignatekjur					
Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	3.176	3.310	-6.425	-2	61
Gjald vegna sérst. úthl. til frístunda og í skötuselskvóta	-	120	-121	-	-
Fjárframlag Happprættis HÍ til Háskóla Íslands	-	730	-730	-	-
Afgjöld ríkisjarða	11	80	-78	-	12
Lóðarleiga	36	117	-118	-	35
Annað	-	130	-130	-	-
Ýmsar eignatekjur samtals	3.223	4.487	-7.601	-2	108
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	2,8	.	.	.	0,1

Skýring 20. Neyslu- og leyfisgjöld

Neyslu- og leyfisgjöld eru skilgreind sem gjaldtaka fyrir tiltekna þjónustu eða eftirlit sem er skyldubundið og verður aðeins veitt á vegum hins opinbera.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Fjárlög/ Fjáraukalög 2015	Fjárlög 2015
				%		
Neyslu- og leyfisgjöld						
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	4.441	4.472	-31	-0,7	4.414	4.509
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslumanna	866	879	-13	-1,4	917	1.042
Áhættugjöld	1.389	1.451	-61	-4,2	1.420	1.390
Innritunargjöld	1.389	1.389	0	0,0	1.285	1.285
Prófgjöld	46	45	1	2,9	47	47
Vottorðsgjöld	123	110	13	11,9	59	59
Aðgangur að opinberum skrá	628	599	29	4,9	686	686
Neyslu- og leyfisgjöld, eftirlitsgjöld	985	982	3	0,3	1013	1.003
Skoðunargjöld Vinnueftirlits ríkisins	225	205	20	9,6	220	220
Eftirlits- og starfrækslugjöld vegna radíótækni	9	9	0	-3,1	15	15
Fisksjúkdómagjald	8	6	2	25,1	5	5
Gjald af sláturleyfishöfum	17	12	5	39,0	10	10
Heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum	130	139	-9	-6,3	132	132
Mengunareftirlitsgjald	34	27	8	28,8	10	10
Eftirlitsgjöld Geislavarna ríkisins	8	10	-2	-20,4	10	10
Faggildingargjöld Einkaleyfastofunnar	14	10	3	31,2	18	18
Eftirlitsgjald vegna fódurs, áburðar og sáðvöru	35	36	-1	-2,8	59	59
Þjónustugjald Lyfjastofnunar	71	93	-22	-24,0	-	-
Markaðsleyfi sér-, samhlíða- og náttúruylfja	205	198	7	3,8	280	270
Umsýslu- og eftirlitsgjald v/ársreikninga	29	28	1	2,1	41	41
Eftirlit dýralækna	169	180	-12	-6,4	214	214
Annað	32	28	4	13,4	-	-
Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis	2.409	1.966	444	-29,9	1.994	1.755
Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd	346	268	78	29,2	343	259
Göngudeildargjöld	118	113	6	5,0	130	130
Tollafgreiðslugjald	353	301	52	17,2	310	310
Árgjöld vegna framhaldsvottunar og eftirlits	285	266	19	7,3	269	176
Auglýsingar í Lögbirtingablaði	23	23	1	2,5	19	19
Vegabréf	610	500	110	22,0	520	470
Gjald vegna skráningarmarkja ökutækja	81	57	24	41,9	-	-
Ökuskírteini	105	103	2	2,0	110	108
Þinglýsing	221	195	26	13,3	200	190
Útgáfa skírteina	23	21	2	10,0	17	17
Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	8	10	-1	-13,5	1	1
Auglýsingar í stjórnartíðindum	26	24	2	7,3	27	27
Annað	209	85	124	...	48	48
Neyslu- og leyfisgjöld samtals	7.836	7.420	416	5,6	7.421	7.266
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	1,1	1,1	.	.	1,1	1,1

Tekjur ríkissjóðs af neyslu- og leyfisgjöldum námu alls 7.836 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 7.420 millj. kr. árið 2014. Sem

hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs námu þær 1,1% árið 2015, sama hlutfall og árið áður.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Neyslu- og leyfisgjöld					
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	5	4.441	-4.441	-1	5
Neyslu- og leyfisgjöld, eftirlitsgjöld	243	985	-1.031	-7	189
Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis	135	2.409	-2.409	0	136
Neyslu- og leyfisgjöld samtals	384	7.836	-7.881	-8	331
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	0,3	.	.	.	0,3

Eftirstöðvar neyslu- og leyfisgjalda ríkissjóðs voru 331 millj. kr. í lok árs 2015 eða um 0,3% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan.

Skýring 21. Sektir og skaðabætur

Sektir og skaðabætur. Stærstu liðirnir sem falla hér undir eru sektir ákvarðaðar af lögreglustjórum, dómsektir, skattsektir, stjórnvaldssektir og gjald vegna óskoðaðra ökutækja sem lagt var

á með lögum nr. 65/2008 með breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
			fjárhæð	%		
Sektir og skaðabætur						
Lögreglustjórasektir	1.162	510	652	...	530	540
Dómsektir	146	497	-351	-70,6	1.043	960
Stjórnvaldssektir	1.376	894	482	53,9	-	-
Sektir af skatttekjum	-261	340	-601	...	589	750
Gjald vegna óskoðaðra ökutækja	415	371	43	11,6	-	-
Sektir RSK vegna dráttar á skilum ársreikninga	-708	449	-1.157	...	-	-
Aðrar sektir	19	140	-121	-86,3	42	41
Sektir og skaðabætur samtals	2.149	3.202	-1.053	-32,9	2.204	2.291
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,3	0,5	.	.	0,3	0,4

Hér er almennt um tilfallandi tekjur að ræða. Árið 2015 námu þær 2.149 millj. kr. samanborið við 3.202 millj. kr. árið áður.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Sektir og skaðabætur					
Lögreglustjórasæktir	147	1.162	-667	-45	597
Dómsektir	1.577	146	-137	-80	1.505
Stjórnvaldssektir	-356	1.376	-1.004	-	16
Sektir af skatttekjum	590	-261	-52	-130	146
Gjald vegna óskoðaðra ökutækja	185	415	-388	-70	142
Sektir RSK vegna dráttar á skilum ársreikninga	670	-708	-95	352	219
Aðrar sektir	232	19	-112	-32	108
Sektir og skaðabætur samtals	3.044	2.149	-2.455	-5	2.733
Hlutfall af heildareftirstöðvum ríkissjóðs, %	2,6	.	.	.	2,4

Útistandandi kröfur ríkissjóðs vegna sekta og skaðabóta námu 2.733 millj. kr. í árslok 2015 eða um 2,4% af heildareftirstöðvum ríkissjóðs samanborið við 2,6% árið áður.

Skýring 22. Ýmsar tekjur

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Fjárlög/ Fjáraukalög 2015	Fjárlög 2015
				%		
Ýmsar tekjur						
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota	60	99	-39	-39,4	45	75
Annað	36	35	1	2,3	-	-
Ýmsar tekjur samtals	96	134	-38	-28,4	45	75
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,0	0,0	.	.	0,0	0,0

Skýring 23. Sala efnislegra eigna

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
			fjárhæð	%		
Sala efnislegra eigna						
Íbúðarhúsnæði	87	5	82	...	-	-
Annað húsnæði en íbúðarhúsnæði	12	112	-100	-89,7	400	400
Mannvirki á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurlugvöll	225	275	-50	-18,0	-	-
Land og jarðeignir	109	529	-419	-79,3	100	100
Eignir Jarðasjóðs	27	42	-16	-36,6	-	300
Sala efnislegra eigna samtals	460	962	-502	-52,2	500	800
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,1	0,1	.	.	0,1	0,1

Tekjur ríkissjóðs af sölu efnislegra eigna námu 460 millj. kr. árið 2015 samanborið við 962 millj. kr. árið 2014. Sjá séryfirlit 10.

Skýring 24. Tekjur af peningalegum eignum

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2015	Fjárlög 2015
			fjárhæð	%		
Tekjur af peningalegum eignum						
Hagnaður af sölu verðbréfa	-	1.256	-1.256	-100,0	-	-
Tekjur af peningalegum eignum samtals	-	1.256	-1.256	-100,0	-	-
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	-	0,2	.	.	-	-

Engar tekjur voru á árinu 2015 en á árinu 2014 námu tekjur af peningalegum eignum 1.256 millj. kr. Tekjur ársins 2014 voru vegna afléttingarviðskipta Seðlabanka Íslands.

Skýring 25. Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Gjöld A-hluta ríkissjóðs voru alls 666.528 millj. kr. á árinu 2015 eða sem nemur 30,2% af vergri landsframleiðslu ársins. Árið 2014 námu gjöldin 642.490 millj. kr. eða um 32,1% af vergri landsframleiðslu. Gjöldin hækka því um 24.038 millj. kr. eða 3,7% á milli ára. Vísitala neysliverðs hækkaði um 1,6% að meðaltali á milli áruna 2014 og 2015. Að teknu tilliti til breytinga á vísitölunni hækkuðu gjöldin því um 2,1% að raungildi á milli ára.

Umfjöllunin hér á eftir er tvíþætt. Annars vegar er gerð grein fyrir gjöldum stofnana samanborið við þær fjárheimildir sem Alþingi hefur veitt þeim. Hins vegar er farið yfir gjöld ríkissjóðs og þau flokkuð út frá þremur mismunandi sjónarhornum, þ.e. málaflokkum, hagrænni sundurliðun og ráðstöfun gjalda.

Samanburður gjalda og fjárheimilda

Gjaldaheimildir sem Alþingi hefur afgreitt og eru til ráðstöfunar eru af tvennum toga. Annars vegar eru fjárheimildir ársins sem samþykktar eru með fjárlögum og fjárukalögum viðkomandi fjárhagsárs. Hins vegar eru heildarfjárheimildir sem eru til ráðstöfunar en þær ná bæði yfir fjárheimildir ársins, millifærðar fjárheimildir og flutta fjárheimildastöðu frá fyrra ári. Staða fjárheimilda frá fyrra ári sýnir hvort viðkomandi fjárlagaliður er með jákvæða eða með neikvæða stöðu í byrjun árs. Við afgreiðslu lokafjárlaga hverju sinni er ákveðið hvort eða hvernig viðkomandi staða flyst á milli ára.

Heildarfjárheimildir gjalda námu 673.142 millj. kr. á árinu 2015, þar af voru fluttar fjárheimildir (inneignir eða skuldir) frá árinu 2014 alls 8.645 millj. kr., samkvæmt lokafjárlögum 2014 sem samþykkt voru af Alþingi í maí 2016, fjárheimildir samkvæmt fjárlögum 650.114 millj. kr. en við afgreiðslu fjárukalaga voru fjárheimildir hækkaðar um 14.383 millj. kr. (sérfirlit 5).

Hækkun fjárheimilda í fjárukalögum 2015 að fjárhæð 14.383 millj. kr. skýrast að stórum hluta með nokkrum þáttum: a) 2.994 millj. kr. vegna útgjalda Vegagerðarinnar; b) 3.140 millj. kr. vegna fjármagnstekjuskatts af auknum arðgreiðslum til ríkissjóðs; c) 2.972 millj. kr. vegna endurmats á útgjöldum sjúkratrygginga og d) 3.016 millj. kr. vegna ófyrirséðra útgjalda. Á móti þessum hækkuðu heimildum kom svo 5.252 millj. kr. lækkun á fjármagnskostnaði ríkissjóðs miðað við áætlun fjárlaga.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2015 að fjárhæð 666.528 millj. kr. voru því 6.614 millj. kr. eða 1,0% undir heildarfjárheimildum ársins. Við samanburð á útkomu og fjárheimildum er mikilvægt að hafa í huga að frávik eiga sér margvíslegar skýringar. Í því samhengi má nefna sértæk útgjöld sem eru háð hagsveiflunni hverju sinni, útgjöld sem eru bundin ákvæðum laga og reglugerða eða útgjöld sem ráðast af stjórnun á rekstri stofnana. Í eftirfarandi yfirliti er leitast við að sýna frávik útkomu og fjárheimilda út frá þessum þáttum.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Fjárlög 2015	Frávik	Heildar- fjárheimildir 2015	Frávik
Rekstrargjöld ráðuneyta og ríkisstofnana	208.924	204.199	4.726	212.288	-3.363
Laun	160.160	147.059	13.101	149.869	10.291
Önnur gjöld að frádregnum sértekjum	48.764	57.140	-8.375	62.419	-13.654
Vöru- og þjónustukaup utan ríkisins	46.067	43.495	2.571	45.128	939
Háskólar og framhaldsskólar	8.117	7.426	692	8.121	-3
Hjúkrunar-, öldrunar og endurhæfingarstofnanir	28.196	26.747	1.449	27.050	1.145
Annað	9.753	9.323	431	9.957	-203
Sértæk gjöld	116.980	109.756	7.224	109.310	7.670
Fjármagnskostnaður	79.348	82.483	-3.135	77.231	2.117
Lífeyrisskuldbindingar	19.788	10.013	9.775	11.679	8.109
Afskriftir skattkrafna	9.790	12.000	-2.210	12.000	-2.210
Fjármagnstekjuskattur	8.054	5.260	2.794	8.400	-346
Ýmis útgjöld bundin lögum og reglugerðum	206.588	204.743	1.845	207.905	-1.318
Lífeyrstryggingar	74.972	74.892	81	74.892	81
Sjúkratryggingar	30.307	26.990	3.317	29.548	759
Framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga	18.812	17.921	891	18.852	-40
Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila	18.458	18.385	73	19.143	-685
Barna- og vaxtabætur	17.560	18.700	-1.140	17.900	-34
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	13.591	13.787	-196	13.787	-196
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	12.500	12.487	13	12.538	-37
Atvinnuleysisstryggingasjóður	11.103	12.249	-1.149	11.749	-645
Fæðingarorlof	9.284	9.332	-48	9.497	-213
Ýmsar rekstrar- og neyslutilfærslur	48.639	47.530	1.110	51.846	-3.207
Viðhald	11.791	10.061	1.730	7.989	3.802
Stofnkostnaður	15.805	14.548	1.257	18.179	-2.374
Ýmsar fjármagnstilfærslur	11.734	15.784	-4.050	20.497	-8.762
Gjöld samtals	666.528	650.114	16.413	673.142	-6.614

Yfirlitið sýnir samanburð útgjalda annars vegar við heimildir fjárlaga ársins 2015 og hins vegar við heildarfjárheimildir þegar búið er að bæta við heimildum í fjárukalögum og fluttum fjárheimildum frá árinu 2014. Niðurstöður fyrir árið sýna að útkoman reyndist 16.413 millj. kr. umfram fjárlög en voru 2.031 millj. kr. umfram þegar tekið hefur verið tillit til viðbótargjaldaheimilda í fjárukalögum. Hins vegar að teknu tilliti til eldri fjárheimilda er lokaniðurstaðan að gjöldin reyndust 6.614 millj. kr. innan heildarfjárheimilda.

Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um einstaka þætti yfirlitsins.

Rekstrargjöld ráðuneyta og ríkisstofnana. Heildarkostnaður nam 208.924 millj. kr. eða tæplega þriðjung af útgjöldum ríkissjóðs. Þar af nam launakostnaður ríkisins 160.160 millj. kr. sem er um 10.291 millj. kr. meira en heildarfjárheimildir gerðu ráð fyrir. Reiknuð ársverk hjá ríkissjóði námu 16.313 á árinu 2015 en þau voru 16.276 árið 2014, fjölgun um 37 á milli ára. Samanborið

við upphafleg fjárlög voru rekstrargjöld ráðuneyta og ríkisstofnana 4.726 millj. kr. hærra en þegar horft er til heildarfjárheimilda eru útgjöldin 3.363 millj. kr. innan heimilda.

Vöru- og þjónustukaup utan ríkisins. Hér er einkum um að ræða keypta þjónustu samkvæmt þjónustusamningum og nam þessi kostnaður 46.067 millj. kr. eða 6,9% af útgjöldum ríkissjóðs. Meginhluti þessa er vegna hjúkrunar-, öldrunar- og endurhæfingarstofnana 28.196 millj. kr. og 8.117 millj. kr. vegna háskóla og framhaldsskóla. Útgjöldin reyndust 2.571 millj. kr. umfram heimildir fjárlaga og 938 millj. kr. umfram heildarfjárheimildir.

Sértæk gjöld. Hér er um að ræða stóra útgjaldaliði ríkissjóðs sem geta sveiflast nokkuð frá einu ári til annars og markast mjög af hagsveiflunni hverju sinni. Því getur verið erfitt að áætla útgjöldin og algengt að þau víki töluvert frá fjárheimildum. Við afgreiðslu lokafjárlaga hverju sinni eru þessi frávik almennt felld niður.

Þessi útgjöld námu 116.980 millj. kr. á árinu 2015 eða 17,6% af útgjöldum ríkissjóðs. Mest munaði um fjármagnskostnað ríkissjóðs sem nam 79.348 millj. kr. eða um 11,9% af heildarútgjöldum. Útgjöldin voru 7.224 millj. kr. umfram fjárlög, en við afgreiðslu fjárákjalaga voru heimildir lækkaðar lítillega.

Ýmis útgjöld bundin lögum og reglugerðum. Algengt er að útgjöld ríkissjóðs séu mörkuð til velferðarmála eða annarra samfélagslegra verkefna þar sem löggjafinn hefur sett ákveðin viðmið sem ganga skal út frá eða þau ákvörðuð í reglugerð. Nægir hér að nefna árleg framlög til almannatryggingakerfisins, atvinnuleysisbóta og annan stuðning til velferðarmála. Dæmi um tímabundin útgjöld eru framlög vegna niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána sem ákveðin voru síðla árs 2014 og koma til gjaldfærslu á árunum 2014-2016. Yfirlitið sýnir fjárfrekustu útgjöldin sem falla hér undir, en það er ekki tæmandi upptalning, en útgjöld þeirra 9 gjaldaliða

sem þar koma fram námu 206.588 millj. kr. á árinu 2015 eða 31,0% af útgjöldum ríkissjóðs. Útgjöldin reyndust 1.845 millj. kr. hærri en áætlað var í fjárlögum, en voru 1.318 millj. kr. innan heildarfjárheimilda.

Önnur útgjöld. Önnur útgjöld námu samtals 87.969 millj. kr. eða 13,2% af útgjöldum ríkissjóðs, en þau voru vegna ýmissa rekstrar- og neyslutilfærslna, viðhalds, stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Í aðalatriðum voru ekki stór frávik frá fjárheimildum en rétt að taka fram að fjármagnstilfærslur reyndust 4.050 millj. kr. innan fjárheimilda fjárlaga og 8.762 millj.kr. innan heildarheimilda.

Eftirfarandi yfirlit sýnir þá fjárlagaliði þar sem mismunur gjalda og fjárheimilda var meiri en 100 millj. kr., óháð formerki, í árslok 2015.

Í millj. kr.	Heildar- fjárheimild umfram gjöld	Þar af flutt frá fyrra ári	Heildar- fjárheimild umfram gjöld	Þar af flutt frá fyrra ári
01 Forsætisráðuneyti				
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	174	36		
02 Mennta- og menningamálaráðuneyti				
201 Háskóli Íslands	997	1.115		
216 Landbúnaðarháskóli Íslands	-405	-433		
217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-187	-170		
235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	399	242		
236 Rannsóknasjóður	308	407		
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	685	638		
352 Flensborgarskóli	-150	-183		
981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	163	86		
03 Utanríkisráðuneyti				
300 Sendiráð Íslands	109	129		
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	130	204		
401 Alþjóðastofnanir	502	-		
04 Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti				
190 Ýmis verkefni	237	237		
215 Fiskistofa	206	54		
234 Matvælastofnun	129	59		
251 Einkaleyfastofan	-163	-176		
415 Sjóður til sildarránnsóka	239	232		
511 Tækniþróunarsjóður	460	581		
521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	368	68		
522 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	201	-		
528 Nýsköpun og atvinnuþróun	350	92		
541 Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta	426	325		
555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	153	148		
559 Ýmis ferðamál	367	269		
571 Orkustofnun	253	280		
843 Fiskræktarsjóður	468	460		
844 Umhverfissjóður sjókvíaldis	121	66		
06 Innanríkisráðuneyti				
231 Málskostnaður í opinberum málum	-177	-		
310 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu	-146	-117		
395 Landhelgisgæsla Íslands	336	51		
591 Fangelsisbyggingar	402	588		
651 Vegagerðin	-289	-1.433		
655 Samgöngustofa	-174	-158		
662 Hafnarframkvæmdir	321	526		
689 Fjarskiptasjóður	367	175		
701 Þjóðkirkjan	219	-42		
08 Velferðaráðuneyti				
203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	170	-		
204 Lífeyrstryggingar	-671	-		
206 Sjúkratryggingar	-1.182	-		
208 Slysatryggingar	200	-		
334 Umboðsmaður skuldara	379	189		
373 Landspítali	-2.907	-2.975		
376 Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans	721	27		
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	121	13		
401 Öldrunarstofnanir, almennt	159	75		
402 Framkvæmdasjóður aldraðra	848	679		
406 Hrafnista, Hafnarfirði	-112	-		
447 Sóltún, Reykjavík	-528	-352		
726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	-143	-120		
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	-251	-278		
787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-400	-349		
851 Atvinnuleysistryggingasjóður	354	-		
854 Fæðingarorlof	105	-		
860 Íbúðalánasjóður	4.460	-		
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti				
103 Fjársýsla ríkisins	115	100		
210 Ríkisskattstjóri	304	256		
250 Innheimtukostnaður	138	-		
262 Tollstjórinn	275	254		
381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	-7.370	-		
711 Afskriftir skattkrafna	2.210	-		
721 Fjármagnstekjuskattur	346	-		
821 Vaxtabætur	270	-		
825 Niðurfærsla á verðtryggingum húsnæðisskuldum heimila	638	2		
978 Fjármálaeftirlitið	306	483		
989 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár	-669	-		
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-549	221		
984 Ríkiseignir	216	504		
985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurlugvöll	596	341		
989 Ófyrirséð útgjöld	547	-		
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti				
190 Ýmis verkefni	102	171		
211 Umhverfisstofnun	154	166		
287 Úrvinnslusjóður	895	862		
320 Mannvirkjastofnun	307	365		
381 Ofanflóðasjóður	1.146	1.172		
412 Veðurstofa Íslands	253	17		
19 Fjármagnskostnaður				
801 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-2.117	-		

Yfirlitið sýnir uppsafnaða stöðu á hverjum lið, þ.e. staða fyrri ára er innifalin. Mismunurinn á milli dálka felur því í sér útkomu viðkomandi liðar á árinu 2015. Sem dæmi má nefna að Háskóli Íslands hefur jákvæða stöðu um 997 millj. kr. í árslok 2015, þar af

var flutt staða frá fyrra ári 1.115 millj. kr. Í þessu felst að útkoman var neikvæð á árinu 2015 um 118 millj. kr. en hún kemur fram sem mismunurinn á milli upphafsstöðu ársins og lokastöðu þess. Í séryfirliti 2 kemur fram niðurstaða allra liða á árinu 2015.

Gjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum

Gjöldum A-hluta ríkissjóðs er skipt á málaflokka. Þar er lagður til grundvallar alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government, COFOG) og hann lagaður að umhverfinu hér á landi. Slíki flokkun auðveldar alþjóðlegan

samanburð á skiptingu útgjalda ríkisins og hefur þessum staðli verið beitt hér á landi um margra ára skeið. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður á gjöldum ríkissjóðs til helstu málaflokka á árinu 2015 samanborið við árið á undan.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	%	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Almenn opinber starfsemi	136.801	131.972	4.829	3,7	137.085	143.060
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	4.348	4.182	166	4,0	4.682	4.137
Fjármálastjórnýsla ríkisins	11.162	10.640	522	4,9	12.077	10.581
Utanríkismál	12.313	12.034	279	2,3	13.002	12.642
Önnur almenn opinber þjónusta	10.819	8.870	1.949	22,0	11.241	15.297
Fjármagnskostnaður	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	18.812	17.693	1.119	6,3	18.852	17.921
Lög- og réttargæsla	23.248	21.976	1.272	5,8	24.628	20.933
Efnahags- og atvinnumál	86.178	100.753	-14.575	-14,5	91.907	83.193
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	6.193	7.009	-816	-11,6	6.549	6.072
Landbúnaðarmál	15.049	14.722	327	2,2	15.396	15.010
Samgöngumál	28.408	26.557	1.851	7,0	28.373	26.139
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atvinnumálum	5.378	4.402	976	22,2	6.645	5.377
Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila	18.523	35.801	-17.278	-48,3	19.162	18.402
Önnur efnahags- og atvinnumál	12.626	12.262	365	3,0	15.783	12.194
Heilbrigðismál	152.499	139.880	12.620	9,0	148.164	144.361
Lyf og lækningavörur	18.964	18.460	504	2,7	18.285	18.396
Heilsugæsla	32.762	29.312	3.450	11,8	37.585	30.507
Sjúkrahúspjónusta	64.649	59.116	5.532	9,4	54.337	60.564
Hjúkrunar- og endurhæfingastofnanir	31.236	28.752	2.485	8,6	32.938	30.151
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	4.889	4.240	649	15,3	5.019	4.744
Menningar- og félagsmál	20.148	18.333	1.816	9,9	20.451	18.883
Menningarmál	9.506	8.408	1.097	13,1	9.571	8.672
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	10.643	9.925	718	7,2	10.879	10.212
Menntamál	59.248	53.606	5.642	10,5	60.259	56.747
Framhaldsskólastig	25.069	21.650	3.419	15,8	25.544	23.760
Háskólastig	29.308	27.462	1.847	6,7	29.802	28.325
Önnur menntamál	4.871	4.494	377	8,4	4.913	4.662
Almannatryggingar og velferðarmál	142.215	139.405	2.810	2,0	143.198	142.604
Örorka og fötlun	39.226	37.563	1.663	4,4	39.280	38.796
Öldrun	50.923	47.484	3.439	7,2	50.773	50.803
Fjölskyldur og börn	24.017	23.428	588	2,5	24.591	24.618
Atvinnuleysi	11.755	14.307	-2.553	-17,8	12.137	12.637
Vaxtabætur	7.230	8.463	-1.234	-14,6	7.500	7.700
Önnur trygginga- og velferðarmál	9.065	8.160	906	11,1	8.917	8.050
Önnur útgjöld	46.189	36.565	9.624	26,3	47.450	40.333
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	19.049	7.033	12.017	...	11.679	10.013
Afskriftir skattkrafna	9.790	14.738	-4.948	-33,6	12.000	12.000
Fjármagnstekjuskattur	8.054	7.198	856	11,9	8.400	5.260
Annað	9.296	7.597	1.699	22,4	15.371	13.060
Gjöld samtals	666.528	642.490	24.038	3,7	673.142	650.114

Almenn opinber starfsemi. Gjöld málaflokksins námu 136.801 millj. kr. á árinu 2015 og námu þau 20,5% af gjöldum ríkissjóðs sem er sama hlutfall og árið á undan. Gjöldin hækkuðu um 4.829 millj. kr. á milli ára eða um 3,7%, en það jafngildir 2,0% hækkan að raungildi. Gjöld málaflokksins voru 284 millj. kr. innan heildarfjárheimilda. Málaflokkurinn nær yfir æðstu stjórnýsly, utanríkisþjónustu og tilfærslur til annarra stjórnýslustiga (hér á landi til sveitarfélaga). Jafnframt fellur fjármagnskostnaður ríkisins hér undir en hann nam 79.348 millj. kr. sem er um 11,9% af heildarútgjöldum ríkissjóðs og um 58% af útgjöldum málaflokksins.

Lög- og réttargæsla. Gjöldin námu 23.248 millj. kr. á árinu 2015 eða um 3,5% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 3,4% árið á undan. Hækkun á milli ára nam 1.272 millj. kr. eða um 5,8% sem svarar til 4,1% hækkanar að raungildi. Gjöld málaflokksins voru 1.380 millj. kr. innan heildarfjárheimilda. Málaflokkurinn nær meðal annars yfir lögreglu, dómstóla, fangelsi og Landhelgisgæsluna.

Efnahags- og atvinnumál. Gjöldin námu 86.178 millj. kr. á árinu 2015 eða 12,9% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 15,7% árið á undan. Útgjöldin drógust saman um 14.575 millj. kr. milli ára eða um 14,5% sem nemur 15,8% að raungildi. Lækkunin skýrist að stórum hluta með lægri gjaldfærslu vegna niðurfærslu á verðtrygðum húsnæðisskuldum heimilanna en á fyrri ári. Á árinu 2015 nam hún 18.523 millj. kr. samanborið við 35.688 millj. kr. árið 2014 sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Gjöld málaflokksins voru 5.729 millj. kr. innan heildarfjárheimilda á árinu 2015. Önnur helstu framlög sem falla hér undir eru til samgöngumála 33,0% af gjöldum málaflokksins og greiðslur vegna landbúnaðar 17,5%.

Heilbrigðismál. Gjöldin námu 152.499 millj. kr. á árinu 2015 eða um 22,9% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 21,8% árið á undan. Hækkun á milli ára nam um 12.620 millj. kr. eða um 9,0% en það svarar til 7,3% hækkanar að raungildi. Gjöld málaflokksins fóru 4.335 millj. kr. fram úr heildarfjárheimildum. Þar vegur þyngst að sjúkrahúsaþjónusta fór 10.312 millj. kr. fram úr heildarheimildum sem skýrist að töluverðu leyti af uppsöfnuðum halla frá fyrri árum sem nam um 3.785 millj. kr. Af gjöldum málaflokksins var hlutdeild sjúkrahúsaþjónustu 42,4%, heilsugæsla 21,5%, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana 20,5% og lyfja og lækningavara 12,4%.

Menningar- og félagsmál. Gjöldin námu 20.148 millj. kr. á árinu 2015 eða um 3,0% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 2,9% árið á undan. Hækkun á milli ára nam 1.816 millj. kr. eða 9,9% en að raungildi hækkuðu gjöldin um 8,1%. Gjöld málaflokksins voru 303 millj. kr. innan heildarfjárheimilda. Stærstu liðirnir eru framlög til menningarmála sem námu 47,2% af gjöldum þessa málaflokks og 52,8% til íþróttá, fjölmiðlunar, félags- og trúmála.

Menntamál. Gjöldin námu 59.248 millj. kr. á árinu 2015 og námu þau 8,9% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 8,3% árið

á undan. Hækkun á milli ára nam 5.642 millj. kr. eða um 10,5% sem svarar til 8,7% hækkanar að raungildi. Gjöld málaflokksins voru 1.010 millj. kr. innan heildarfjárheimilda. Framlög til háskólastigsins námu 49,5% af gjöldum til menntamála og 42,3% til framhaldsskólastigsins.

Almannatryggingar og velferðarmál. Gjöld málaflokksins námu 142.215 millj. kr. á árinu 2015 og námu þau 21,3% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 21,7% árið á undan. Gjöldin hækkuðu um 2.810 millj. kr. frá árinu á undan eða um 2,0%, en það svarar til 0,4% hækkanar að raungildi. Gjöld málaflokksins voru 983 millj. kr. innan heildarfjárheimilda. Hækkun gjalda á milli ára skýrist aðallega af hækkan framlaga til öldrunarmála um 3.439 millj. kr. og vegna örorku og fötlunar um 1.663 millj. kr. Á móti lækkuðu framlög vegna atvinnuleysisbóta um 2.553 millj. kr. og vaxtabóta um 1.234 millj. kr. Helstu gjaldabættir málaflokksins eru öldrunarmál 35,8%, örorka og fötlun 27,6%, fjölskyldu og barna 16,9%, atvinnuleysi 8,3% og vaxtabætur 5,1%.

Önnur útgjöld. Hér falla undir önnur gjöld ríkisins sem tilheyra ekki framangreindum málaflokkum. Árið 2015 námu þessi gjöld 46.189 millj. kr. samanborið við 36.565 millj. kr. árið á undan. Hækkun á milli ára nam 9.624 millj. kr. eða um 26,3%. Gjöldin voru 6,9% af heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2015, samanborið við 5,7% árið á undan. Af útgjaldaliðum sem falla þarna undir munar mestu um lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun sem námu 19.049 millj. kr. á árinu 2015 sem er um 41,2% af málaflokknum. Þá námu afskriftir skattkrafna 21,2%, greiddur fjármagnstekjuskattur 17,4% og annað 20,1%.

Gjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum og hagrænu eðli

Gjöld ríkissjóðs námu 666.528 millj. kr. á árinu 2015. Þau skiptust þannig eftir ráðuneytum að til velferðarráðuneytis runnu 275.402 millj. kr. eða 41,3%, fjármála- og efnahagsráðuneytis 92.436 millj. kr. eða 13,9%, innanríkisráðuneytis 82.819 millj. kr. eða 12,4%, mennta- og menningarmálaráðuneytis 76.348 millj. kr. eða 11,5% og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis 30.457 millj. kr. eða 4,6%. Gjöld annarra ráðuneyta voru lægri. Loks var fjármagnskostnaður 79.348 millj. kr. eða 11,9% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2015.

Gjöld A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig eftir hagrænu eðli á árinu 2015 að rekstrargjöld án vaxta námu 282.833 millj. kr. eða 42,4%, fjármagnskostnaður 79.348 millj. kr. eða 11,9%, rekstrar- og neyslutilfærslur 246.559 millj. kr. eða 37,0%, viðhaldsframkvæmdir 11.791 millj. kr. eða 1,8%, stofnkostnaður 15.805 millj. kr. eða 2,4% og fjármagnstilfærslur 30.192 millj. kr. eða 4,5%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu gjalda ríkissjóðs eftir hagrænu eðli þeirra og helstu verkefnum árin 2014 og 2015.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Rekstrargjöld	362.181	328.635	33.545	10,2	354.725	345.450
Laun	160.160	144.217	15.943	11,1	149.869	147.059
Lífeyrisskuldbindingar	19.788	7.776	12.012	...	11.679	10.013
Fjármagnstekjuskattur	8.054	7.198	856	11,9	8.400	5.260
Önnur gjöld	139.776	131.237	8.539	6,5	145.572	138.391
Sértekjur stofnana	-44.945	-40.346	-4.599	11,4	-38.026	-37.756
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar alls	282.833	250.082	32.751	13,1	277.494	262.967
Fjármagnskostnaður	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Rekstrar- og neyslutilfærslur	246.559	246.356	203	0,1	252.609	245.887
Lífeyristryggingar	74.972	70.807	4.166	5,9	74.892	74.892
Sjúkratryggingar	30.307	28.232	2.075	7,4	29.548	26.990
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	13.591	13.112	480	3,7	13.787	13.787
Atvinnuleysisstryggingasjóður	11.103	13.601	-2.498	-18,4	11.749	12.249
Fæðingarorlof	9.284	8.803	481	5,5	9.497	9.332
Barnabætur	10.331	9.783	548	5,6	10.400	11.000
Vaxtabætur	7.230	8.463	-1.234	-14,6	7.500	7.700
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	18.812	17.693	1.119	6,3	18.852	17.921
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	12.500	12.295	205	1,7	12.538	12.487
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.328	8.340	-13	-0,2	8.373	8.344
Vegagerð	2.806	2.759	47	1,7	1.869	1.877
Alþjóðastofnanir	2.446	2.828	-382	-13,5	2.950	3.015
Próunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	1.640	1.564	75	4,8	2.116	1.854
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	3.303	3.072	231	7,5	3.287	2.978
Sóknargjöld	2.223	2.133	90	4,2	2.223	2.235
Afskriftir skattkrafna	9.790	14.738	-4.948	-33,6	12.000	12.000
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	27.894	28.134	-240	-0,9	31.029	27.227
Viðhald	11.791	10.211	1.580	15,5	7.989	10.061
Vegagerð	6.261	4.984	1.277	25,6	6.320	5.850
Fasteignir ríkissjóðs	3.233	2.530	703	27,8	1.769	2.520
Annað	2.298	2.698	-400	-14,8	-100	1.691
Stofnkostnaður	15.805	14.459	1.346	9,3	18.179	14.548
Vegagerð	8.476	9.288	-812	-8,7	9.848	8.672
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	2.152	1.809	343	18,9	2.417	2.929
Skólar	1.483	864	619	71,7	553	948
Fangelsi	1.196	677	520	76,8	1.598	1.010
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.067	65	1.002	...	341	-
Annað	1.430	1.756	-326	-18,6	3.421	990
Fjármagnstilfærslur	30.192	42.828	-12.636	-29,5	39.640	34.169
Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila	18.458	35.688	-17.230	-48,3	19.143	18.385
Íbúðalánasjóður	1.240	-	1.240	...	5.700	5.700
Rannsóknasjóður	1.619	1.236	384	...	1.987	1.580
Tækniþróunarsjóður	1.445	636	808	...	1.959	1.378
Ofanflóðasjóður	1.187	1.819	-632	-34,7	1.141	1.141
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	1.079	1.179	-100	...	1.280	1.280
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	999	720	279	38,7	1.156	146
Annað	4.165	1.550	2.615	...	7.275	4.560
Gjöld samtals	666.528	642.490	24.038	3,7	673.142	650.114

Rekstrargjöld A-hluta námu alls 362.181 millj. kr. á árinu 2015 eða 54,3% af heildargjöldum ríkissjóðs. Hækkun á milli ára nam 33.545 millj. kr. sem svarar til 10,2% hækkunar. Rekstrargjöldin skiptast í launagjöld sem voru 24,0% af heildargjöldum ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar 3,0%, fjármagnstekjuskattur 1,2%, önnur gjöld 21,0% og fjármagnskostnaður 11,9%. Til lækkunar á rekstrargjöldum færast sértekjur ráðuneyta og ríkisstofnana en þær námu 6,7% af heildargjöldum ríkissjóðs. Rekstrargjöld ríkissjóðs án fjármagnskostnaðar námu alls 282.833 millj. kr. eða um 42,4% af heildargjöldum samanborið við 38,9% árið á undan.

Rekstrar- og neyslutilfærslur A-hluta námu alls 246.559 millj. kr. á árinu 2015 eða um 37,0% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við 38,8% árið á undan. Hækkun framlaga á milli ára nam 203 millj. kr. eða um 0,1%. Mestu breytingar á milli ára liggja í lækkun á afskriftum skattkrafna um 4.948 millj. kr., hækkun á útgjöldum lífeyristrygginga og sjúkratrygginga samtals um 6.241 millj. kr. á milli ára og á framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem lækka um 2.498 millj. kr.

Af rekstrar- og neyslutilfærslum ber hæst gjöld vegna lífeyris- og sjúkratrygginga og bóta vegna félagslegrar aðstoðar, alls 118.870 millj. kr. eða um 17,8% af heildargjöldum ríkissjóðs samanborið við 17,5% árið 2014. Þá voru framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs 11.103 millj. kr. eða um 1,7% af heildargjöldum ríkissjóðs. Framlag

í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 18.812 millj. kr. eða um 2,8% af heildarútgjöldum ríkissjóðs og greiðslur vegna búvöruframleiðslu 12.500 millj. kr. eða 1,9%. Tilfærslur til heimila í formi fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta námu samtals 26.844 millj. kr. eða 4,0% af heildarútgjöldum. Afskriftir skattkrafna námu 9.790 millj. kr. eða um 1,5% af heildarútgjöldum og framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8.328 millj. kr. eða 1,2% af heildinni.

Viðhaldsútgjöld A-hluta námu alls 11.791 millj. kr. á árinu 2015 eða um 1,8% af heildargjöldum A-hluta. Uppistaðan í þessum útgjaldaflökki ríkissjóðs er vegna vegamála 6.261 millj. kr. og fasteigna ríkissjóðs 3.233 millj. kr.

Stofnkostnaður A-hluta nam alls 15.805 millj. kr. á árinu 2015 eða um 2,4% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst framlög til vegagerðar 8.476 millj. kr., sjúkrahús og heilsugæslustöðvar 2.152 millj. kr. og skólar 1.483 millj. kr.

Fjármagnstilfærslur A-hluta námu alls 30.192 millj. kr. á árinu 2015 eða um 4,5% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar vegur þyngst framlag vegna niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila að fjárhæð 18.458 millj. kr. sem lækkar á milli ára um tæplega helming. Gjaldfærsla vegna Íbúðalánasjóðs nam 1.240 millj. kr. en ekki reyndist þörf fyrir alla fjárveitingu ársins sem nam 5.700 millj. kr. vegna bættrar afkomu sjóðsins á árinu 2015.

Skýring 26. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins

Gjöld æðstu stjórnar ríkisins námu 4.452 millj. kr. á árinu 2015, hækkuðu um 240 millj. kr. eða 5,7% frá árinu á undan. Gjöld æðstu stjórnar námu 0,7% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 4.531 millj. kr. og voru gjöld ársins því 79 millj. kr. eða 1,8% undir heildarfjárheimildum.

Gjöld vegna Rannsóknarnefnda Alþingis lækkuðu um 120 millj. kr. Gjöld Alþingis hækkuðu um 231 millj. kr. og vegna Framkvæmda á Alþingisreit um 28 millj. kr. Gjöld vegna ríkisstjórnar hækkuðu um 32 millj. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld æðstu stjórnar á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Málaflokkar gjalda						
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	4.009	3.669	340	9,3	4.073	3.864
Annað	443	543	-100	-18,4	458	425
Gjöld samtals	4.452	4.212	240	5,7	4.531	4.289
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	4.341	4.115	226	5,5	4.516	4.203
Rekstrargjöld	4.264	4.018	245	6,1	4.462	4.149
Rekstrar- og neyslutilfærslur	78	96	-19	-19,5	54	54
Viðhaldskostnaður	30	53	-23	-43,1	9	28
Fjárfesting	80	44	37	83,4	7	58
Stofnkostnaður	80	44	36	81,7	7	58
Fjármagnstilfærslur	1	-	1	.	-	-
Gjöld samtals	4.452	4.212	240	5,7	4.531	4.289
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,7	0,7	.	.	0,7	0,7

Gjöld æðstu stjórnar skiptust þannig að rekstrargjöld námu 95,8%, rekstrartilfærslur 1,7%, viðhaldskostnaður 0,7% og stofnkostnaður 1,8%.

Sérfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2015.

Skýring 27. Gjöld forsætisráðuneytis

Gjöld forsætisráðuneytis námu 3.235 millj. kr. á árinu 2015 og hækkuðu um 260 millj. kr. eða 8,8% frá árinu á undan. Menningarmál hækkuðu úr 795 millj. kr. árið 2014 í 1.032 millj. kr. árið 2015, þar af hækkaði Þjóðminjasafn Íslands um 164 millj. kr., Minjastofnun Íslands um 29 millj. kr. og Húsafriðunarsjóður um 25 millj. kr. Gjöld Hagstofu Íslands hækkuðu um 148 millj. kr. Gjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkuðu um 90 millj. kr.

Gjöld ráðuneytisins námu 0,5% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 3.686 millj. kr. og voru gjöld ársins því 451 millj. kr. eða 12,2% undir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld forsætisráðuneytis á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
				%		
Málaflokkar gjalda						
Æðsta stjórnslýsla og löggjafarvald	713	634	79	12,5	825	670
Almenn áætlana- og hagskýrslugerð	1.103	955	148	15,5	1.144	1.006
Menningarmál	1.032	795	237	29,8	1.146	927
Annað	387	590	-204	-34,5	571	520
Gjöld samtals	3.235	2.975	260	8,8	3.686	3.123
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	2.995	2.536	458	18,1	3.145	2.780
Rekstrargjöld	2.885	2.436	450	18,5	3.011	2.677
Rekstrar- og neyslutilfærslur	109	101	9	8,6	134	103
Viðhaldskostnaður	122	109	13	12,4	156	95
Fjárfesting	118	330	-211	-64,1	384	247
Stofnkostnaður	-42	213	-255	...	171	102
Fjármagnstilfærslur	160	117	43	37,1	213	145
Gjöld samtals	3.235	2.975	260	8,8	3.686	3.123
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,5	0,5	.	.	0,5	0,5

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 89,2%, rekstrartilfærslur 3,4% viðhaldskostnaður 3,8% og stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur 3,7%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heildarfjárheimildir einstakra liða á árinu 2015.

Skýring 28. Gjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis

Gjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis námu 76.348 millj. kr. á árinu 2015 og hækkuðu um 7.629 millj. kr. eða um 11,1% frá árinu 2014. Gjöld Háskóla Íslands hækkuðu um 1.165 millj. kr. milli ára. Framlag til Háskólans í Reykjavík hækkaði um 429 millj. kr. Gjöld vegna Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun hækkuðu um 426 millj. kr. Gjöld vegna Rannsóknasjóðs hækkuðu um 401 millj. kr. Gjöld Menntaskólans í Kópavogi hækkuðu um 222 millj. kr. Gjöld Borgarholtsskóla hækkuðu um 206 millj. kr. Framlag til Ríkisútvarpsins hækkaði um 330 millj.

kr. Gjöld vegna Framhaldsskólar, stofnkostnaður hækkuðu um 309 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 11,5% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 10,7% árið á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 78.122 millj. kr. og voru gjöld ársins því 1.774 millj. kr. eða 2,3% undir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
				%		
Málaflokkar gjalda						
Háskólastig	29.308	27.462	1.847	6,7	29.802	28.325
Framhaldsskólastig	25.064	21.650	3.414	15,8	25.470	23.685
Menntamál, önnur	4.598	4.169	429	10,3	4.634	4.426
Menningarmál	8.175	7.377	798	10,8	8.365	7.685
Fjölmíðlun	3.830	3.496	333	9,5	3.832	3.702
Rannsóknir og þróun	2.814	2.535	279	11,0	3.498	2.778
Annað	2.560	2.030	530	26,1	2.522	2.345
Gjöld samtals	76.348	68.719	7.629	11,1	78.122	72.945
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	70.544	66.626	3.918	5,9	73.410	67.954
Rekstrargjöld	52.885	47.145	5.740	12,2	56.802	51.519
Rekstrar- og neyslutilfærslur	17.659	19.481	-1.822	-9,4	16.609	16.435
Viðhaldskostnaður	421	576	-155	-27,0	-1.361	83
Fjárfesting	5.384	1.518	3.867	...	6.073	4.909
Stofnkostnaður	1.866	942	924	98,1	773	966
Fjármagnstilfærslur	3.518	575	2.943	...	5.299	3.942
Gjöld samtals	76.348	68.719	7.629	11,1	78.122	72.945
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	11,5	10,7	.	.	11,6	11,2

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 69,3%, rekstrartilfærslur 23,1%, viðhaldskostnaður 0,6%, stofnkostnaður 2,4% og fjármagnstilfærslur 4,6%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heildarfjárheimildir einstakra liða á árinu 2015.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 58.970 millj. kr. eða 77,2% til fræðslumála, þar af voru 29.308 millj. kr. vegna menntunar á háskólastigi og 25.064 millj. kr. vegna framhaldsskólastigs. Stærstu liðirnir undir málaflokknum menntun á háskólastigi voru Háskóli Íslands 13.966 millj. kr., Lánasjóður íslenskra námsmanna 8.328 millj. kr., Háskólinn í Reykjavík 2.679 millj. kr. og Háskólinn á Akureyri 1.842 millj. kr. Undir málaflokkinn framhaldsskólastig falla

mennta-, fjölbrauta-, verkmennta-, iðn- og sérskólar á framhaldsskólastigi. Stærstu liðirnir undir þeim málaflokki voru Tækniskólinn 2.600 millj. kr., Verkmenntaskólinn á Akureyri 1.392 millj. kr., Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 1.327 millj. kr. og Menntaskólinn við Hamrahlíð 1.208 millj. kr. Gjöld vegna menningarmála námu 8.175 millj. kr. eða 10,7%. Stærstu liðir þess málaflokks eru Listir 1.070 millj. kr., Sinfóníuhljómsveit Íslands 1.049 millj. kr., Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 869 millj. kr. Kvikmyndamiðstöð Íslands 813 millj. kr., Þjóðleikhúsið 790 millj. kr. og Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík 669 millj. kr. Gjöld vegna fjölmíðlunar námu 3.830 millj. kr. eða 5,0%. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu alls 5.374 millj. kr. eða 7,0%, en þar vega þyngst Rannsóknasjóður 1.644 millj. kr. og Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun 1.634 millj. kr.

Skýring 29. Gjöld utanríkisráðuneytis

Gjöld utanríkisráðuneytis námu 11.346 millj. kr. á árinu 2015 og lækkuðu um 173 millj. kr. eða 1,5% frá árinu á undan. Gjöld vegna Alþjóðastofnanir lækkuðu um 409 millj. kr. Gjöld vegna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækkuðu um 113 millj. kr. og gjöld vegna Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi hækkuðu um 119 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 1,7% af heildargjöldum A-hluta

ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 1,8% árið 2014. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 12.186 millj. kr. og voru gjöld ársins því 840 millj. kr. eða 6,9% undir heildarfjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld utanríkisráðuneytis á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
				%		
Málaflokkar gjalda						
Utanríkismál	6.078	6.176	-98	-1,6	6.354	6.134
Erlend efnahagsaðstoð	4.340	4.419	-79	-1,8	4.734	4.339
Varnarmál	381	413	-32	-7,8	548	489
Annað	547	510	37	7,2	551	550
Gjöld samtals	11.346	11.519	-173	-1,5	12.186	11.512
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	11.267	11.274	-8	-0,1	12.027	11.443
Rekstrargjöld	5.447	5.321	126	2,4	5.634	5.276
Rekstrar- og neyslutilfærslur	5.820	5.953	-133	-2,2	6.393	6.168
Viðhaldskostnaður	24	27	-2	-8,9	56	30
Fjárfesting	55	218	-163	-74,7	103	39
Stofnkostnaður	55	203	-148	-72,8	103	39
Fjármagnstilfærslur	-	15	-15	-100,0	-	-
Gjöld samtals	11.346	11.519	-173	-1,5	12.186	11.512
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	1,7	1,8	.	.	1,8	1,8

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 48,0%, rekstrartilfærslur 51,3%, viðhaldskostnaður 0,2%, og stofnkostnaður 0,5%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heildarfjárheimildir einstakra liða á árinu 2015.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 6.078 millj. kr. eða 53,6% til

málaflokksins utanríkismál, sem er að stærstum hluta vegna reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins, sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis. Gjöld vegna erlendra efnahagsaðstoðar námu 4.340 millj. kr. eða 38,2%, þar af vegna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 1.647 millj. kr., Þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1.518 millj. kr. og Alþjóðastofnana 1.174 millj. kr. Gjöld vegna málaflokksins varnarmál námu 381 millj. kr. eða 3,4%. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 547 millj. kr. eða 4,8%.

Skýring 30. Gjöld atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

Gjöld atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis námu 30.457 millj. kr. á árinu 2015 og hækkuðu um 1.335 millj. kr. eða 4,6% frá árinu á undan. Gjöld vegna Tækniþróunarsjóðs hækkuðu um 863 millj. kr. Gjöld vegna Hafrannsóknastofnunar hækkuðu um 346 millj. kr. Gjöld vegna Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku hækkuðu um 288 millj. kr. Gjöld vegna Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hækkuðu um 279 millj. kr. Gjöld vegna Ýmis ferðamál hækkuðu um 189 millj. kr. og gjöld vegna Ferðamálastofu lækkuðu um 185

millj. kr. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi lækkuðu um 767 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 4,6% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 4,5% árið 2014. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 34.842 millj. kr. og voru gjöld ársins því 4.385 millj. kr. eða 12,6% lægri en fjárheimildir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Málaflokkar gjalda						
Landbúnaður	14.819	14.550	270	1,9	15.132	14.889
Orkumál	3.237	2.836	401	14,1	3.543	3.235
Almenn efnahags- og viðskiptamál	871	851	20	2,4	728	787
Ferðaþjónusta	1.754	1.471	283	19,3	2.355	1.035
Fiskveiðar og aðrar veiðar	1.044	1.017	27	2,7	1.750	1.183
Rannsóknir og þróun í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og öðrum veiðum	2.655	2.422	233	9,6	3.044	2.647
Rannsóknir og þróun í öðrum atvinnugreinum	2.087	1.218	868	71,3	2.625	1.964
Annað	3.989	4.757	-768	-16,1	5.666	4.816
Gjöld samtals	30.457	29.121	1.335	4,6	34.842	30.556
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	26.525	28.195	-1.670	-5,9	29.942	27.427
Rekstrargjöld	7.714	6.517	1.197	18,4	10.034	8.209
Rekstrar- og neyslutilfærslur	18.811	21.678	-2.867	-13,2	19.908	19.218
Viðhaldskostnaður	2	3	0	-14,0	41	4
Fjárfesting	3.929	924	3.005	...	4.858	3.125
Stofnkostnaður	-326	203	-529	...	-612	-564
Fjármagnstilfærslur	4.255	720	3.535	...	5.470	3.689
Gjöld samtals	30.457	29.121	1.335	4,6	34.842	30.556
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	4,6	4,5	.	.	5,2	4,7

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 25,3%, rekstrartilfærslur 61,8%, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur 12,9%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heildarfjárheimildir einstakra liða á árinu 2015.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 14.819 millj. kr. eða 48,7% til málaflokksins landbúnaður, þar af voru 6.550 millj. kr. vegna greiðslna til bænda í mjólkurframleiðslu og 4.854 millj. kr. vegna sauðfjárframleiðslu. Til málaflokksins rannsóknir og þróun runnu 4.742 millj. kr. eða 15,6%. Þar veiga þýngst gjöld

Hafrannsóknastofnunar 1.737 millj. kr. og Tækniþróunarsjóðs 1.494 millj. kr. Til málaflokksins almenn efnahags- og viðskiptamál runnu 871 millj. kr. eða 2,9%. Þar veiga þýngst 410 millj. kr. gjöld Samkeppniseftirlitsins og 306 millj. kr. gjöld Einkaleyfastofu. Til málaflokksins orkumál fóru 3.237 millj. kr. eða 10,6%, en þar veiga þýngst niðurgreiðslur á húshitun 1.476 millj. kr. Til málaflokksins ferðaþjónusta fóru 1.754 millj. kr. eða 5,8%. Til málaflokksins fiskveiðar og aðrar veiðar runnu 1.044 millj. kr. eða 3,4%. Þar veiga þýngst 858 millj. kr. gjöld Fiskistofu. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 3.989 millj. kr. eða 13,1%, þar af 1.079 millj. kr. vegna stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki, 837 millj. kr. endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 804 millj. kr. vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Skýring 31. Gjöld innanríkisráðuneytis

Gjöld innanríkisráðuneytis námu 82.819 millj. kr. á árinu 2015 og hækkuðu um 5.688 millj. kr. eða 7,4% frá árinu á undan. Þann 1. janúar 2015 tóku gildi lög varðandi aðskilnað löggæslu frá sýslumannsembættum og sameiningu embætta og því varð talsverð breyting á skipan stofnana. Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkaði um 1.119 millj. kr. Gjöld Vegagerðarinnar hækkuðu um 838 millj. kr. milli ára. Gjöld vegna Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta hækkuðu um 591 millj. kr. Gjöld vegna hafnarframkvæmda hækkuðu um 558 millj. kr. Þar af hækkuðu gjöld vegna framkvæmda við Landeyjahöfn um 393 millj. kr. Gjöld vegna fangelsisbygginga hækkuðu um 520 millj. kr.

Málskostnaður í opinberum málum hækkaði um 392 millj. kr. Gjöld vegna hælisleitenda hækkuðu um 293 millj. kr. Gjöld vegna sérstaks saksóknara lækkuðu um 178 millj. kr. Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn lækkuðu um 203 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 12,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 miðað við 12,0% á árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 83.051 millj. kr. og voru gjöld ársins því 233 millj. kr. eða 0,3% lægri en heimildir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld innanríkisráðuneytisins á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Málaflokkar gjalda						
Almenn opinber þjónusta	4.720	4.615	106	2,3	4.289	4.196
Löggæsla	13.695	12.880	815	6,3	13.477	13.418
Dómstólar	3.691	2.996	695	23,2	3.390	2.387
Fangelsismál	2.690	2.126	565	26,6	3.090	2.440
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál, ótalín annars staðar	1.838	1.892	-54	-2,9	2.098	1.382
Trúmál og önnur félagsmál	5.738	5.239	500	9,5	5.957	5.439
Sveitarfélög	18.812	17.693	1.119	6,3	18.852	17.921
Vegasamgöngur	23.063	22.046	1.017	4,6	22.562	21.274
Flugsamgöngur	2.306	1.719	588	34,2	2.394	2.291
Almenn samgöngumál	1.693	1.719	-26	-1,5	1.459	1.443
Sjó- og vatnasamgöngur	1.224	841	383	45,5	1.748	923
Fjarskipti	938	911	27	3,0	1.322	1.111
Varnarmál	750	781	-31	-4,0	825	196
Annað	1.660	1.674	-14	-0,8	1.587	1.636
Gjöld samtals	82.819	77.130	5.688	7,4	83.051	76.058
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	64.973	60.728	4.245	7,0	63.086	58.833
Rekstrargjöld	39.428	36.280	3.148	8,7	38.520	35.280
Rekstrar- og neyslutilfærslur	25.546	24.448	1.097	4,5	24.567	23.553
Viðhaldskostnaður	6.701	5.379	1.321	24,6	5.910	6.125
Fjárfesting	11.144	11.023	122	1,1	14.055	11.100
Stofnkostnaður	10.573	10.580	-7	-0,1	13.112	10.496
Fjármagnstilfærslur	571	443	129	29,0	943	604
Gjöld samtals	82.819	77.130	5.688	7,4	83.051	76.058
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	12,4	12,0	.	.	12,3	11,7

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 47,6%, rekstrartilfærslur 30,8%, viðhaldskostnaður 8,1%, stofnkostnaður 12,8% og fjármagnstilfærslur 0,7%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og heildarfjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2015.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 13.695 millj. kr. eða 16,5% til löggæslu. Þar af námu gjöld Ríkislögreglustjóra 1.628 millj. kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 4.011 millj. kr., Lögreglustjórans á Suðurnesjum 1.197 millj. kr. og Landhelgisgæslunnar 3.271 millj. kr. Til málaflokksins

vegasamgöngur runnu 23.063 millj. kr. eða 27,8%, til flugsamgangna 2.306 millj. kr. eða 2,8% og til sjó- og vatnasamgangna 1.224 millj. kr. eða 1,5%. Stærstu liðir hér undir eru Vegagerðin 23.517 millj. kr., Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta 2.032 millj. kr., Samgöngustofa 1.540 millj. kr. og Hafnarframkvæmdir 1.044 millj. kr. Málaflokkurinn sveitarfélög var 18.812 millj. kr. eða 22,7% en hér undir eru eingöngu framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gjöld vegna dómstóla námu 3.691 millj. kr. eða 4,5% en þar vege þyngst gjöld héraðsdómstóla og málskostnaðar í opinberum málum. Gjöld til trúmála og annarra félagsmála námu 5.738 millj. kr. eða 6,9% og er þar einkum um að ræða útgjöld vegna kirkjulegra málefna. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 14.288 millj. kr. eða 17,3%.

Skýring 32. Gjöld velferðarráðuneytis

Gjöld velferðarráðuneytis námu 275.402 millj. kr. á árinu 2015, hækkuðu um 16.842 millj. kr. á milli ára eða um 6,5%. Á árinu 2015 var gjaldfært 1.240 millj. kr. rekstrarframlag til Íbúðalánasjóðs til að styrkja stöðu sjóðsins. Framlag til líffeyrstrygginga hækkaði um 4.406 millj. kr. Gjöld Landspítala hækkuðu um 3.718 millj. kr. og gjöld Sjúkrahússins á Akureyri hækkuðu um 547 millj. kr. Gjöld sjúkratrygginga hækkuðu um 2.252 millj. kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækkuðu um 477 millj. kr. Gjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs

lækkuðu um 2.544 millj. kr., gjöld Fæðingarorlofsjóðs hækkuðu um 519 millj. kr. Þá lækkuðu gjöld Ábyrgðasjóðs launa um 150 millj. kr. Gjöld vegna Umboðsmanns skuldara lækkuðu um 485 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 41,3% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 40,2% árið 2014. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 276.190 millj. kr. og voru gjöld ársins því 787 millj. kr. eða 0,3% undir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld velferðarráðuneytisins á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	Breyting %	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2014
Málaflokkar gjalda						
Sjúkrahúsaþjónusta	64.649	59.116	5.532	9,4	54.337	60.564
Sérfræðipjónusta	16.906	15.221	1.685	11,1	16.697	14.308
Almenn heilsugæsla	15.856	14.091	1.765	12,5	20.888	16.199
Lyf og hjálpartæki	18.964	18.460	504	2,7	18.285	18.396
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	31.236	28.752	2.485	8,6	32.938	30.151
Öldrun	50.908	47.466	3.442	7,3	50.744	50.774
Velferðarmál	37.289	35.702	1.586	4,4	37.449	37.034
Fjölskyldumál	13.196	12.937	258	2,0	13.712	13.228
Atvinnuleysi	11.755	14.307	-2.553	-17,8	12.137	12.637
Almenn vinnumarkaðsmál	1.598	1.713	-115	-6,7	1.541	1.632
Húsnæðismál	1.350	112	1.238	...	5.810	5.810
Annað	11.696	10.682	1.014	9,5	11.652	11.224
Gjöld samtals	275.402	258.560	16.842	6,5	276.190	271.955
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	270.044	255.018	15.025	5,9	265.286	261.748
Rekstrargjöld	125.858	116.787	9.071	7,8	120.725	120.270
Rekstrar- og neyslutilfærslur	144.186	138.232	5.954	4,3	144.561	141.478
Viðhaldskostnaður	984	993	-9	-1,0	962	964
Fjárfesting	4.375	2.548	1.827	71,7	9.941	9.243
Stofnkostnaður	2.336	2.151	185	8,6	2.531	2.979
Fjármagnstilfærslur	2.039	397	1.642	...	7.411	6.263
Gjöld samtals	275.402	258.560	16.842	6,5	276.190	271.955
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	41,3	40,2	.	.	41,0	41,8

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 45,7%, rekstrartilfærslur 52,4%, viðhaldskostnaður 0,4%, stofnkostnaður 0,8% og fjármagnstilfærslur 0,7%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og heildarfjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir þannig breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heimildir einstakra liða á árinu 2015.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 64.649 millj. kr. eða 23,5% til


sjúkrahúsaþjónustu og eru fjárfrekustu liðirnir í málaflokknum gjöld Landspítala 48.134 millj. kr. og Sjúkrahússins á Akureyri 6.086 millj. kr. Til málaflokksins sérfræðipjónusta fóru 16.906 millj. kr. eða 6,1%, en undir málaflokkinn fellur m.a. kostnaður vegna sérfræðilækna, tannlækna, þjálfunar og sjúkraflutninga. Til málaflokksins almenn heilsugæsla fóru 15.856 millj. kr. eða 5,8% en helstu liðir undir málaflokknum eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana. Gjöld Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu voru 5.653 millj. kr. Til málaflokksins

lyf og hjálpartæki fóru 18.964 millj. kr. eða 6,9%, en undir flokkinn fellur hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði 15.123 millj. kr. og hjálpartækjum 3.656 millj. kr. Til málaflokksins hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir fóru 31.236 millj. kr. eða 11,3%. Gjöld vegna málefna aldraðra námu 50.908 millj. kr. eða 18,5%. Undir þennan málaflokk falla bætur lífeyrstrygginga til ellilífeyrisþega, hluti bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og eftirlaunasjóður aldraðra. Þeir liðir sem veða þyngst eru gjöld vegna lífeyrstrygginga 41.070 millj. kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 6.904 millj. kr. Gjöld vegna velferðarmála námu 37.289 millj. kr. eða 13,5%. Undir málaflokkinn falla málefni fatlaðra, bætur lífeyrstrygginga til örorkulífeyrisþega og


hluti af bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Helstu liðir undir málaflokknum eru lífeyrstryggingar 30.151 millj. kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 4.275 millj. kr. Af gjöldum ráðuneytisins runnu 13.196 millj. kr. eða 4,8% til fjölskyldumála, þar af voru 9.490 millj. kr. vegna fæðingarorlofs og 2.048 millj. kr. vegna hluta bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Gjöld vegna málaflokksins atvinnuleysi námu 11.755 millj. kr. eða 4,3%. Gjöld vegna annarra málaflokka ráðuneytisins námu alls 14.644 millj. kr. eða 5,3%. Þar undir fellur m.a. aðalskrifstofa velferðarráðuneytisins, rekstur Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands, hluti lífeyrstrygginga, heilbrigðismál ýmis starfsemi, Ábyrgðasjóður launa og húsnæðismál.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög Fjárukalög 2015	Fjárlög 2015
Lífeyrstryggingar	75.562	71.156	4.406	6,2	74.892	74.892
Ellilífeyrir	14.558	13.419	1.139	8,5	13.751	13.751
Örorkulífeyrir	6.997	6.633	364	5,5	6.796	6.796
Aldurstengd örorkuuppbot	3.234	3.023	211	7,0	3.065	3.065
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	26.112	24.279	1.832	7,5	26.728	26.728
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	19.651	19.133	517	2,7	19.782	19.782
Vasapeningar ellilífeyrisþega	400	402	-1	-0,3	428	428
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	46	47	-1	-1,5	52	52
Örorkustyrkur	224	198	26	13,1	221	221
Barnalífeyrir	3.450	3.307	143	4,3	3.387	3.387
Annað	891	716	175	24,4	683	683
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	13.617	13.140	477	3,6	13.787	13.787
Mæðra- og feðralaun	338	335	3	1,0	360	360
Umönnunargreiðslur	1.710	1.591	120	7,5	1.648	1.648
Makabætur og umönnunarbætur	146	137	9	6,8	134	134
Dánarbætur	62	65	-4	-5,8	71	71
Endurhæfingarlífeyrir	2.841	2.808	33	1,2	2.971	2.971
Barnalífeyrir vegna menntunar	181	189	-7	-3,8	191	191
Heimilisuppbot	4.480	4.246	234	5,5	4.389	4.389
Frekari uppbot	200	162	39	24,0	262	262
Sérstök uppbot lífeyrisþega	2.223	2.196	28	1,3	2.275	2.275
Bifreiðakostnaður	1.403	1.377	25	1,8	1.432	1.432
Annað	31	34	-3	-10,0	57	57
Sjúkratryggingar	36.863	34.611	2.252	6,5	35.682	33.478
Lækniskostnaður	9.046	8.288	758	9,1	8.914	7.080
Lyf	8.557	8.389	168	2,0	8.409	8.199
Lyf með S-merkingu	6.565	6.431	134	2,1	6.134	6.488
Hjálpartæki	3.656	3.479	177	5,1	3.525	3.490
Hjúkrun í heimahúsum	227	202	25	12,6	235	225
Þjálfun	2.275	1.988	288	14,5	2.255	2.011
Tannlækningar	2.805	2.447	357	14,6	2.742	2.542
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	764	715	49	6,9	749	710
Brýn meðferð erlendis	1.871	1.686	185	11,0	1.688	1.803
Sjúkrakostn. v/veikinda og slysa erlendis	494	430	64	14,8	474	417
Sjúkradagpeningar	324	287	37	12,8	293	293
Annað	278	269	10	3,7	265	220


Lífeyristryggingar



Félagsleg aðstoð



Sjúkratryggingar



Skýring 33. Gjöld fjármála- og efnahagsráðuneytis

Gjöld ráðuneytisins námu 92.436 millj. kr. á árinu 2015 og lækkuðu um 8.860 millj. kr. frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 13,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 samanborið við 15,8% árið 2014.

Meðal gjalda ráðuneytisins færast ekki aðeins kostnaður af rekstri þess og þeirra ríkisstofnana sem undir það heyra heldur einnig ýmis gjöld sem falla undir ábyrgðarsvið ráðuneytisins fyrir hönd ríkissjóðs. Nægir þar að nefna afskriftir af skattkröfum, lífeyrisskuldbindingar, niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila, ríkisábyrgðir, greiðsla vaxta- og barnabóta, greiðsla fjármagnstekjuskatts o.m.fl. Í aðalatriðum voru ekki miklar breytingar á milli ára í rekstrargjöldum ráðuneytisins og stofnana þess, en aftur á móti töluverðar breytingar á vissum gjaldaliðum ríkissjóðs.

Breytingin milli ára skýrist aðallega með þremur útgjaldaliðum. Gjöld vegna niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila námu 18.523 millj. kr. á árinu 2015 og dragast saman um tæplega helming milli ára. Þessar aðgerðir munu ná yfir tímabilið 2014-2016. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hækkar um 12.017 millj. kr. milli ára og nema 19.049 millj. kr. Þá lækka afskriftir skattkrafna hjá ríkissjóði um 4.948 millj. kr. milli ára.

Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 89.969 millj. kr. og voru gjöldin því 2.467 millj. kr. umfram heildarfjárheimildir sem gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar skýra að stórum hluta. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Málaflokkar gjalda						
Opinber fjármál og þjónusta	12.818	11.346	1.472	13,0	14.391	17.528
Óregluleg gjöld	40.196	32.041	8.156	25,5	35.366	30.251
Barna- og vaxtabætur	17.640	18.268	-627	-3,4	17.987	18.700
Niðurgreiðsla á verðtryggðum húsnæðislánum heimila	18.523	35.801	-17.278	-48,3	19.162	18.402
Annað	3.258	3.840	-582	-15,2	3.064	2.255
Gjöld samtals	92.436	101.296	-8.860	-8,7	89.969	87.136
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	69.054	62.205	6.848	11,0	67.443	65.302
Rekstrargjöld	37.860	25.735	12.125	47,1	31.616	29.534
Lífeyrisskuldbindingar	19.049	7.033	12.017	...	11.679	10.013
Fjármagnstekjuskattur	8.054	7.198	856	11,9	8.400	5.260
Önnur rekstrargjöld	10.757	11.505	-748	-6,5	11.537	14.261
Rekstrar- og neyslutilfærslur	31.194	36.470	-5.277	-14,5	35.828	35.767
Barna- og vaxtabætur	17.560	18.246	-686	-3,8	17.900	18.700
Afskriftir skattkrafna	9.790	14.738	-4.948	-33,6	12.000	12.000
Aðrar rekstrartilfærslur	3.843	3.486	357	10,2	5.928	5.067
Viðhaldskostnaður	3.394	2.958	437	14,8	2.108	2.665
Fjárfesting	19.988	36.133	-16.145	-44,7	20.418	19.169
Stofnkostnaður	1.530	445	1.085	...	1.274	784
Fjármagnstilfærslur	18.458	35.688	-17.230	-48,3	19.143	18.385
Niðurgreiðsla á verðtryggðum húsnæðislánum heimila	18.458	35.688	-17.230	-48,3	19.143	18.385
Aðrar fjármagnstilfærslur	-	-	-	.	0	-
Gjöld samtals	92.436	101.296	-8.860	-8,7	89.969	87.136
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	13,9	15,8	.	.	13,4	13,4

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 41,0%, þar af voru lífeyrisskuldbindingar 20,6%, greiddur fjármagnstekjuskattur 8,7% og önnur rekstrargjöld 11,6%. Rekstrar- og neyslutilfærslur námu 33,7%, þar af voru afskriftir

skattkrafna 10,6% og barna- og vaxtabætur 19,0%. Gjöld vegna viðhaldskostnaðar námu 3,7%, stofnkostnaðar 1,7% og fjármagnstilfærslur 20,0%, en þær eru alfarið vegna niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána heimila.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og heildarfjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heimildir einstakra liða á árinu 2015.

Af gjöldum fjármála- og efnahagsráðuneytisins runnu 12.818 millj. kr. eða 13,9% til málaflokksins *opinber fjármál og þjónusta*. Hér falla undir margvísleg gjöld svo sem vegna aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis 1.012 millj. kr., stofnana skatta- og tollakerfis 6.647 millj. kr. og Fjárslu ríkisins 1.692 millj. kr.

Barnabætur námu 10.331 millj. kr. og *vaxtabætur* 7.230 millj. kr.

Niðurfærsla á verðtryggðum húnæðisskuldum heimila nam 18.523 millj. kr. og lækkar um 17.278 millj. kr. milli ára. Hér er um að ræða útgjöld vegna ákvörðunar stjórnvalda um ráðstafanir til lækkunar á húnæðisskuldum heimilanna samkvæmt ákveðnum forsendum. Við afgreiðslu fjárlaga 2014 var gert ráð fyrir að framlögum ríkissjóðs myndu dreifast á fjögur ár (2014-2017) og var gert ráð fyrir 20.000 millj. kr. í því skyni til ráðstöfunar á árinu 2014. Í fjárukalögum 2014 voru samþykktar heimildir til að flýta þessum aðgerðum um eitt ár og voru fjárramlögin aukin um 15.803 millj. kr. og gjaldfærslan á árinu 2014 því hærri. Gjaldfærslan á árinu 2015 lækkar því á milli ára og er lítillega lægri en heimildir. Í fjárlögum fyrir árið 2016 er veitt fjárheimild til lokauppgjörs vegna þessarar aðgerðar.

Óregluleg gjöld eru mjög breytileg frá einu ári til annars. Árið 2015 námu þessi gjöld alls 40.196 millj. kr. samanborið við 32.041 millj. kr. á árinu 2014. Hér falla undir ýmsir útgjaldaliðir ríkissjóðs eins og lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna, greiddur fjármagnstekjuskattur og framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um hvern þessara liða.

Lífeyrisskuldbindingar. Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru skilgreindar sem áfallnar lífeyrisskuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við niðurstöður tryggingafræðilegs mats á skuldbindingum lífeyrissjóða sem ríkisstarfsmenn eru aðilar að í árslok. Nýjar skuldbindingar ársins gjaldfærast í rekstrarreikning og er endurmat á eldri skuldbindingum vegna verðlagsbreytinga fært um endurmatsreikning á eigið fé. Við mat á almennum verðlagsbreytingum lífeyrisskuldbindinga er beitt vísitölu, sem Hagstofa Íslands reiknar reglulega, fyrir breytingar á lífeyrisskuldbindingum hjá opinberum starfsmönnum.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hækkuðu úr 435.607 millj. kr. í ársbyrjun 2015 í 508.423 millj. kr. í árslok eða um 72.816 millj. kr. Nýjar skuldbindingar og endurmat námu samtals 86.747 millj. kr. en á móti greiddi ríkissjóður 13.932 millj. kr. til lífeyrissjóðanna á árinu 2015. Á rekstrarreikning gjaldfærast 19.788 millj. kr. af hækkuðum skuldbindinga ársins, en 66.959 millj. kr. færast um endurmatsreikning á eigið fé. Lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun A-hluta aðila færast að mestu hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stofnanir greiða viðbótariðgjald til B-deildar LSR og LH og eru þær greiðslur gjaldfærðar jafnóðum hjá viðkomandi stofnunum og lækkar gjaldfærslan hjá ráðuneytinu sem því nemur. Gjaldfærslan skiptist þannig á árinu 2015 að 19.049 millj. kr. færast á 09-381 undir fjármála- og efnahagsráðuneytinu og 739 millj. kr. hjá stofnunum í samræmi við greiðslur þeirra á viðbótariðgjöldum til sjóðanna á árinu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldfærslur lífeyrisskuldbindinga hjá ríkissjóði vegna hinna ýmsu lífeyrissjóða árin 2014 og 2015.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
				%		
Lífeyrisskuldbindingar						
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR B-deild)	17.173	6.394	10.779	...	8.250	6.836
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH)	1.527	1.867	-340	-18,2	454	432
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR A-deild)	36	-	36	...	-	-
Alþingismenn	-241	-376	135	-36,0		
Ráðherrar	12	-45	56	...	441	419
Embætti forseta, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara o.fl.	1.136	-98	1.234	...		
Eftirlaunasjóður fyrirverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	72	-117	189	...	274	261
Eftirlaunasjóður fyrirverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	-56	9	-65	...	53	50
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	-15	11	-25	...	184	175
Eftirlaunaskuldbindingar vegna Landsbanka Íslands, ríkisábyrgð	141	128	14	10,6		
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	2	3	-1	-36,7	2.024	1.860
Lífeyrisskuldbindingar samtals	19.788	7.776	12.012	...	11.679	10.013
þar af gjaldfært beint hjá stofnunum vegna viðbótariðgjalda	739	743	-4	-0,6	.	.
þar af gjaldfært á 09-381						
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	19.049	7.033	12.017	...	11.679	10.013

Í skýringu 44 er ítarlegri umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2015.

Afskriftir skattkrafna námu alls 10.523 millj. kr. á árinu 2015 eða 1,6% af heildartekjum ríkissjóðs, þar af færast 9.790 millj. kr. hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og 733 millj. kr. hjá stofnunum. Í grófum dráttum skiptast afskriftir ráðuneytisins þannig að 1.337 millj. kr. eru vegna niðurfellingar á eftirstöðvum tekju- og eignarskatta, 4.013 millj. kr. vegna virðisaukaskatts og 5.173 millj. kr. afskriftir af öðrum kröfum.

Við mat á skattkröfum er almennt miðað við að útistandandi kröfur ríkissjóðs séu yfirfarnar með reglubundnum hætti og þær metnar með tilliti til tapsáhættu. Kröfur eru færðar út úr bóku ríkissjóðs þegar þær eru taldar sannanlega tapaðar. Við mat á því hvort krafa telst sannanlega töpuð er horft til innheimtutilrauna, hugsanlegra trygginga, aldurs kröfu með tilliti til fyrningar og fjárhagsstöðu viðkomandi gjaldanda. Við beina afskrift er talið útilokað að innheimta kröfuna með þeim úrræðum sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa.

Bókfært verðmæti krafna er metið og þær kröfur afskrifaðar sem ekki er talið líklegt að innheimtist. Vitað er að ákveðinn hluti krafna á hverjum tíma mun ekki innheimtast þó að ekki sé talið

tímabært að afskrifa þær. Því hefur verið beitt svonefndri óbeinni afskrift í reikningsskilunum. Óbein afskrift felur í sér að kröfur eru færðar niður um þá fjárhæð sem talið er líklegt að tapist af þeim. Í þessum tilgangi eru kröfur sem lýst hefur verið í þrotabú skoðaðar sérstaklega. Einnig eru kannaðar kröfur sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám fyrir.

Beinar afskriftir hækkuðu á milli ára úr 17.764 millj. kr. í 20.835 millj. kr. en óbeinar afskriftir breyttust úr því að vera neikvæðar um 2.323 millj. kr. árið 2014 í að vera neikvæðar um 10.312 millj. kr. árið 2015.

Við niðurfærslu eftirstöðva á skattkröfum í árslok 2015 var beitt svipuðum matsreglum og undanfarin ár. Lagt var sérstakt mat á útistandandi kröfur gagnvart tilteknum aðilum sem sýnt þykir að eiga í erfiðleikum og stefna í þrot.

Niðurfærslan er með tvennum hætti. Annars vegar er 80% niðurfærsla á skuldum þeirra sem voru í gjaldþrotaskiptum. Hins vegar eru skuldir færðar niður um 75% hjá þeim sem ekki hafa komið til gjaldþrotaskipta en eru í vanskilameðferð. Kröfur sem mynduðust á árinu 2015 hjá þessum sömu aðilum voru færðar niður um 40% í báðum tilfellum. Afskriftir ríkissjóðs á kröfum undanfarin ár koma fram í eftirfarandi yfirliti.

Í millj. kr.	2015	2014	2013	2012
Beinar afskriftir	20.835	17.764	18.978	17.461
Tekju- og eignarskattar	6.094	6.074	6.579	8.319
Virðisaukaskattur	3.462	4.831	5.798	7.209
Aðrar skatttekjur	1.133	1.311	1.303	1.289
Dráttarvextir	9.370	4.491	4.323	292
Aðrar rekstrartekjur	777	1.057	975	352
Óbeinar afskriftir	-10.312	-2.323	4.337	-12.299
Tekju- og eignarskattar	-4.757	1.916	5.862	-9.268
Virðisaukaskattur	551	-297	904	-2.220
Aðrar skatttekjur	-125	-285	482	-579
Dráttarvextir	-5.219	-3.881	-3.332	-184
Aðrar rekstrartekjur	-762	224	420	-48
Afskriftir ríkissjóðstekna samtals	10.523	15.441	23.315	5.162
Hlutfall af tekjum ríkissjóðs, %	1,5	2,2	3,9	1,0

Fjármagnstekjuskattur A-hluta ríkissjóðs nam 8.054 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 7.198 millj. kr. árið á undan. Er hér einkum um að ræða skattgreiðslu ríkissjóðs af arðgreiðslum, vaxtatekjum af bankainnstæðum og veittum lánnum. Hækkunin á árinu 2015 skýrist af auknum arðgreiðslum.

Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Með lögum nr. 177/2006 var kveðið á um að hluti tryggingagjalds skuli renna til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Samkvæmt lögnum renna 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds til sjóðanna frá og með árinu 2010. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðanna til jöfnunar á örorkubyrði nam 3.303 millj. kr. á árinu 2015.

Skýring 34. Gjöld umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Gjöld umhverfis- og auðlindaráðuneytis námu 10.685 millj. kr. á árinu 2015, hækkuðu um 281 millj. kr. eða 2,7% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,6% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2015 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Gjöld vegna Úrvinnslusjóðs hækkuðu um 236 millj. kr. Gjöld vegna Ýmis verkefni hækkuðu um 234 millj. kr., þar vegur þyngst

Áætlun um vernd og nýtingu landsvæða 118 millj. kr. Gjöld vegna Ofanflóðasjóðs lækkuðu um 644 millj. kr. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 13.334 millj. kr. og voru gjöld ársins því 2.649 millj. kr. eða 19,9% undir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umhverfis- og auðlindaráðuneytis á árinu 2015 samanborið við árið 2014.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð %		Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Málaflokkar gjalda						
Öryggismál	1.827	2.487	-660	-26,6	3.235	1.918
Hreinsunarmál	3.090	2.798	293	10,5	3.899	3.037
Verndun lands og lífríkis	2.228	2.052	176	8,6	2.320	2.044
Skógrækt	878	809	70	8,6	804	706
Annað	2.661	2.258	403	17,9	3.076	2.354
Gjöld samtals	10.685	10.404	281	2,7	13.334	10.059
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	9.650	8.791	859	9,8	11.247	9.165
Rekstrargjöld	6.493	5.843	650	11,1	6.691	6.052
Rekstrar- og neyslutilfærslur	3.158	2.948	210	7,1	4.555	3.113
Viðhaldskostnaður	112	113	-1	-1,1	107	66
Fjárfesting	923	1.500	-577	-38,5	1.980	828
Stofnkostnaður	-267	-322	55	-17,1	819	-313
Fjármagnstilfærslur	1.190	1.821	-632	-34,7	1.161	1.141
Gjöld samtals	10.685	10.404	281	2,7	13.334	10.059
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	1,6	1,6	.	.	2,0	1,5

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 60,8%, rekstrartilfærslur 29,6%, viðhaldskostnaður 1,0%, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur 8,6%.

Séryfirlit 2 sýnir gjöld ráðuneyta og stofnana. Þar koma fram reikningstölur og heildarfjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við heimildir einstakra liða á árinu 2015.

Gjöld málaflokksins hreinsunarmál námu samtals 3.090 millj. kr. eða 28,9% af gjöldum ráðuneytisins, en undir þann málaflokk

heyra Úrvinnslusjóður 1.138 millj. kr. og Endurvinnslan hf. 1.952 millj. kr. Gjöld málaflokksins öryggismál námu 1.827 millj. kr. eða 17,1%, en þar af eru Ofanflóðasjóður 682 millj. kr. og Veðurstofa Íslands 857 millj. kr. Þá námu gjöld málaflokksins verndun lands og lífríkis 2.228 millj. kr. eða 20,9%, en þar vega þyngst gjöld Umhverfisstofnunar 1.071 millj. kr., Landgræðslu ríkisins 607 millj. kr. og Vatnajökulsþjóðgarðs 492 millj. kr. Gjöld málaflokksins skógrækt námu 878 millj. kr. eða 8,2%. Önnur gjöld ráðuneytisins voru 2.661 millj. kr. eða 24,9%. Hér undir falla m.a. aðalskrifstofa ráðuneytisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Mannvirkjastofnun.

Skýring 35. Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs nam alls 79.348 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 78.554 millj. kr. árið á undan. Hækkun á milli ára nam 794 millj. kr. eða um 1,0%. Vægi fjármagnskostnaðar í gjöldum ríkissjóðs nam 11,9% á árinu 2015

samanborið við 12,2% árið 2014. Heildarfjárheimildir ársins 2015 námu 77.231 millj. kr. þannig að gjöldin voru 2.117 millj. kr. umfram heildarfjárheimildir.

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	%	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Málaflokkar gjalda						
Fjármagnskostnaður	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Gjöld samtals	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Viðfangsefnaflokkun gjalda						
Rekstrarkostnaður	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Rekstrargjöld	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Gjöld samtals	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	11,9	12,2	.	.	11,5	12,7

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting fjárhæð	%	Heildar- fjárheimildir 2015	Fjárlög 2015
Vextir	78.895	78.059	836	1,1	.	.
Innlend lán	60.329	59.639	689	1,2	.	.
Erlend lán	18.566	18.419	147	0,8	.	.
Lántökukostnaður	453	495	-42	-8,5	.	.
Innlend lán	282	266	16	5,9	.	.
Erlend lán	171	229	-58	-25,2	.	.
Fjármagnskostnaður samtals	79.348	78.554	794	1,0	77.231	82.483

Skýring 36. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum

Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins skal færa eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum til eignar á efnahagsreikningi. Ríkisreikningsnefnd skilgreindi tvö frávik frá þeirri meginreglu þar sem kveðið var á um að eignarhlutar yrðu ekki eignfærðir hjá ríkissjóði. Annars vegar snýr það að eignarhlutum í lánastofnunum sem hafa félagslegu hlutverki að gegna. Í ársreikningum slíkra stofnana endurspeglar eiginfjárstaðan ekki það misvægi sem er á milli vaxtakjara á veittum lánum þeirra og skuldum hjá þeim á fullnægjandi hátt. Nefndin setti fram kröfu um

að í ársreikningum þessara stofnana sé jafnframt gerð grein fyrir framtíðarstöðu þeirra. Hins vegar eru eignarhlutir í tryggingasjóðum sem hafa það hlutverk að bæta fyrir eignatjón af völdum náttúruhamfara eða önnur stórtjón, komi til þeirra. Í ársreikningum slíkra sjóða endurspeglast tryggingaráhættan ekki í reikningsskilum þeirra og því álitamál hvernig meta skal eignarhluta ríkissjóðs í þeim.

Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærða eignarhluta A-hluta ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum og stofnunum á árinu 2015.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
Árið 2015					
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	1.491	-	-	-	1.491
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1.376	-	-	-	1.376
Happdrætti Háskóla Íslands	12	-	-	-	12
Íslenskar orkurannsóknir	103	-	-	-	103
Lánastofnanir í C-hluta	19.458	-	-	-	19.458
Byggðastofnun	2.100	-	-	-	2.100
Íbúðalánasjóður	13.000	-	-	-	13.000
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	4.271	-	-	-	4.271
Orkusjóður	87	-	-	-	87
Fjármálastofnanir í D-hluta	64.576	-	-	-	64.576
Seðlabanki Íslands	64.576	-	-	-	64.576
Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum samtals	85.525	-	-	-	85.525
Árið 2014					
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	1.491	-	-	-	1.491
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1.376	-	-	-	1.376
Happdrætti Háskóla Íslands	12	-	-	-	12
Íslenskar orkurannsóknir	103	-	-	-	103
Lánastofnanir í C-hluta	19.458	-	-	-	19.458
Byggðastofnun	2.100	-	-	-	2.100
Íbúðalánasjóður	13.000	-	-	-	13.000
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	4.271	-	-	-	4.271
Orkusjóður	87	-	-	-	87
Fjármálastofnanir í D-hluta	77.576	-	-13.000	-	64.576
Seðlabanki Íslands	77.576	-	-13.000	-	64.576
Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum samtals	98.525	-	-13.000	-	85.525

Yfirlitið sýnir að í árslok 2015 nam bókfærð eign ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum í B-, C- og D-hluta 85.525 millj. kr. Þar af eru eignarhlutar í Seðlabanka Íslands 64.576 millj. kr.,

Íbúðalánasjóði 13.000 millj. kr, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins 4.271 millj. kr. og Byggðastofnun 2.100 millj. kr. óbreytt frá fyrra ári.

Eignarhlutur ríkissjóðs í hlutafélögum og sameignarfélögum er færður á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu þegar visbendingar eru um að raunvirði sé lægra en bókfært verð. Hvað varðar sameignarfélög er bókhaldsleg meðferð hin sama og lýst er

hér að framan um eignarhluta í fyrirtækjum og stofnunum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærða eign ríkissjóðs í hlutafélögum og sameignarfélögum á árinu 2015.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Kaup(+)/ Sala(-) á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok	Eignarhluti í árslok, %
Hlutabréf og eignarhlutar í fyrirtækjum						
Árið 2015						
Félög í E-hluta	236.125	195	-239	-	236.081	.
Eignarhlutir ehf.	1	-	-	-	1	100,0
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ehf.	279	-	-239	-	40	54,0
Isavia ehf.	4.923	-	-	-	4.923	100,0
Íslandspóstur ehf.	1.991	-	-	-	1.991	100,0
Landsbankinn ehf.	146.875	285	-	-	147.160	98,2
Landskerfi bókasafna hf.	85	-	-	-	85	51,0
Landsvirkjun	60.440	-	-	-	60.440	99,9
Matís ehf.	146	-	-	-	146	100,0
Neyðarlínan ehf.	119	-	-	-	119	73,7
Nýr Landspítali ehf.	20	-	-	-	20	100,0
Orkubú Vestfjarða ehf.	4.642	-	-	-	4.642	100,0
Rarik ehf.	14.565	-	-	-	14.565	100,0
Ríkisútvarpið ehf.	329	-	-	-	329	100,0
Sparisjóður Norðurlands ses. ¹⁾	285	-285	-	-	-	-
Sparisjóður Vestmannaeyja ses. ²⁾	-	-	-	-	-	-
Vigdísarholt ehf.	1	-	-	-	1	100,0
Vísindagarðurinn ehf.	85	-	-	-	85	68,2
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	1.000	-	-	-	1.000	94,6
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	20	-	-	-	20	100,0
Öryggisfjarskipti ehf.	262	195	-	-	457	75,0
Eignir stofnana í félögum í E-hluta	57	-	-	-	57	.
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum	19.504	4	-438	-	19.070	
Arion banki hf.	9.862	-	-	-	9.862	13,0
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	229	-	-	-	229	48,1
Endurvinnslan hf.	9	-	-	-	9	17,8
Farice ehf.	2.017	-	-430	-	1.587	30,2
Íslandsbanki hf.	6.332	-	-	-	6.332	5,0
Minjavernd hf.	330	-	-	-	330	38,3
Sparisjóður Austurlands hf.	150	-	-	-	150	49,5
Spólur ehf.	43	-	-	-	43	17,6
Vaðlaheiðargöng hf.	204	-	-	-	204	46,3
VistOrka hf.	33	-	-	-	33	45,6
Annað	2	-	-	-	2	.
Eignir stofnana í öðrum félögum	292	4	-8	-	288	.
Eign í sameignarfélögum og hlutafélögum samtals	255.629	199	-677	-	255.151	.

1) Sparisjóður Norðurlands ses. sameinaðist Landsbankanum hf. á árinu 2015.

2) Sparisjóður Vestmannaeyja ses. sameinaðist Landsbankanum hf. á árinu 2015.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Kaup(+)/ Sala(-) á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok	Eignarhluti í árslok, %
Hlutabréf og eignarhlutar í fyrirtækjum						
Árið 2014						
Félög í E-hluta	237.521	1	-1.397	-	236.125	.
Eignarhlutir ehf.	1	-	-	-	1	100,0
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ehf.	472	-	-192	-	279	54,0
Isavia ehf.	4.923	-	-	-	4.923	100,0
Íslandspóstur ehf.	1.991	-	-	-	1.991	100,0
Landsbankinn hf.	146.875	-	-	-	146.875	97,9
Landskerfi bókasafna hf.	85	-	-	-	85	51,0
Landsvirkjun	60.440	-	-	-	60.440	99,9
Matís ehf.	146	-	-	-	146	100,0
Neyðarlínan ehf.	119	-	-	-	119	73,7
Nýr Landspítali ehf.	20	-	-	-	20	100,0
Orkubú Vestfjarða ehf.	4.642	-	-	-	4.642	100,0
Rarik ehf.	14.565	-	-	-	14.565	100,0
Ríkisútvarpið ehf.	530	-	-201	-	329	100,0
Sparisjóður Bolungarvíkur	393	-393	-	-	-	-
Sparisjóður Norðurlands ses.	317	393	-424	-	285	79,2
Sparisjóður Vestmannaeyja ses.	555	-	-555	-	-	55,3
Vigdísarholt ehf.	-	1	-	-	1	100,0
Vísindagarðurinn ehf.	85	-	-	-	85	76,8
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	1.000	-	-	-	1.000	100,0
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	20	-	-	-	20	100,0
Öryggisfjarskipti ehf.	276	-	-13	-	262	75,0
Eignir stofnana í félögum í E-hluta	68	-	-11	-	57	.
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum	19.772	6	-274	-	19.504	.
Arion banki hf.	9.862	-	-	-	9.862	13,0
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	229	-	-	-	229	48,1
Endurvinnslan hf.	9	-	-	-	9	17,8
Farice ehf.	2.257	-	-240	-	2.017	30,2
Íslandsbanki hf.	6.332	-	-	-	6.332	5,0
Minjavernd hf.	330	-	-	-	330	38,3
Pólyolverksmiðjan ehf.	33	-	-33	-	-	-
Sparisjóður Austurlands hf.	150	-	-	-	150	49,5
Spölur ehf.	43	-	-	-	43	17,6
Vaðlaheiðargöng hf.	204	-	-	-	204	46,3
VistOrka hf.	33	-	-	-	33	45,6
Annað	2	-	-	-	2	.
Eignir stofnana í öðrum félögum	286	6	-1	-	292	.
Eign í sameignarfélögum og hlutfélögum samtals	257.293	7	-1.670	-	255.629	.

Í árslok 2015 nam bókfærð eign ríkissjóðs í sameignar- og hlutfélögum 255.151 millj. kr. samanborið við 255.629 millj. kr. í árslok 2014. Lækkun á milli ára nam 478 millj. kr.

Breytingar á hlutfjáreign fólust í aukningu á hlutfé í Öryggisfjarskiptum ehf. upp á 195 millj. kr. auk niðurfærslu eignarhlutar

ríkissjóðs í tveimur félögum að teknu tilliti til eiginfjárstöðu þeirra í árslok 2015. Ákveðið var að færa eignarhlut ríkissjóðs í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ehf. niður um 239 millj. kr. Þá var eignarhlutur ríkissjóðs í Farice ehf. færður niður um 430 millj. kr.

Skýring 37. Erlent stofnfé

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Endurgreitt á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
Árið 2015					
Alþjóðabankinn (IBRD)	976	118	-	16	1.111
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	5.068	506	-	-	5.574
Endurreisnar- og Þróunarbanki Evrópu (EBRD)	968	-	-	-81	887
Fjölpjóstlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA)	25	-	-	1	25
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	53	-	-	-5	48
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	204	-	-	-17	187
Norrænn þróunarsjóður (NDF)	1.485	29	-	-64	1.450
Norræna Umhverfisþróunarfélagið (NMF)	71	-	-	-6	65
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	602	-	-	-51	552
Þróunarbanki Evrópu (CEB)	174	-	-	-15	160
Eignir stofnana í erlendum félögum	0	-	-	-	0
Erlent stofnfé samtals	9.628	654	-	-222	10.060
Árið 2014					
Alþjóðabankinn (IBRD)	784	112	-	81	976
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	4.864	204	-	-	5.068
Endurreisnar- og Þróunarbanki Evrópu (EBRD)	995	-	-	-27	968
Fjölpjóstlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA)	22	-	-	2	25
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	54	-	-	-1	53
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	210	-	-	-6	204
Norrænn þróunarsjóður (NDF)	1.432	30	-	23	1.485
Norræna Umhverfisþróunarfélagið (NMF)	73	-	-	-2	71
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	619	-	-	-17	602
Þróunarbanki Evrópu (CEB)	179	-	-	-5	174
Eignir stofnana í erlendum félögum	0	-	-	-	0
Erlent stofnfé samtals	9.233	346	-	49	9.628

Lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir að framlög til stofnana og sjóða erlendis, sem eru endurkræf eða fást endurgreidd þegar stofnun eða sjóður er lagður niður, séu færð til eignar á efnahagsreikningi ríkissjóðs. Framlöggin eru almennt í erlendri mynt og er staða þeirra jafnan uppfærð í samræmi við skráð gengi viðkomandi gjaldmiðils í árslok.

Framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) hefur til þessa verið meðhöndlað á þann hátt sem hér er lýst. Hins vegar eru vísbendingar um að hluti framlagsins sé ekki endurkræfur og er í gangi skoðun á reikningshaldslegri meðhöndlun þeirra og mun niðurstaða þeirrar skoðunar geta haft áhrif á bókfært verð á eignfærðum hlut í stofnuninni.

Skýring 38. Veitt löng lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015					
Veitt löng lán	168.301	11.239	-54.707	-963	123.871
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	91.011	9.000	-6.602	1.873	95.282
Ríkisaðilar í D- og E-hluta	16.058	-	-7.750	375	8.683
Sveitarfélög	1.339	148	-87	2	1.401
Fyrirtæki og atvinnuvegir	59.831	2.068	-40.245	-3.212	18.441
Einstaklingar, félög og samtök	61	23	-20	0	64
Lánastofnanir	2	-	-2	-	-
Óbein afskrift veittra langra lána	-23	-	22	-	-1
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	-2	-	0	-	-1
Aðrir	-22	-	22	-	-
Veitt löng lán samtals	168.278	11.239	-54.685	-963	123.870
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	-9.174	-	2.189	-	-6.984
Veitt löng lán, nettó	159.104	11.239	-52.496	-963	116.885
Árið 2014					
Veitt löng lán	163.533	12.953	-7.808	-377	168.301
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	86.164	10.500	-6.579	926	91.011
Ríkisaðilar í D- og E-hluta	16.204	342	-54	-434	16.058
Sveitarfélög	1.415	174	-251	0	1.339
Fyrirtæki og atvinnuvegir	59.664	1.912	-876	-869	59.831
Einstaklingar, félög og samtök	54	24	-17	0	61
Lánastofnanir	30	-	-28	-	2
Aðrir	2	-	-2	-	-
Óbein afskrift veittra langra lána	-72	-	49	-	-23
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	-7	-	5	-	-2
Aðrir	-65	-	44	-	-22
Veitt löng lán samtals	163.461	12.953	-7.759	-377	168.278
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	-7.344	-	-1.830	-	-9.174
Veitt löng lán, nettó	156.117	12.953	-9.589	-377	159.104

Staða veittra langra lána A-hluta ríkissjóðs í árslok 2015 nam alls 123.870 millj. kr. samanborið við 168.278 millj. kr. í ársbyrjun. Lækkun á árinu nam því 44.409 millj. kr. Af veittum lánum í árslok 2015 voru 76,9% til B- og C-hluta aðila, 7,0% til ríkisaðila í D- og E-hluta, 14,9% til fyrirtækja og atvinnuvega og 1,2% til annarra.

Veitt ný löng lán ríkissjóðs námu alls 11.239 millj. kr. á árinu 2015. Lán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 9.000

millj. kr., og til Vaðlaheiðarganga hf. 2.065 millj. kr. Innheimtar afborganir námu alls 54.685 millj. kr., þar af frá Íslandsbanka hf. 19.495 millj.kr., Arionbanka hf. 19.934 millj. kr., Seðlabanka Íslands 7.741 millj.kr. og Lánasjóði íslenskra námsmanna 6.568 millj. kr.

Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum færast meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi í árslok. Áætluð fjárhæð vegna þessa nam 6.984 millj. kr. í árslok 2015.

Skýring 39. Vöru- og efnisbirgðir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Landspítali	748	3	-	751
Önnur sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	185	9	-	193
Vegagerðin	736	-38	-	698
Námsgagnastofnun	180	-180	-	-
Listasafn Íslands	44	-1	-	43
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	32	11	-	43
Landgræðsla ríkisins	47	-12	-	35
Þjóðminjasafn Íslands	27	3	-	31
Landhelgisgæsla Íslands	19	-3	-	17
Aðrir	80	9	-	89
Vöru- og efnisbirgðir samtals	2.098	-198	-	1.900
Árið 2014				
Landspítali	735	14	-	748
Önnur sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	197	-12	-	185
Vegagerðin	719	17	-	736
Námsgagnastofnun	180	-	-	180
Listasafn Íslands	41	3	-	44
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	29	3	-	32
Landgræðsla ríkisins	61	-14	-	47
Þjóðminjasafn Íslands	27	0	-	27
Landhelgisgæsla Íslands	19	0	-	19
Aðrir	82	-3	-	80
Vöru- og efnisbirgðir samtals	2.089	8	-	2.098

Vörukaup ríkisstofnana í A-hluta eru almennt færð til gjalda nema þau séu ætluð til endursölu. Hér er um að ræða vöru- og efnisbirgðir hjá tiltölulega fáum ríkisstofnunum í A-hluta

og eru sveiflur á milli ára jafnan litlar. Uppsafnaðar birgðir Námsgagnastofnunar voru færðar niður að fullu á árinu sem skýrir lækkun birgða milli ára að stærstum hluta.

Skýring 40. Óinnheimtar ríkistekjur

Í millj. kr.	Eftirstöðvar í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Eftirstöðvar í árslok
Árið 2015					
Skatttekjur	91.914	542.730	-532.746	-5.596	96.302
Tryggingagjöld	8.646	79.707	-77.941	-762	9.650
Fjárframlög	8	1.940	-1.940	-	8
Aðrar tekjur	14.599	61.728	-62.742	-4.165	9.419
Sala efnislegra eigna	-	460	-460	-	-
Tekjur af peningalegum eignum	-	-	-	-	-
Tekjur samtals	115.167	686.565	-675.829	-10.523	115.380
Árið 2014					
Skatttekjur	89.173	528.382	-512.633	-13.007	91.914
Tryggingagjöld	8.414	73.432	-72.658	-543	8.646
Fjárframlög	4	2.343	-2.340	-	8
Aðrar tekjur	13.565	82.518	-79.593	-1.891	14.599
Sala efnislegra eigna	-	962	-962	-	-
Tekjur af peningalegum eignum	-	1.256	-1.256	-	-
Tekjur samtals	111.156	688.894	-669.442	-15.441	115.167

Staða óinnheimtra ríkistekna nam 115.380 millj. kr. í árslok 2015 en þær námu 115.167 millj. kr. í árslok 2014. Hækkun á milli ára nam 213 millj. kr. eða um 0,2%. Að raungildi lækkuðu kröfurnar um 1,4%. Skattkröfur vega þyngst í óinnheimtum kröfum ríkissjóðs eða 96.302 millj. kr. í árslok og námu þær 83,5% af kröfunum. Af

einstökum tekjustofnum eru útistandandi kröfur í árslok hæstar í virðisaukaskatti 38.569 millj. kr., tekjuskatti einstaklinga 24.963 millj. kr., tekjuskatti lögaðila 10.181 millj. kr., tryggingagjöldum 9.650 millj. kr. og fjármagnstekjuskatti 14.852 millj. kr. Í skýringu 3 kemur fram ýtarlegri sundurliðun á þessum kröfum.

Skýring 41. Veitt stutt lán og aðrar skammtímakröfur

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Veitt stutt lán	14	1	-	15
Veitt stutt lán	14	1	-	15
Aðrar skammtímakröfur	18.733	3.444	-	22.177
Vörslufé ríkisstofnana	5.358	915	-	6.273
Óinnheimtir reikningar hjá ríkisstofnunum	4.265	1.249	-	5.515
Fyrirframgreiddur kostnaður	2.616	-105	-	2.511
Aðflutningsgjöld af olíuinnflutningi	1.690	-44	-	1.646
Áfallnar, ógjaldfallnar vaxtatekjur	445	3	-	448
Tryggingafé vegna gjaldþrotaskipta	330	-60	-	271
Kröfur vegna launaafgreiðslu	61	-54	-	7
Seðlabanki Íslands	162	-	-	162
Annað	3.805	1.540	-	5.345
Árið 2014				
Veitt stutt lán	-	14	-	14
Veitt stutt lán	-	14	-	14
Aðrar skammtímakröfur	18.113	621	-	18.733
Vörslufé ríkisstofnana	5.274	84	-	5.358
Óinnheimtir reikningar hjá ríkisstofnunum	2.678	1.587	-	4.265
Fyrirframgreiddur kostnaður	2.933	-317	-	2.616
Aðflutningsgjöld af olíuinnflutningi	1.539	151	-	1.690
Áfallnar, ógjaldfallnar vaxtatekjur	551	-106	-	445
Tryggingafé vegna gjaldþrotaskipta	442	-112	-	330
Kröfur vegna launaafgreiðslu	179	-117	-	61
Seðlabanki Íslands	-	162	-	162
Annað	4.517	-712	-	3.805

Veitt stutt lán námu 15 millj. kr. í árslok 2015 en voru 14 millj. kr. í árslok 2014.

Aðrar skammtímakröfur miðast við kröfur til eins árs eða skemmi tíma. Mörkin á milli skammtímakrafna og veittra stuttra lána felast í því að til grundvallar veittu stuttu láni liggur ávallt skuldaviðurkenning með útgefnu skuldabréfi.

Hér falla undir skammtímakröfur ríkissjóðs og ríkisstofnana á aðila utan A-hluta ríkissjóðs ásamt vörslufé hjá ríkisstofnunum. Með vörslufé er átt við fjármuni sem stofnanir ríkissjóðs eru með í vörslu sinni og eru utan við hefðbundinn rekstur og umsýslu stofnunarinnar. Vörslufé telst ekki til handbærs fjár viðkomandi stofnunar heldur er hér um vörslu og umsjón fyrir annan aðila að ræða. Sem mótvægi

við það vörslufé sem er fært hér á eignahlið efnahagsreiknings sem skammtímakröfur er sambærileg fjárhæð færð í skuldahlið sem skammtímaskuldir (skýring 50).

Helstu flokkar vörslufjár eru geymslufé og tryggingar hjá sýslumannsembættum og styrkir til rannsóknaverkefna hjá háskólum og rannsóknastofnunum. Almennt gildir um slíka styrki að innborgað fjármagn er til ráðstöfunar í samræmi við framvindu verkefna.

Staða annarra skammtímakrafna hækkaði úr 18.733 millj. kr. í 22.177 millj. kr. á árinu 2015 eða um 3.444 millj. kr. Af útstandandi kröfum í árslok nam vörslufé ríkisstofnana 6.273 millj. kr., óinnheimtir reikningar ríkisstofnana 5.515 millj. kr. og fyrirframgreiddur kostnaður 2.511 millj. kr.

Skýring 42. Handbært fé, nettó

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Sjóður	19	-1	-	18
Ríkisstofnanir	19	-1	-	18
Bankareikningar, innstæður	524.855	-112.258	-1.968	410.629
Seðlabanki Íslands	155.420	-53.424	-	101.996
Innlendar innlánsstofnanir	7.262	-971	-	6.290
Erlendar innlánsstofnanir og gjaldeyrisreikningar	362.173	-57.863	-1.968	302.342
Sjóður og bankainnstæður samtals	524.874	-112.259	-1.968	410.647
Yfirdráttur bankareikninga	-12.157	-1.099	-	-13.256
Seðlabanki Íslands	-11.980	-1.077	-	-13.057
Innlendar innlánsstofnanir	-177	-22	-	-199
Handbært fé, nettó samtals	512.717	-113.358	-1.968	397.391
Árið 2014				
Sjóður	25	-5	-	19
Ríkisstofnanir	25	-5	-	19
Bankareikningar, innstæður	414.731	91.359	18.765	524.855
Seðlabanki Íslands	98.696	56.724	-	155.420
Innlendar innlánsstofnanir	8.279	-1.018	-	7.262
Erlendar innlánsstofnanir og gjaldeyrisreikningar	307.756	35.653	18.765	362.173
Sjóður og bankainnstæður samtals	414.756	91.354	18.765	524.874
Yfirdráttur bankareikninga	-10.719	-1.438	-	-12.157
Seðlabanki Íslands	-10.566	-1.414	-	-11.980
Innlendar innlánsstofnanir	-153	-23	-	-177
Handbært fé, nettó samtals	404.036	89.916	18.765	512.717

Handbært fé A-hluta að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum nam 397.391 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 512.717 millj. kr. í ársbyrjun, lækkaði um 115.326 millj. kr. Handbært fé skiptist þannig að 18 millj. kr. voru í sjóðum, hrein innstæða í Seðlabanka Íslands nam 88.939 millj. kr., innstæður á innlendum reikningum í öðrum fjármálastofnunum námu 6.091 millj. kr. og á gengisbundnum reikningum voru innstæður alls 302.342 millj. kr.

Handbært fé í árslok 2015 skiptist þannig að eign ríkisstofnana nam 12.199 millj. kr. og ríkissjóðs 385.191 millj. kr.

Handbært fé ríkissjóðs skiptist þannig að hrein staða á almennum viðskiptareikningum í Seðlabanka nam 83.948 millj. kr. og 301.242 millj. kr. voru á gjaldeyrisreikningum þar.

Handbært fé ríkisstofnana skiptist þannig að í sjóðum voru 18 millj. kr., innstæður í Seðlabankanum 4.991 millj. kr., innstæður í innlendum fjármálastofnunum 6.090 millj. kr. á almennum reikningum og 475 millj. kr. á gjaldeyrisreikningum innanlands. Loks voru 626 millj. kr. á reikningum í erlendum innlánsstofnunum.

Skýring 43. Eigið fé

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	-859.600	-869.215
Endurmat	-72.935	-36.789
Breyting annars eigin fjár	-118	-
Tekjujöfnuður	20.038	46.404
Eigið fé í árslok	-912.616	-859.600

Eigið fé ríkissjóðs er uppsafnaður hagnaður eða tap að teknu tilliti til liða sem færðir eru beint á eigið fé. Samkvæmt fjárreiðulögunum ber að gjaldfæra varanlega rekstrarfjármuni jafnóðum í reikningsskilum ríkisins í stað þess að eignfæra þá við kaup og afskrifa síðan í samræmi við líftíma fjármunarins eins og gert er í reikningsskilum fyrirtækja. Þá er endurmat og gengismunur færður beint yfir eigið fé í stað þess að færa yfir rekstrarreikning.

Yfirlitið sýnir að eigið fé ríkissjóðs var neikvætt um 912.616 millj. kr. í árslok 2015 en var neikvætt um 859.600 millj. kr. í árslok 2014. Staðan versnaði því um 53.016 millj. kr. á árinu 2015. Skýrist það annars vegar af 20.038 millj. kr. tekjuafgangi ríkissjóðs og hins vegar 72.935 millj. kr. neikvæðum hreyfingum á endurmatsreikning sem eru vegna færslu verðbóta og gengismunar beint á eigið fé.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Í desember ár hvert eru fjárlög samþykkt sem gefa meðal annars heimild til að skuldbinda ríkissjóð til útgjalda næsta árs. Í fjárlögum ársins 2016 er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána en unnið er að uppgjöri á því verkefni.

Undir lok árs 2015 og í janúar 2016 voru nauðasamningar fallinna fjármálafyrirtækja staðfestir af héraðsdómi sem gera ráð fyrir framlagi þeirra til ríkissjóðs, stöðugleikaframlagi. Áhrif af þessum

nauðasamningum verða veruleg á afkomu ríkissjóðs og koma framlögin til tekna á árunum 2016-2019. Til loka maí 2016 nema framlögin 384 milljörðum króna.

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags

Auk skuldbindinga ríkissjóðs hefur hann gengist í ábyrgð fyrir lántökum ýmissa aðila sem ekki koma fram í efnahagsreikningi. Hér á eftir er gerð grein fyrir ábyrgðum og helstu skuldbindingum ríkissjóðs en óvissa er um hvort þær kunni að falla á ríkissjóð í framtíðinni og hver fjárhæðin þá verður. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim langtímasamningum sem gerðir hafa verið vegna reksturs ríkissjóðs og ná fram yfir fjárlagaárið.

1. Skráðar ríkisábyrgðir

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig skráðar ríkisábyrgðir skiptust eftir lántakendum í árslok 2014 og 2015. Samkvæmt yfirlitinu lækkuðu skráðar ábyrgðir Ríkisábyrgðasjóðs úr 1.212.585 millj. kr. í árslok 2014 í 1.128.831 millj. kr. í árslok 2015. Lækkun á milli ára nam 83.754 millj. kr. eða um 6,9%. Ábyrgðarskuldbinding ríkissjóðs vegna Íbúðalánasjóðs nam 844.130 millj. kr. í árslok 2015 og lækkaði um 36.915 millj. kr. á árinu eða 4,6%. Ábyrgðarskuldbinding ríkissjóðs vegna Landsvirkjunar lækkaði úr 302.586 millj. kr. í árslok 2014 í 257.155 millj. kr. í árslok 2015 eða um 15,0%.

Í millj. kr.	Eftirstöðvar í árslok 2015	Eftirstöðvar í árslok 2014	Breyting fjárhæð	%
Skráðar ríkisábyrgðir ^{1) 3)}				
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir (B- og C-hluti)	855.074	892.234	-37.160	-4,2
Íbúðalánasjóður ²⁾	844.130	881.045	-36.915	-4,2
Bygðastofnun	10.923	11.160	-237	-2,1
Lyfjabúð Háskólans	20	29	-9	-30,1
Sameignar- og hlutafélög (E-hluti)	264.334	310.351	-46.017	-14,8
Landsvirkjun	257.155	302.586	-45.431	-15,0
Isavia ehf.	1.749	2.130	-381	-17,9
Íslandspóstur hf.	633	801	-168	-21,0
Rarik ehf.	1.786	2.075	-289	-13,9
Ríkisútvarpið ehf.	3.011	2.760	251	9,1
Atvinnuvegir	9.423	10.000	-577	-5,8
Farice ehf.	7.214	7.588	-374	-4,9
Norræni fjárfestingarbankinn	2.209	2.411	-202	-8,4
Skráðar ríkisábyrgðir samtals	1.128.831	1.212.585	-83.754	-6,9

1) Staða ríkisábyrgða er sýnd með áföllnum vöxtum og verðbótum í lok hvers tímabils.

2) Tölur fyrir Íbúðalánasjóð sýna verðbréfaútgáfu á nafnverði með áföllnum vöxtum og verðbótum, utan Húsbréfa, sem eru á markaðsvirði. Innifalið í tölum fyrir Íbúðalánasjóð eru Íbúðabréf (HFF bréf) sem frátekin eru vegna samnings við aðalmiðlara.

3) Innstæður í íslenskum bönkum, sem ríkisábyrgðar njóta samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, eru ekki meðtaldar í yfirliti þessu. Skv. yfirliti Seðlabanka Íslands um innstæður innanlands nema þær í lok árs 2015 alls 1.778 ma. kr. Ríkissjóður og ríkisstofnanir eru þar ekki meðtaldar.

2. Ýmsir áhættuliðir

Hér á eftir er gerð grein fyrir ýmsum áhættuliðum og skuldbindingum sem geta mögulega fallið á ríkissjóð. Ljóst er að ekki er um tæmandi yfirlit að ræða enda nánast ómögulegt að sjá fyrir alla mögulega þætti í þessu samhengi. Óvissar skuldir geta verið kostnaður sem getur fallið á ríkissjóð ef tiltekinn atburður á sér stað eða núverandi skuldbindingar sem ekki verða áætlaðar með áreiðanlegum hætti og eru því ekki færðar í reikningsskil. Óvissar skuldir/skuldbindingar samanstanda m.a. af ábyrgðum, bótum, málaferlum og dómkröfum og innkallanlegu fjármagni. Óvissar skuldir sem snúa að ríkinu eru í bland afleiddar af rekstrar- og efnahagsáhættu og eru mjög breytilegar að fjárhæð og líkum á að áhættuþáttur verði að veruleika. Almenn gildir að ef óviss skuld verður að veruleika eða fjárhæð hennar áætluð með áreiðanlegum hætti til að verða færð sem skuld, þá muni það leiða til verri niðurstöðu rekstrar, lækka eigið fé og hækka skuldir ríkissjóðs.

a) Innstæður í fjármálafyrirtækjum

Ríkisstjórn Íslands hefur lýst því yfir að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparissjóðum hér á landi verði tryggðar að fullu. Ábyrgð ríkisins á innstæðum hefur ekki verið lögfest en yfirlýsingin felur í sér skuldbindandi stefnu og vilja stjórnvalda.

b) Seðlabanki Íslands

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands ber ríkissjóði að leggja honum til eigið fé í formi markaðshæfra eigna samkvæmt innköllum

bankans telji bankinn það nauðsynlegt til að uppfylla lágmarkskröfur um innborgað eigið fé. Heildarfjárhæð innkallanlegs eigin fjár í þessu skyni nemur 52.000 millj. kr.

c) Íbúðalánasjóður

Rekstrarniðurstaða ársins 2015 var jákvæð sem nemur 1.827 millj. kr. samanborið við 3.242 millj. kr. hagnað árið á undan. Á árinu 2015 minnkuðu vanskil og frýstingar lánasafnsins í heild úr 10,0% í árslok 2014 í 7,2% í árslok 2015. Rekstrarkostnaður lækkaði milli ára sem m.a. skýrist af fækkun þeirra fullnustueigna sem eru í eigu sjóðsins. Með lækkanði vanskilum og sölu fullnustueigna má gera ráð fyrir batnandi stöðu sjóðsins m.v. síðustu ár. Afkoma sjóðsins til næstu ára er þó m.a. háð uppgreiðslum útistandandi lána og tækifærum sjóðsins til ávöxtunar lausafjár. Verulega hefur dregið úr lánveitingum sjóðsins undanfarin ár og námu þau einungis um 6 milljörðum króna á árinu 2015 en námu alls rúmum 26 milljörðum króna á árinu 2010. Uppgreiðsla sjóðsins nam á síðasta ári um 38 milljörðum króna en nam 20 milljörðum króna árið 2010. Sjóðurinn getur ekki greitt upp skuldir sínar á móti þessum uppgreiðslum og því liggur áhættan í því að fjárfesta þessu lausafé til að ná fram ásættanlegri ávöxtun. En í flestum tilvikum hefur uppgreiðsla lána Íbúðalánasjóðs neikvæð áhrif á vaxtamun sjóðsins og þar með heildarafkomu hans.

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings er 804.274 millj. kr. í árslok 2015. Útlán sjóðsins námu 647.969 millj. kr. og aðrar eignir 156.305 millj. kr. Eigið fé Íbúðalánasjóðs í árslok var 19.838 millj. kr. og eiginfjárhlutfall sjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum

í reglugerð nr. 544/2004 um Íbúðalánasjóð 5,5% samanborið við 4,5% árið á undan. Samkvæmt reglugerðinni skal Íbúðalánasjóður hafa það langtíamarkmið að halda eiginfjárhlutfalli sínu yfir 5%.

Á vegum velferðarráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun á starfsemi sjóðsins sem og heildarendurskoðun á húsnæðismálum. Þær tillögur miða við að verulega verði dregið úr lánveitingum sjóðsins og að þær takmarkist við skilgreiningu á félagslegum verkefnum. Starfsemi hans mun að öðru leyti tengjast í framtíð rannsóknnum á þróun húsnæðismarkaðarins og þörf fyrir byggingu íbúðahúsnæðis. Mikilvægt verkefni framtíðar sjóðsins er úrvinnslan á eignasafni sjóðsins, en að undanfögnu hefur sjóðurinn selt eignasöfn í opnum sölufertum.

d) Lífeyrisskuldbindingar vegna A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (A-deild LSR)

Við tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum eru tvö hugtök jafnan lögð til grundvallar við mat á stöðu þeirra, þ.e. áfallnar skuldbindingar og heildarstaða. Áfallnar skuldbindingar sýna stöðu sjóðsins á viðkomandi uppgjörsdegi og taka mið af iðgjöldum sem þegar hafa verið greidd. Heildarstaðan sýnir hins vegar áætlun sem miðast við að núverandi sjóðfélagar og launagreiðendur greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við þær greiðslur.

Tryggingafræðileg úttekt á A-deild LSR sýndi að heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 57,2 milljarða króna eða um 8,8% í árslok 2015 samanborið við 9,6% í árslok 2014. Áfallin staða sjóðsins, þ.e. eignir umfram áfallnar skuldbindingar, var jákvæð um 11,1 milljarð króna í árslok 2015 en var jákvæð um 4,8 milljarða í árslok 2014 og var það í fyrsta sinn sem áfallin staða var jákvæð.

Þar sem ríkissjóður ber ekki lögum samkvæmt ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum A-deildar LSR á sama hátt og B-deildar eru lífeyrisskuldbindingar vegna A-deildar LSR ekki sýndar í ríkisreikningi. Um lífeyrissjóðinn gilda lög nr. 1/1997 og í 13. gr. laganna greinir að sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera ekki ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum. Ákvæðið kom inn í meðförum Alþingis á frumvarpi því sem varð að lögum nr. 1/1997. Í nefndaráliti kemur fram að breytingin sé gerð til að taka af öll tvímæli um að ábyrgð launagreiðenda gagnvart deildinni takmarkist við iðgjöld þeirra. Á hinn bóginn beri samkvæmt lögnum að miða framlög launagreiðenda við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir skuldbindingum sínum. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir þrátt fyrir að iðgjaldahlutfall launagreiðenda skuli endurskoða árlega.

Í lögum um skyldutryggingu og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, er gert ráð fyrir að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana ef munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10% líkt og hann varð í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og allt til ársins

2013. Með lögum nr. 105/2015, um breytingu á lögum nr. 129/1997, var lífeyrissjóðum heimilað að hafa meira en 15% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga árið 2011 og allt að 13% mun árin 2012, 2013 og 2014. Því kom ekki til þess að breytingar yrðu gerðar á iðgjöldum sjóðsins á þessum tíma þar sem tryggingafræðileg staða A-deildar LSR var innan þeirra marka.

Hins vegar hefur munurinn á milli eignarliða og framtíðar-skuldbindinga sjóðsins við tryggingafræðilega athugun verið meiri en 5% undangengin átta ár en samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI. í lögum nr. 129/1997 var frávik umfram 5% einungis leyft í sjö ár frá árinu 2008. Þar sem tryggingafræðileg staða A-deildar LSR í árslok 2015 er neikvæð um 8,8% fellur hún utan lögbundinna marka, að öllu óbreyttu. Því mun þurfa að grípa til aðgerða vegna þessa á næstu mánuðum.

Neikvæð tryggingafræðileg staða sjóðsins og aðgerðir vegna hennar eru meðal þeirra atriða sem eru til skoðunar í viðræðum ríkisins og aðila vinnumarkaðarins um samræmingu lífeyrisréttinda. Niðurstöður þar gætu haft áhrif á stöðu A-deildar LSR en að óbreyttum lögum ber stjórn sjóðsins, í samræmi við lög nr. 129/1997 og samþykktir LSR, að ákveða breytingar á iðgjaldi sjóðsins frá og með árinu 2017 sem tryggja að tryggingaleg staða hans verði innan þeirra marka sem áskilið er í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

e) Yfirtaka Landsbankans á Spkef sparisjóði

Í samningi sem gerður var milli ríkisins og stjórnar Landsbankans hf. um yfirtöku bankans á Spkef sparisjóði var kveðið á um að næðist ekki samkomulag um verðmæti yfirfærðra eigna yrði skipuð úrskurðarnefnd til að skera úr um endurgjald fyrir yfirtekna skuldir og eignir. Úrskurðarnefndin var skipuð í nóvember 2011 og kvað hún upp úrskurð þann 7. júní 2012. Undir rekstri ágreiningsmálsins fyrir úrskurðarnefndinni urðu aðilar sammála um að taka til hliðar við matið skilgreind innlán, sem verulegur ágreiningur væri um við þriðja aðila, og einnig þau innlán, sem að mati aðila hefðu ekki átt að flytjast til Spkef sparisjóðs frá Sparisjóðnum í Keflavík, skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 21. apríl 2010. Alls nema kröfur Landsbankans vegna þessara mála 770 millj. kr. og er beðið niðurstöðu dómstóla vegna þeirra.

f) Langtímasamningar

Ríkissjóður, ráðuneyti og ríkisstofnanir stofna jafnan til ýmissa samninga sem fela í sér skuldbindingar sem ná fram yfir reikningsárið. Í séryfirliti 16 er gerð grein fyrir slíkum samningum og áætlaðar árlegar greiðslur af þeim árin 2016-2019. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að bæta yfirlitið og afla ítarlegri upplýsinga um slíkar skuldbindingar m.a. við frágang ársreikninga hjá einstökum A-hluta aðilum.

g) Dómsmál á hendur ríkissjóði

Fjöldmörg dómsmál eru höfðuð á hendur íslenska ríkinu á hverju ári. Málin eru af ýmsum gerðum og geta verið mjög eðlis ólík. Sum eru einfaldar bótakröfur vegna einhverra afmarkaðra atvika, en önnur prófmál sem geta haft miklar afleiðingar langt umfram bótakröfur þess máls. Mikil óvissa er um lyktir þessara mála og því ómögulegt að áætla fjárhagslega áhættu ríkissjóðs. Ekkert hefur verið fært vegna þeirra í efnahagsreikning þar sem fjárhæð þessara mála verður ekki áætluð með áreiðanlegum hætti.

Á árinu 2015 féllu dómur sem höfðu töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs. Annars vegar snéru þeir að tollkvótum sem hafði þau áhrif að ríkissjóður þurfti að endurgreiða áður innheimt gjöld. Hinn snéri svo að gjaldi sem innheimt var og rann til Umboðsmanns skuldara og þurfti að endurgreiða. Áhrif þessara tveggja mála á árinu á rekstrarniðurstöðu ársins nam samtals 1.753 millj. kr.

h) Ívilnunar samningar

Ívilnanir til nýfjárfestinga eru veittar ýmist á grundvelli sérлага eða almennra laga til að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðapróun. Fjárfestingarsamningar, sem hafa verið gerðir frá árinu 2012, eru 6 talsins. Í þeim hefur verið samið um 15% tekjuskattshlutfall og að jafnaði helmingi lægra tryggingagjald. Þá er samningsaðilum veittar undanþága frá ákvæðum 34. og 42. gr. laga um tekjuskatt, auk undanþága frá aðflutningsgjöldum af byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis, svo og til reksturs þess. Að auki er í tveimur samningum veitt undanþága frá markaðsgjaldi. Í einu tilviki er aðstoð ríkisins í formi lægra markaðsverðs fyrir lóð í eigu hins opinbera. Að lokum er heimilt að veita þjálfunarstyrkir enda veiti Alþingi til þess sérstaka heimild á fjárlögum. Eftirgjöf ríkisins að núvirði vegna samninganna er áætluð 5.919 milljónir króna, sjá nánari sundurliðun í meðfylgjandi töflu:

Félag	Stærð	Tekju-skattur	Almennt tryggingagjald	Afskrift	Aðflutnings-gjöld	Frestur á VSK	Markaðs-gjald	Annað	Eftirgjöf ríkissjóðs á núvirði (m.kr.)	Þjálfunar styrkur
Matorka	lítið	15%	50% afsl.	100%	Undanþága	Já	Nei	Nei	415	Með fyrirvara
Silicor materials	stórt	15%	50% afsl.	100%	Undanþága	Já	Nei	Nei	3.100	Með fyrirvara
Thorsil	meðal	15%	50% afsl.	100%	Undanþága	já	Nei	Nei	361	Með fyrirvara
PCC SE Bakki	stórt	15%	Undanþága	100%	Undanþága	já	undanþága	Lóð	1.646	Með fyrirvara
United silicon	meðal	15%	50% afsl.	100%	Undanþága	já	Já	Nei	302	Með fyrirvara
Algalif	lítið	18%	50% afsl.	100%	Undanþága	Nei	Nei	Nei	95	Með fyrirvara

Skýring 44. Lífeyrisskuldbindingar

Lögum samkvæmt er ríkissjóður ábyrgur fyrir skuldbindingum B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Ljóst er að lögbundin iðgjöld til þessara sjóða nægja ekki til að mæta áunnum réttindum sjóðfélaga. Í þessu felst að ábyrgð ríkissjóðs takmarkast ekki við lífeyrisskuldbindingar ráðuneyta og ríkisstofnana heldur nær hún einnig til skuldbindinga annarra aðila sem aðild eiga að sjóðunum. Þar falla undir ýmis fyrirtæki, félög og samtök sem hafa fengið samþykka aðild í gegnum tíðina. Nær það meðal annars til ýmissa sjálfseignarstofnana sem eru að stærstum hluta fjármagnaðar með framlögum úr ríkissjóði. Skuldbindingar vegna annarra aðila sem ætla má að tilheyri ríkissjóði eru færðar meðal lífeyrisskuldbindinga A-hlutans. Er þá miðað við að launagreiðendur uppfylli lögbundnar greiðslur sínar til sjóðanna, þ.e. greiðslu iðgjalda og lífeyrishækkana vegna starfsmanna sinna.

Hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs eru skilgreindar sem áfallnar lífeyrisskuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar. Lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða eru reiknaðar út á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna. Í ríkisreikningi hverju sinni miðast lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs við niðurstöður þessara úttekta um áfallnar skuldbindingar viðkomandi lífeyrissjóða í árslok. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar eru innstæður sem ríkissjóður hefur myndað hjá B-deild LSR og LH með sérstökum framlögum allt frá árinu 1998 samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðherra gerði við þessa tvo sjóði. Eftirfarandi yfirlit sýnir lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs árin 2014 og 2015.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuldbindingar á árinu	Greiðslur á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015					
Heildarskuldbindingar	667.441	23.591	-15.213	79.952	755.770
- Fyrirframgreitt upp í skuldbindingar	-231.833	-3.803	1.282	-12.993	-247.347
Hreinar lífeyrisskuldbindingar	435.607	19.788	-13.932	66.959	508.423
Árið 2014					
Heildarskuldbindingar	612.979	12.689	-11.259	53.032	667.441
- Fyrirframgreitt upp í skuldbindingar	-205.244	-4.913	-2.000	-19.676	-231.833
Hreinar lífeyrisskuldbindingar	407.734	7.776	-13.259	33.356	435.607

Yfirlitið sýnir að hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, þ.e. áfallnar lífeyrisskuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í skuldbindingarnar, hækka úr 435.607 millj. kr. í ársbyrjun 2015 í 508.423 millj. kr. í árslok. Hrein staða hækkaði því um 72.816 millj. kr. eða um 16,7% á árinu 2015. Skuldbindingarnar hækkuðu um alls 86.747 millj. kr., þar af færast 19.788 millj. kr. um rekstrarreikning vegna áunninna nýrra réttinda og 66.959 millj. kr. um endurmatreikning á höfuðstól einkum vegna launabreytinga hjá opinberum starfsmönnum.

Fram hefur komið að áfallnar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs fela í sér reiknaðar skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum í árslok 2015 miðaðist meðal annars við eftirtaldar almennar forsendur:

- 2% ávöxtun umfram launahækkarnir.
- Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árunna 2007-2011, þ.e. sömu lífslíkutöflur og miðað var við árið 2014.
- Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur samkvæmt staðli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- Gert er ráð fyrir að hjúskaparstaða lífeyrisþega í árslok 2015 breytist ekki nema við andlát.
- Við mat á framtíðarörorku er miðað við 50% af meðaltali örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða út frá reynslu árunna 1998-2002 en þessar örorkulíkur eru staðlaðar frá og með reikningsárinu 2006.
- Við matið hefur undanfarin ár verið miðað við að virkir sjóðsfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára gamlir hjá LSR en aðrir sem þar eiga réttindi hefji töku hans 65 ára gamlir. Hjá LH miðast eftirlaunaaldurinn við 65 ár hjá sjóðfélögum.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 755.770 millj. kr. í árslok 2015 samanbórið við 667.441 millj. kr. í ársbyrjun, hækkun um 88.329 millj. kr. Nýjar skuldbindingar og endurmat vegna launabreytinga námu 103.542 millj. kr. eða um 15,5%, en á móti greiddi ríkissjóður 15.213 millj. kr. einkum vegna lífeyrishækkana hjá sjóðfélögum.

Hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs á árinu 2015 skýrist í aðalatriðum af eftirtöldum þáttum:

- a) Áunnin ný réttindi nema almennt 2,0% á ári hjá virkum sjóðfélögum.

- b) Ríkissjóður yfirtók lífeyrisskuldbindingar nokkurra hjúkrunarheimila gagnvart B-deild LSR og LH.
- c) Vísitala lífeyrisskuldbindinga hjá opinberum starfsmönnum hækkaði um 11,77% á árinu.
- d) Eiginfjárstaða B-deildar LSR og LH upp í óuppperðar skuldbindingar versnaði á árinu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gróft mat á áhrifum framangreindra þátta á stöðu lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs á árinu 2015.

Í millj. kr.	LSR B-deild	LH	Aðrar lífeyris- skuldbindingar	Heildar- áhrif
1. Áhrif á óuppperðar lífeyrisskuldbindingar	87.487	10.687	3.951	102.125
Vextir 2%, afvöxtun minnkar um 1 ár	11.058	1.455	545	13.058
Yfirteknar skuldbindingar hjúkrunarheimila	382	383	-	765
Aðrar nýjar skuldbindingar á árinu	4.419	140	...	4.559
Launahækkunar o.fl.	71.628	8.709	3.406	83.743
2. Lífeyrisgreiðslur ársins	-31.245	-2.975	-1.073	-35.292
Þar af greitt af lífeyrissjóði	-16.929	-1.763	-	-18.692
Þar af greitt af A-hluta ríkissjóðs	-14.315	-1.212	-1.073	-16.600
3. Hækkun óuppperðra lífeyrisskuldbindinga (1.+2.)	56.243	7.712	2.878	66.833
4. Lækkun eigna lífeyrissjóðs upp í lífeyrisskuldbindingar	20.342	1.151	-	21.494
5. Áhrif á lífeyrisskuldbindingar A-hluta (3.+4.)	76.585	8.865	2.878	88.329

Samkvæmt yfirlitinu nemur hrein hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs, þ.e. hækkun óuppperðra lífeyrisskuldbindinga að frádregnum lífeyrisgreiðslum ársins, samtals 66.833 millj. kr. á árinu 2015. Þar við bætist að eignastaða B-deildar LSR og LH versnaði töluvert á árinu, þar af reiknast hlutdeild ríkissjóðs 21.494 millj. kr. og hækka skuldbindingarnar samsvarandi. Í heild hækkuðu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs því um 88.329 millj. kr. á árinu 2015. Þar vega að sjálfsgöðu langþingst áhrif 11,77% hækkunar á lífeyrisvísitölunni.

Staða á fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í skuldbindingar hækkaði úr 231.833 millj. kr. í ársbyrjun 2015 í 247.347 millj. kr. í árslok. Á árinu 2015 voru úttektir meiri en nam innborgunum eða um 1.282 millj. kr. Annars vegar þurfti að ganga á innstæður ríkissjóðs hjá B-deild LSR um sem nam 2.854 millj. kr. þar sem allar eignir deildarinnar til greiðslu lífeyris höfðu verið

nýttar að fullu í nóvember 2015. Hins vegar námu innborganir 1.573 millj. kr. á árinu 2015, þar af voru 739 millj. kr. vegna viðbótariðgjalda stofnana, 318 millj. kr. framlög sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara og samtals 516 millj. kr. uppsöfnuð viðbótariðgjöld nokkurra hjúkrunarheimila sem fylgdu samningum um yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum þeirra. Innstæður ríkissjóðs hjá B-deild LSR og LH eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs og bera jafnframt vexti í samræmi við hreina raunávöxtun sjóðanna hverju sinni. Á árinu 2015 var raunávöxtun sjóðanna jákvæð, þ. e. um 5,11% hjá LSR og 5,13% hjá LH. Vextir og verðbætur ríkissjóðs af inneign hans hjá sjóðunum tveimur námu alls 16.795 millj. kr. á árinu 2015.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu hreinna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs eftir lífeyrissjóðum árin 2014 og 2015.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuldbindingar á árinu	Greiðslur á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015					
Hreinar lífeyrisskuldbindingar samtals	435.607	19.788	-13.932	66.959	508.423
Þar af fært hjá ríkisstofnunum vegna viðbótarframlags	-	739	-739	-	-
Þar af fært hjá ríkissjóði	435.607	19.049	-13.193	66.959	508.423
Sundurliðun eftir lífeyrissjóðum	435.607	19.788	-13.932	66.959	508.423
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	366.031	17.173	-11.719	57.379	428.865
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	45.213	1.527	-1.069	6.646	52.316
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild	-	36	-36	-	-
Alþingismenn	6.358	-241	-416	736	6.437
Ráðherrar	1.661	12	-193	197	1.678
Embætti forseta, hæstaréttardómara o.fl.	4.110	1.136	-164	551	5.633
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	4.652	72	-298	554	4.981
Eftirlaunasjóður fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	257	-56	-	27	228
Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands	260	-15	-35	30	240
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	7.064	141	-	840	8.045
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	-	2	-2	-	-
Árið 2014					
Hreinar lífeyrisskuldbindingar samtals	407.734	7.776	-13.259	33.356	435.607
Þar af fært hjá ríkisstofnunum vegna viðbótarframlags	-	743	-743	-	-
Þar af fært hjá ríkissjóði	407.734	7.033	-12.515	33.356	435.607
Sundurliðun eftir lífeyrissjóðum	407.734	7.776	-13.259	33.356	435.607
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	342.725	6.394	-10.553	27465	366.031
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	41.063	1.867	-1.579	3.862	45.213
Alþingismenn	6.605	-376	-419	549	6.358
Ráðherrar	1.728	-45	-168	146	1.661
Embætti forseta, hæstaréttardómara o.fl.	4.029	-98	-162	341	4.110
Eftirlaunasjóður fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	4.674	-117	-299	395	4.652
Eftirlaunasjóður fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	266	9	-41	23	257
Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands	261	11	-34	23	260
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	6.384	128	-	552	7.064
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	-	3	-3	-	-

Í skýringu 33 er fjallað um gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs á árinu 2015.

Skýring 45. Tekin löng lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015					
Tekin löng lán eftir lánveitendum	1.466.522	55.064	-213.583	2.823	1.310.826
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	4.551	1.240	0	91	5.881
Ríkisaðilar í D- og E-hluta	144.950	-	-54.950	-	90.000
Lánastofnanir	49.737	9	-3.937	962	46.771
Fyrirtæki og atvinnuvegir	1.119	-	-50	-	1.069
Seld markaðsverðbréf, óskipt	851.973	56.456	-50.521	4.208	862.116
Erlendir aðilar	414.192	-2.641	-104.124	-2.438	304.990
Tekin löng lán eftir gjaldmiðlum					
Innlend lán, löng lán	1.052.329	57.705	-109.459	5.261	1.005.837
Ríkisbréf óverðtryggð	646.009	55.940	-24.871	-	677.078
Ríkisbréf verðtryggð	205.964	516	-25.650	4.208	185.038
Seðlabanki Íslands	144.950	-	-54.950	-	90.000
Önnur innlend	55.407	1.249	-3.988	1.053	53.721
Erlend lán, löng lán	414.192	-2.641	-104.124	-2.438	304.990
Bandaríkjadollar	253.316	-2.641	-65.638	8.450	193.486
Evra	147.720	-	-30.585	-11.099	106.037
Bresk pund	5.786	-	-160	-164	5.462
Svissneskir frankar	5	-	-1	0	5
Pólsk slót	7.366	-	-7.741	375	-
Tekin löng lán samtals	1.466.522	55.064	-213.583	2.823	1.310.826
Næsta árs afborganir af teknum löngum lánum	-63.848	-	-86.327	-	-150.175
Tekin löng lán, nettó	1.402.674	55.064	-299.909	2.823	1.160.652
Árið 2014					
Tekin löng lán eftir lánveitendum	1.437.860	178.113	-171.322	21.871	1.466.522
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	4	4.500	0	47	4.551
Ríkisaðilar í D- og E-hluta	170.950	-	-26.000	-	144.950
Lánastofnanir	53.078	8	-3.890	540	49.737
Fyrirtæki og atvinnuvegir	3.974	3	-2.858	-	1.119
Seld markaðsverðbréf, óskipt	821.018	57.163	-28.287	2.079	851.973
Erlendir aðilar	388.837	116.438	-110.288	19.205	414.192
Tekin löng lán eftir gjaldmiðlum					
Innlend lán, löng lán	1.049.023	61.675	-61.035	2.666	1.052.329
Ríkisbréf óverðtryggð	620.797	51.823	-26.610	-	646.009
Ríkisbréf verðtryggð	200.221	5.341	-1.677	2.079	205.964
Seðlabanki Íslands	170.950	-	-26.000	-	144.950
Önnur innlend	57.056	4.512	-6.747	587	55.407
Erlend lán, löng lán	388.837	116.438	-110.288	19.205	414.192
Bandaríkjadollar	252.451	-	-22.172	23.037	253.316
Evra	122.861	116.438	-87.950	-3.628	147.720
Bresk pund	5.726	-	-164	224	5.786
Svissneskir frankar	0	-	-1	6	5
Pólsk slót	7.800	-	-	-434	7.366
Tekin löng lán samtals	1.437.860	178.113	-171.322	21.871	1.466.522
Næsta árs afborganir af teknum löngum lánum	-56.812	-	-7.036	-	-63.848
Tekin löng lán, nettó	1.381.048	178.113	-178.358	21.871	1.402.674

Ný langtímalán námu 55.064 millj. kr. á árinu 2015 og afborganir 213.583 millj. kr. Afborganir voru því 158.519 millj. kr. umfram lántökur af löngum lánum.

Innlendar lántökur námu 57.705 millj. kr. og afborganir 109.459 millj. kr. Afborganir innanlands voru því 51.754 millj. kr. umfram lántökur. Innlands lánsfjár var að langstærstum hluta aflað með ríkisbréfum eða sem nam 56.456 millj. kr. en afborganir af þeim námu 50.521 millj. kr. Þá námu afborganir af láni ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands 54.950 millj. kr.

Erlend lántaka ríkissjóðs á árinu 2015 var engin en affallareikningur erlendra lána hækkaði um 2.641 millj. kr. vegna uppgreiðslu á erlendum skuldabréfum. Afborganir erlendra lána námu alls 104.124 millj. kr. Þá námu vaxtagreiðslur ríkissjóðs 18.566 millj. kr. af erlendum lánum á árinu 2015.

Langtímaskuldir ríkissjóðs námu 1.310.826 millj. kr. í árslok 2015


samanborið við 1.466.522 millj. kr. í árslok 2014. Lækkun á milli ára nam því 155.695 millj. kr. Afborganir umfram ný lán námu 158.519 millj. kr. og endurmat lána vegna verðlags- og gengisbreytinga til hækkunar nam 2.823 millj. kr.

Staða innlendra skulda til langs tíma nam 1.005.837 millj. kr. eða 76,7% af langtímaskuldum í árslok 2015. Þar af var skuld við Seðlabanka Íslands 90.000 millj. kr., óverðtryggð ríkisbréf 677.078 millj. kr., verðtryggð ríkisbréf 185.038 millj. kr. og önnur innlend lán 53.721 millj. kr.

Erlendar skuldir ríkissjóðs námu 304.990 millj. kr. eða 23,3% af langtímaskuldum í árslok 2015. Samsetning erlendra langtímaskulda var þannig að 63,4% voru í bandaríkjadöllum, 34,8% voru í evrum, og 1,8% í öðrum gjaldmiðlum.

Eftirfarandi mynd sýnir samsetningu skulda ríkissjóðs til langs tíma eftir gjaldmiðlum í árslok 2015.

Tekin löng lán ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum, %



Næsta árs afborganir af teknum löngum lánum eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi í árslok. Áætluð fjárhæð vegna þessa nam 150.175 millj. kr. í árslok 2015 þar af 80.512

millj. kr. vegna innlendra lána, aðallega ríkisbréfa eða 70.034 millj. kr. og 69.663 millj. kr. vegna erlendra lána.

Skýring 46. Krafa á ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Kröfur á ríkistekjur	501	-54	-	447
Árið 2014				
Kröfur á ríkistekjur	435	65	-	501

Krafa á ríkistekjur sýnir markaðar tekjur sem aðilar utan A-hluta ríkissjóðs eiga tilkall til. Markaðar tekjur eru tekjur sem eru lagðar á og innheimtar samkvæmt lögum og skal þeim ráðstafað til ákveðins

málaflokks. Hér er um að ræða tekjur sem ríkissjóður á eftir að skila af sér til aðila utan A-hluta ríkissjóðs og námu þær 447 millj. kr. í árslok 2015, lækkuðu 54 millj. kr. á árinu.

Skýring 47. Ógreidd gjöld (án vaxta)

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Ógreidd niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum	34.127	-34.127	-	-
Ógreitt vegna Landspítala	3.962	-527	-	3.435
Ógreitt vegna heilbrigðis- og sjúkrastofnana	1.283	84	-	1.367
Ógreitt vegna háskóla	533	-107	-	426
Ógreitt vegna kirkjugarðsgjalda, sóknargjalda o.fl.	215	167	-	382
Ógreitt vegna launafrádráttar	1.935	523	-	2.458
Ógreitt vegna vegagerðar	1.463	149	-	1.612
Ógreitt vegna landhelgisgæslu	284	-43	-	241
Ógreitt vegna þróunarmála	484	264	-	748
Ógreitt vegna sjúkratrygginga	1.622	320	-	1.942
Ógreitt vegna atvinnuleysisbóta	135	196	-	331
Ógreitt vegna annarra tryggingabóta	247	96	-	343
Ógreiddar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar	537	-383	-	154
Ógreidd gjöld annarra A-hluta aðila	3.804	2.594	-	6.398
Ógreidd gjöld samtals	50.630	-30.793	-	19.837
Árið 2014				
Ógreidd niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum	-	34.127	-	34.127
Ógreitt vegna Landspítala	3.936	25	-	3.962
Ógreitt vegna heilbrigðis- og sjúkrastofnana	941	342	-	1.283
Ógreitt vegna háskóla	345	188	-	533
Ógreitt vegna kirkjugarðsgjalda, sóknargjalda o.fl.	207	8	-	215
Ógreitt vegna launafrádráttar	1.663	272	-	1.935
Ógreitt vegna vegagerðar	1.531	-68	-	1.463
Ógreitt vegna landhelgisgæslu	218	66	-	284
Ógreitt vegna þróunarmála	553	-68	-	484
Ógreitt vegna sjúkratrygginga	1.361	261	-	1.622
Ógreitt vegna atvinnuleysisbóta	194	-59	-	135
Ógreitt vegna annarra tryggingabóta	339	-91	-	247
Ógreiddar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar	51	486	-	537
Ógreidd gjöld annarra A-hluta aðila	4.684	-880	-	3.804
Ógreidd gjöld samtals	16.023	34.607	-	50.630

Ógreidd gjöld (án vaxta) eru ýmis áfallin gjöld hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum sem koma til greiðslu eftir að uppgjörstímabili lýkur. Staða þeirra lækkaði á árinu 2015 úr 50.630 millj. kr. í 19.837 millj. kr. eða um 30.793 millj. kr. Í uppgjöri ársins 2014 kom til færslu ákvörðun stjórnvalda um framlög vegna niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila. Endanleg ákvörðun um

framkvæmd niðurfærslunnar lá fyrir í desember 2014 og og náðist aðeins að greiða lítinn hluta inn á þessi lán hjá fjármálastofnunum fyrir lok ársins 2014. Ógreiddur hluti niðurfærslunnar sem nam 34.127 millj. kr. í árslok 2014 var að fullu greiddur á fyrstu tveim mánuðum ársins 2015.

Skýring 48. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	28.508	1.201	-	29.709
Árið 2014				
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	26.178	2.330	-	28.508

Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir eru reiknaðir vextir til ársloka 2015 af skuldum ríkissjóðs, sem koma til greiðslu á árinu 2016.

Skýring 49. Tekin stutt lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015					
Ríkisvixlar	25.097	90.307	-86.355	-	29.049
Fyrirtæki og atvinnuvegir	869	-58	-	-	811
Tekin stutt lán samtals	25.966	90.249	-86.355	-	29.860
Árið 2014					
Ríkisvixlar	21.586	62.588	-59.077	-	25.097
Fyrirtæki og atvinnuvegir	-	869	-	-	869
Tekin stutt lán samtals	21.586	63.457	-59.077	-	25.966

Að baki hverju teknu stuttu láni er skuldaviðurkenning í formi útgefins skuldabréfs til eins árs eða skemur.

Hér eru að stærstum hluta um að ræða ríkisvixla og er að meginhluta vixlar til sex mánaða. Útistandandi ríkisvixlar í árslok 2015

námu 29.049 millj. kr., hækkuðu um 3.952 millj. kr. frá ársbyrjun. Sala nýrra ríkisvixla nam 90.307 millj. kr. og innlausn þeirra var 86.355 millj. kr. Önnur stutt lán að fjárhæð 811 millj. kr. eru verktakalán til Vegagerðarinnar.

Skýring 50. Aðrar skammtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Árið 2015				
Skattar, ógjaldfallnir	6.563	1.347	-	7.910
Launaafdráttur	416	-63	-	353
Vörslufé ríkisstofnana	5.358	917	-	6.275
Endurgreiðslur vegna tollkvóta	-	1.250	-	1.250
Annað	7.266	1.875	-	9.141
Aðrar skammtímaskuldir samtals	19.604	5.325	-	24.929
Árið 2014				
Skattar, ógjaldfallnir	6.099	465	-	6.563
Launaafdráttur	395	21	-	416
Vörslufé ríkisstofnana	5.277	81	-	5.358
Íbúðalánasjóður	4.500	-4.500	-	-
Annað	7.033	233	-	7.266
Aðrar skammtímaskuldir samtals	23.304	-3.700	-	19.604

Skammtímaskuldir takmarkast við skuldir til eins árs eða skemur. Mörkin á milli skammtímaskulda og tekinna stuttra lána felast í því að til grundvallar teknu stuttu láni liggur ávallt formleg skuldaviðurkenning með útgefnu skuldabréfi.

Hér falla undir skammtímaskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við aðila utan A-hluta ríkissjóðs. Aðrar skammtímaskuldir námu alls 24.929 millj. kr. í árslok 2015, hækkuðu um 5.325 millj. kr. á

árinu. Staða annarra skammtímaskulda í árslok 2015 skiptist þannig að 11.791 millj. kr. voru hjá ríkissjóði og 13.139 millj. kr. hjá stofnunum.

Hjá A-hluta stofnunum eru skammtímaskuldir hjá Háskóla Íslands 2.026 millj. kr., Lífeyristryggingum 1.557 millj. kr., Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins 946 millj. kr. og Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins 985 millj. kr.

RÍKISREIKNINGUR
2015

fjs



SÉRYFIRLIT
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2015	Fjárlög/ Fjáraukalög 2015	Fjárlög 2015	Innheimtar tekjur 2015	Tekjur 2014
I Skatttekjur og tryggingagjöld	622.438	621.192	599.369	-610.687	601.814
11 Skattar á tekjur og hagnað	230.094	231.400	216.360	-227.158	222.587
111 Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	132.713	128.000	126.700	-126.813	119.377
Tekjuskattur	132.682	128.000	126.700	-126.767	119.374
Sérstakur tekjuskattur	30	-	-	-46	3
112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	58.584	67.200	60.300	-62.931	72.646
Tekjuskattur	52.775	67.200	60.300	-57.118	59.664
Sérstakur fjársýsluskattur	5.809	-	-	-5.813	12.982
113 Skattur á fjármagnstekjur	38.798	36.200	29.360	-37.414	30.564
Skattur á fjármagnstekjur, ríkissjóður	7.122	8.400	5.260	-7.235	7.198
Skattur á fjármagnstekjur, aðrir	31.676	27.800	24.100	-30.179	23.367
12 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	6.638	6.748	6.829	-6.635	6.994
Markaðsgjald	540	551	551	-534	499
Tryggingagjald, lífeyrissjóðir	3.303	3.287	2.978	-3.303	3.072
Fjársýsluskattur	2.794	2.910	3.300	-2.798	3.422
13 Eignarskattar	8.786	8.459	6.999	-9.390	17.455
132 Skattar á hreina eign, reglubundnir	657	700	-	-1.334	10.751
Auðlegðarskattur	659	700	-	-1.336	10.751
Annað	-2	-	-	2	0
133 Erfðafjárskattur	2.919	2.900	2.700	-2.870	2.507
134 Skattar á fjármála- og fjármagnsviðskipti	4.327	4.140	3.580	-4.345	3.485
Stimpilgjald	4.327	4.140	3.580	-4.345	3.485
135 Eignarskattar, óreglubundnir	362	200	200	-347	237
Skipulagsgjald	362	200	200	-347	237
136 Eignarskattar, reglubundnir, ótaldir annars staðar	521	519	519	-494	476
Fasteignamatsgjald	343	342	342	-316	311
Brunabótamatsgjald	178	177	177	-178	165
14 Skattar á vöru og þjónustu	253.860	249.142	242.838	-244.291	231.473
141 Almennir skattar á vöru og þjónustu	182.527	178.500	174.900	-172.737	159.934
Virðisaukaskattur	182.527	178.500	174.900	-172.737	159.934
142 Vörugjöld	56.909	56.798	54.039	-57.278	57.521
Vörugjald, almennt	-219	1.000	-	-1.074	5.560
Vörugjald af ökutækjum	7.224	6.730	5.620	-6.977	5.031
Vörugjöld af bensíni og olíuvörum	4.638	4.530	4.500	-4.638	4.435
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.224	7.310	7.100	-7.284	7.214
Kolefnisgjald	3.274	3.320	3.360	-3.274	3.004
Olíugjald	8.313	8.140	7.700	-8.124	7.516
Vörugjöld af áfengi	13.302	12.800	12.450	-12.774	12.345

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2015	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Fjárlög 2015	Innheimtar tekjur 2015	Tekjur 2014
Vörugjöld af tóbaki	5.874	5.850	5.950	-5.874	5.920
Vörugjöld, umhverfisskattar	3.339	3.055	3.055	-3.349	2.993
Flutningsjöfnunargjöld	371	886	1.038	-371	338
Vörugjöld í landbúnaði	515	501	501	-523	567
Vörugjöld, eftirlitsgjöld	80	71	71	-77	69
Vörugjöld af rafmagni	2.948	2.554	2.644	-2.911	2.495
Ýmis vörugjöld	26	52	52	-27	34
144 Sértækir þjónustuskattar	4.523	4.297	4.267	-4.493	4.265
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	1.641	1.637	1.637	-1.640	1.590
Forvarnargjald	2.084	1.940	1.940	-2.059	2.027
Byggingaröryggisgjald	497	420	420	-497	399
Gistináttaskattur	301	300	270	-298	249
145 Neyslu- og leyfisskattar	9.901	9.548	9.632	-9.782	9.753
Bifreiðagjald	6.551	6.550	6.710	-6.521	6.532
Kílómetragjald	817	770	780	-758	764
Skip, afgreiðslugjöld	383	338	341	-383	375
Skráningargjöld	773	804	758	-745	684
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	171	165	140	-171	263
Leyfis- og vottorðsgjöld	369	264	246	-369	331
Eftirlitsgjöld	478	425	425	-470	437
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	359	232	232	-366	368
15 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	4.989	5.772	5.482	-4.943	6.058
151 Tollar	4.989	5.772	5.482	-4.943	6.058
Tollar, almennir	4.967	5.750	5.460	-4.922	6.027
Aðrir tollar	22	22	22	-21	31
16 Aðrir skattar	38.364	40.628	41.578	-40.329	43.814
161 Skattar á atvinnurekstur	32.477	34.762	35.762	-34.597	37.762
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar	47	45	45	-47	46
Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar	197	195	195	-196	189
Rafveitueftirlitsgjald	237	235	235	-263	251
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	31.914	33.700	34.700	-33.700	36.472
Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	51	496	496	-364	739
Aðrir skattar á atvinnurekstur	31	90	90	-29	66
162 Aðrir skattar ótilgreindir annars staðar	5.887	5.866	5.816	-5.731	6.052
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.908	1.886	1.886	-1.866	1.821
Útvarpsgjald	3.979	3.980	3.930	-3.865	4.231
18 Tryggingagjöld	79.707	79.043	79.283	-77.941	73.432
181 Tryggingagjöld vegna almannatrygginga	79.707	79.043	79.283	-77.941	73.432
Tryggingagjald, almennt, hluti	64.280	63.274	63.522	-62.676	58.042
Atvinnutryggingagjald	14.841	14.958	15.000	-14.673	14.642
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	530	551	551	-532	512
Slysatryggingagjald útgerðarmanna af launum og aflahlut sjómanna	57	260	210	-60	236

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2015	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Fjárlög 2015	Innheimtar tekjur 2015	Tekjur 2014
II Fjárframlög	1.940	1.438	1.398	-1.940	2.343
31 Fjárframlög frá opinberum aðilum, erlendum	30	-	-	-30	54
Styrkir frá Evrópusambandinu vegna aðildarumsóknar Íslands	30	-	-	-30	54
33 Fjárframlög frá hinu opinbera	1.910	1.438	1.398	-1.910	2.290
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	824	835	800	-824	769
Sveitarfélög, viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	318	320	320	-318	310
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðaskólans	13	13	13	-13	13
Umsýsluþóknun vegna tekjustofna vegáætlunar	81	90	85	-81	81
Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómshv.	195	180	180	-195	169
Viðbótariðgjöld hjúkrunarheimila vegna lífeyrisskuldbindinga	479	-	-	-479	946
III Aðrar tekjur	61.728	62.331	52.127	-62.742	82.518
41 Eignatekjur	51.647	52.661	42.494	-52.310	71.762
411 Vaxtatekjur	16.094	16.076	18.205	-13.643	18.598
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	5.478	4.800	5.100	-3.056	8.460
Vextir af skammtímakröfum	4.995	5.072	5.156	-4.995	3.907
Vextir af langtímakröfum	5.621	6.204	7.950	-5.591	6.231
412 Arðgreiðslur	31.067	31.013	16.077	-31.067	44.128
Hluti af tekjum opinberra aðila	3.459	3.416	3.416	-3.459	3.359
Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	27.598	27.597	11.841	-27.598	40.554
Arðgreiðslur af hlutabréfum	11	-	820	-11	215
415 Aðrar eignatekjur	4.487	5.572	8.212	-7.601	9.036
Afgjöld ríkisjarða	80	47	47	-78	78
Lóðarleiga	117	49	11	-118	72
Veidigjöld fyrir veiðiheildir	3.431	4.732	7.410	-6.545	8.121
Fjárframlag Hapdrættis HÍ til Háskóla Íslands	730	730	730	-730	765
Annað	130	14	14	-130	1
42 Sala á vöru og þjónustu	7.836	7.421	7.266	-7.881	7.420
422 Neyslu- og leyfisgjöld	7.836	7.421	7.266	-7.881	7.420
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	4.441	4.414	4.509	-4.441	4.472
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslumanna	866	917	1.042	-866	879
Áhættugjöld	1.389	1.420	1.390	-1.389	1.451
Innritunargjöld	1.389	1.285	1.285	-1.389	1.389
Prófgjöld	46	47	47	-45	45
Vottorðsgjöld	123	59	59	-123	110
Aðgangur að opinberum skrá	628	686	686	-628	599
Neyslu- og leyfisgjöld, eftirlitsgjöld	985	1.013	1.003	-1.031	982
Skoðunargjöld Vinnueftirlits ríkisins	225	220	220	-224	205
Eftirlits- og starfrækslugjöld vegna radiótækni	9	15	15	-9	9
Fisksjúkdómagjald	8	5	5	-8	6

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2015	Fjárlög/ Fjárukalög 2015	Fjárlög 2015	Innheimtar tekjur 2015	Tekjur 2014
Gjald af sláturleyfishöfum	17	10	10	-15	12
Heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum	130	132	132	-160	139
Mengunareftirlitsgjald	34	10	10	-35	27
Eftirlitsgjöld Geislavarna ríkisins	8	10	10	-7	10
Þjónustugjald Lyfjastofnunar	71	-	-	-69	93
Faggildingargjöld Einkaleyfastofunnar	14	18	18	-16	10
Eftirlitsgjald vegna fódurs, áburðar og sáðvöru	35	59	59	-38	36
Markaðsleyfi sér-, samhlíða- og náttúrulyfja	205	280	270	-204	198
Umsýslu- og eftirlitsgjald vegna ársreikninga	29	41	41	-28	28
Eftirlit dýralækna	169	214	214	-186	180
Annað	32	-	-	-32	28
Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis	2.409	1.994	1.755	-2.409	1.966
Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd	346	343	259	-346	268
Göngudeildargjöld	118	130	130	-118	113
Tollafgreiðslugjald	353	310	310	-361	301
Auglýsingar í Lögbirtingablaði	23	19	19	-23	23
Vegabréf	610	520	470	-610	500
Gjald vegna skráningarkerkja ökutækja	81	-	-	-81	57
Öskurteini	105	110	108	-105	103
Þinglýsing	221	200	190	-221	195
Árgjöld vegna framhaldsvottunar vegna flugmála	285	269	176	-273	266
Útgáfa skirteina	23	17	17	-23	21
Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	8	1	1	-8	10
Auglýsingar í Stjórnartíðindum	26	27	27	-25	24
Annað	209	48	48	-216	85
43 Sektor og skaðabætur	2.149	2.204	2.291	-2.455	3.202
Lögreglustjórasektir	1.162	530	540	-667	510
Dómsektir	146	1.043	960	-137	497
Stjórnvaldssektir	1.376	-	-	-1.004	894
Sektir af skatttekjum	-261	589	750	-52	340
Gjald vegna óskoðaðra ökutækja	415	-	-	-388	371
Sektir RSK vegna dráttar á skilum ársreikninga	-708	-	-	-95	449
Aðrar sektir	19	42	41	-112	140
44 Ýmsar tekjur	96	45	75	-96	134
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota	60	45	75	-60	99
Annað	36	-	-	-36	35
IV Sala efnislegra eigna	460	500	800	-460	962
81 Sala fastafjármuna	460	500	800	-460	962
Húsnæði	99	400	400	-99	117
Mannvirki á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll	225	-	-	-225	275
Land og jarðeignir	109	100	100	-109	529
Eignir Jarðasjóðs	27	-	300	-27	42

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2015	Fjárlög/ Fjáráukalög 2015	Fjárlög 2015	Innheimtar tekjur 2015	Tekjur 2014
V Tekjur af peningalegum eignum	-	-	-	-	1.256
92 Hagnaður af sölu hlutabréfa	-	-	-	-	1.256
Hagnaður af sölu hlutabréfa	-	-	-	-	1.256
Tekjur samtals	686.565	685.460	653.693	-675.829	688.894

SÉRYFIRLIT 2. Gjöld ráðuneyta og stofnana

Í millj. kr.	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Breyting		Fjárheimildir 2015	Frávik	
			fjárhæð	%		fjárhæð	%
00 Æðsta stjórn ríkisins	4.452	4.212	240	5,7	4.531	79	1,8
101 Embætti forseta Íslands	244	225	19	8,6	241	-2	-1,0
201 Alþingi	2.920	2.689	231	8,6	2.970	50	1,7
205 Framkvæmdir á Alþingisreit	45	17	28	...	-15	-60	...
212 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna	59	43	16	36,4	61	2	3,2
291 Rannsóknarnefndir Alþingis	0	120	-120	-99,9	-	0	.
301 Ríkisstjórn	312	280	32	11,5	354	42	11,9
401 Hæstiréttur	215	211	4	1,9	208	-8	-3,7
610 Umboðsmaður Alþingis	169	169	0	-0,1	190	21	10,9
620 Ríkisendurskoðun	489	458	30	6,6	523	34	6,6
01 Forsætisráðuneyti	3.235	2.975	260	8,8	3.686	451	12,2
